23	<p>Merki fyrir hvert land komið fyrir aftan á dráttarvélinni, á vinstri aurlíf að aftan. Hætta: Aðeins er hægt að nota samþykkt hluti í sinni rétt stöðu til að draga. Hætta: Allar hlífar tækjabúnaðar verður að hafa á sínum stað meðan á notkun stendur. Aðvörun: Ekki má nota rofann til að hreyfa þriggja-punkta tenginguna á meðan staðið er beint fyrir aftan dráttarvélina.</p> <table border="1" style="width: 100%; border-collapse: collapse;"> <tr> <th style="text-align: center;">▲ DANGER</th> <th style="text-align: center;">▲ DANGER</th> <th style="text-align: center;">▲ WARNING</th> </tr> <tr> <td style="text-align: center;"></td> <td style="text-align: center;"></td> <td style="text-align: center;"></td> </tr> <tr> <td style="font-size: small;">Pull only from approved drawbar or lower links of 3-point linkage at horizontal position or below.</td> <td style="font-size: small;">Rotating driveline contact may cause serious injury or death. Keep all driveline tractor and equipment shields in place during operation.</td> <td style="font-size: small;">Stand clear when using switch to move 3 point hitch.</td> </tr> </table> <table border="1" style="width: 100%; border-collapse: collapse;"> <tr> <th style="text-align: center;">▲ PELIGRO</th> <th style="text-align: center;">▲ PELIGRO</th> <th style="text-align: center;">▲ ATENCIÓN</th> </tr> <tr> <td style="text-align: center;"></td> <td style="text-align: center;"></td> <td style="text-align: center;"></td> </tr> <tr> <td style="font-size: small;">Realice tracción sólo con una barra de tiro o con los brazos inferiores del tripuntal autorizados en posición horizontal o inferior.</td> <td style="font-size: small;">El eje cardánico girando puede causar daños físicos o incluso la muerte. Mantenga el eje cardánico de la TDF y protecciones en posición durante el trabajo.</td> <td style="font-size: small;">Mantenga la distancia de seguridad cuando utilice los botones del elevador.</td> </tr> </table>	▲ DANGER	▲ DANGER	▲ WARNING				Pull only from approved drawbar or lower links of 3-point linkage at horizontal position or below.	Rotating driveline contact may cause serious injury or death. Keep all driveline tractor and equipment shields in place during operation.	Stand clear when using switch to move 3 point hitch.	▲ PELIGRO	▲ PELIGRO	▲ ATENCIÓN				Realice tracción sólo con una barra de tiro o con los brazos inferiores del tripuntal autorizados en posición horizontal o inferior.	El eje cardánico girando puede causar daños físicos o incluso la muerte. Mantenga el eje cardánico de la TDF y protecciones en posición durante el trabajo.	Mantenga la distancia de seguridad cuando utilice los botones del elevador.
▲ DANGER	▲ DANGER	▲ WARNING																	
																			
Pull only from approved drawbar or lower links of 3-point linkage at horizontal position or below.	Rotating driveline contact may cause serious injury or death. Keep all driveline tractor and equipment shields in place during operation.	Stand clear when using switch to move 3 point hitch.																	
▲ PELIGRO	▲ PELIGRO	▲ ATENCIÓN																	
																			
Realice tracción sólo con una barra de tiro o con los brazos inferiores del tripuntal autorizados en posición horizontal o inferior.	El eje cardánico girando puede causar daños físicos o incluso la muerte. Mantenga el eje cardánico de la TDF y protecciones en posición durante el trabajo.	Mantenga la distancia de seguridad cuando utilice los botones del elevador.																	
24	<p>Merki gefur til kynna staðsetningu sjúkrakassa. Komið fyrir á A-stað hægra megin.</p> <div style="text-align: right; margin-top: 20px;">  </div>																		
25	<p>Öryggismerki fyrir hvert land komið fyrir á framhúsinu, við hlið slökkvitækisins.</p> <table style="width: 100%; border: none;"> <tr> <td style="border: 1px solid black; padding: 10px; width: 50%; text-align: center;">  <p style="font-size: large; font-weight: bold;">Brand-släckare</p> </td> <td style="border: 1px solid black; padding: 10px; width: 50%; text-align: center;"> <p style="font-weight: bold; margin: 0;">PULVERSLÄCKARE</p> <p style="font-size: small; margin: 0;">Uppluckra pulvret minst en gång per vecka. Kontrollera att manometern står på grönt.</p> </td> </tr> </table>	 <p style="font-size: large; font-weight: bold;">Brand-släckare</p>	<p style="font-weight: bold; margin: 0;">PULVERSLÄCKARE</p> <p style="font-size: small; margin: 0;">Uppluckra pulvret minst en gång per vecka. Kontrollera att manometern står på grönt.</p>																
 <p style="font-size: large; font-weight: bold;">Brand-släckare</p>	<p style="font-weight: bold; margin: 0;">PULVERSLÄCKARE</p> <p style="font-size: small; margin: 0;">Uppluckra pulvret minst en gång per vecka. Kontrollera att manometern står på grönt.</p>																		

Tafla heldur áfram á næstu síðu

1. Öryggisvarúðarráðstafanir

26	Tilkynning fyrir hvert land varðandi samþykki dráttarvélar. Komið fyrir í stýrishúsinu, á framhúsinu.	
27	Tilkynning fyrir hvert land sem tilvísun fyrir halla yfirborðs. Komið fyrir í stýrishúsinu, á framrúðunni.	
28	Tilkynning fyrir hvert land um hámarksleyfilegt brennisteinsmagn í eldsneytinu sem notað er.	
29	Aðvörðun gegn því að stand of nálægt tengibúnaði að framan sem snýst. Komið fyrir á báðum lyftitjökkum.	
30	Aðvörðun varðandi heita fleti. Komið fyrir fyrir neðan útblástursrörið.	

1.2.3 Öryggi vélbúnaðar viðhaldið

Til að tryggja hámarksöryggi fyrir stjórnandann skal viðhalda öryggi vélbúnaðar dráttarvélarinnar.

Eigandinn ber ábyrgð á því að gera við allar skemmdir eða slit sem kunna að stofna öryggi dráttarvélarinnar í hættu.

- **Stýrishús**

Gæta verður þess að gert sé við skemmdir á stýrishúsi án tafar til að tryggja varnargetu stýrishússins.



VARÚÐ: Ef skemmdir verða á stýrishúsinu skal endurnýja alla skemmda hluti. Reyndu ekki neina viðgerðarvinnu (sjóða, bora, skera eða slípa) án þess að ráðfæra þig fyrst við framleiðandann.

- **Bygging dráttarvélar**

Breyttu ekki byggingu dráttarvélarinnar, svo sem hámarksaksturshraða eða hámarksafli.

Dráttarvélin er tegund sem samþykkt er til að samræmast reglugerðum um byggingu og notkun. Allar breytingar á byggingu dráttarvélarinnar kunna að draga úr öryggi og endingu og hafa áhrif á ábyrgðarskilmála.

- **Hemlar**

- Alltaf skal athuga að hemlar virki áður en ekið er af stað.
 - Eftir að vagn hefur verið tengdur við skal athuga að hemlar virki.
- Læstu hemlafótstígnum saman hvenær sem ekki er þörf á hemlum fyrir einstök hjól og alltaf þegar þú ekur á veginum.
- Umfangsmiklar viðgerðir á hemlakerfinu ætti aðeins viðurkennt Valtra-verkstæði að taka að sér.
- Þegar áhöld eða kjölfestulóð eru sett upp að framan minnkar álagið á afturöxulinn.
 - Gakktu úr skugga um að stýringin sé enn skilvirk.
 - Gakktu úr skugga um að dráttarvélin haldist stöðug og að afturendinn lyftist ekki upp þegar hemlað er.
 - Notaðu viðeigandi kjölfestulóð að aftan eftir þörfum.
 - Farðu ekki yfir hámarksálag á öxla.

- **Hreinsun**



VARÚÐ: Haltu dráttarvélinni hreinni til að minnka hættuna á eldsvoða. Neistar geta til dæmis valdið eldsvoða ef þeir komast í snertingu við þurr hey eða olíublauta fleti á eða í kringum dráttarvélina.

- **Ljós**

- Gakktu úr skugga um að ljós og glitaugu séu hrein og í góðu lagi.
- Gakktu úr skugga um að aðalljósinn sé rétt stillt.

- **Þrep**

Haltu þrepunum hreinum þar sem óhrein þrep kunna að leiða til falls og meiðsla.

- **Hraðtengi**



VARÚÐ: Hreinsaðu hraðtengin og kúlulíðina áður en þú tengir áhald við. Hætta er á að áhaldið sé ekki tengt almennilega við.

- **Viðhald**

- Fylgdu viðhaldsleiðbeiningum og öryggisvarúðarráðstöfunum sem eiga við um dráttarvélina.
- Stöðvaðu hreyfilinn og lækkaðu áhaldið áður en þú framkvæmir viðhaldsvinnu á dráttarvélinni eða áhaldinu.



HÆTTA: Styddu við dráttarvélina frá réttum stuðningspunktum á grindinni og notaðu viðeigandi kubba eða standa þegar framkvæmd eru viðhaldsverk sem útheimta að stutt sé við dráttarvélina.

1.2.4 Öryggisatriði notuð

Dráttarvélin er með nokkur atriði sem stuðla að öryggi stjórnandans.

- **Stýrishjól og öryggishandföng**



VARÚÐ: Haltu í stýrishjólið eða öryggishandföngin í stýrishúsinu ef dráttarvélin veltur. Reyndu aldrei að stökkva út.

- **Öryggisbelti**


Notaðu alltaf öryggisbeltið þegar þú notar dráttarvélin.

- **Neyðarútgangar**

Kynntu þér neyðarútgangana þrjá úr stýrishúsi dráttarvélarinnar, það er, hurðina, afturgluggann og þaklúguna. Ef nauðsyn krefur er hægt að brjóta hægri hliðargluggann og nota hann sem neyðarútgang. Framrúðan er úr pólýkarbónati og ekki er auðvelt að brjóta hana.

Þegar dráttarvélin er búin Skyview-þaki (valkvætt) er engin þaklúga sem hægt væri að nota sem neyðarútgang. Þá er framrúðan gerð úr gleri og hægt að brjóta hana og nota sem neyðarútgang.

• Þaklúga



1. Stefna til að losa lásinn
2. Stefna til að taka tjakkinn af
3. Öryggistákn um að nota neyðarútganginn
4. Gastjakkar með hraðlásum
5. Handfang

- Togaðu sólskyggnið opið.
- Snúðu handfanginu til að aflæsa lúgunni.
- Losaðu læsingu gastjakkanna með því að toga tjakkstengurnar í þá átt sem örin bendir.
- Taktu báða gastjakkana úr hraðlásnum sínum með því að toga í þá átt sem örin bendir.
- Opnaðu lúguna til fulls.



VARÚÐ: Þegar ekið er á ís skal hafa þaklúguna opna.

1. Öryggisvarúðarráðstafanir

- **Neyðarhemill**

Notaðu neyðarhemilinn aðeins í neyðartilfellum ef hemlun með hemlafótstigunum er ekki möguleg.



VARÚÐ: Ekki er hægt að nota það sem neyðarhemil að snúa

kveikjurofanum í stöðuna  (SLÖKKT). Neyðarhemillinn virkar aðeins þegar kveikt er á rafmagninu.



VARÚÐ: Neyðarhemillinn notar stöðuhemilinn sem ekki er hannaður fyrir óslitna notkun. Stöðuhemillinn getur bilað.



VARÚÐ: Ef neyðarhemillinn er notaður við sleipar aðstæður getur það leitt til skrens og missi stjórnar. Slepptu neyðarhemlinum samstundis þegar hættu er á að hjólin læsist. Slepptu neyðarhemlinum aðeins ef þú getur gert það á öruggan hátt.

1.2.5 Öruggnotkun

1.2.5.1 Örugguverklagi við vinnu fylgt

Til að geta notað dráttarvélina á öruggan hátt skaltu fylgja öllum öryggisráðstöfunum og leiðbeiningum.

- Forðastu að aka dráttarvélinni nærri skurðum, hlöðnum görðum og holum.
- Haltu þig frá brekkum sem eru of brattar fyrir örugga notkun.
- Þegar kemísk efni eru notuð skal fylgja nákvæmlega leiðbeiningum framleiðanda um notkun, geymslu og förgun.

Fylgdu einnig leiðbeiningum frá framleiðanda búnaðar til notkunar á kemískum efnum.

- Verndaðu þig gegn hávaða frá hreyfli.

Notaðu heyrnarhlífar til að koma í veg fyrir heyrnarskemmdir þegar þú vinnur fyrir utan stýrishúsið nærri hreyflinum.

- Forðastu kolsýringseitrun.




VARÚÐ: Til að forðast kolsýringseitrun skaltu ekki ræsa hreyfilinn eða hafa hann í gangi innandyra með lokaðar dyr, nema útblæstrinum sé beint út úr húsinu.

- Endurræsing eftir stöðvun hreyfils.


- Ef hreyfillinn hefur drepit á sér, til dæmis vegna þess að um of mikla hleðslu er að ræða, skaltu snúa ræsilyklinum í stöðuna Off.
- Endurræstu hreyfilinn. Fylgstu með gaumljósunum í mælaborðinu.

- Ekki fara undir dráttarvélina.



1. Ratsjá



VARÚÐ: Farðu ekki undir dráttarvélina fyrr en kveikjulykilinum hefur verið snúið í stöðuna  (SLÖKKT). Ef dráttarvélin er búin ratsjá (valkvætt) getur það verið hættuleg fyrir augu þín.

- Tengibúnaður að framan



VARÚÐ: Þegar verið er að tengja tengibúnað að framan við afturloka skal ganga úr skugga um að ekkert álag sé á tengibúnaði að framan eða áhaldi að aftan sem tengt er við sama loka. Álagið á tengibúnað að framan eða áhald á afturloka afhleðst þegar stöng lokunarloka er snúið. Þetta getur valdið því að áhöldin hreyfist skyndilega.



VARÚÐ: Þegar þú ekur á þjóðvegum og ekkert áhald er á tengibúnaði að framan verður að brjóta saman lyftiarmana.

1. Öryggisvarúðarráðstafanir

- Tengibúnaður að framan sem snýst



VARÚÐ: Hætta er á að klemmast á milli tengibúnaðar að framan sem snýst og framhjóra dráttarvélarinnar. Láttu engan standa innan snúningssviðs tengibúnaðar að framan sem snýst.



VARÚÐ: Hætta er á veltu þegar unnið er með þunga byrði, eða á óstöðugu eða hallandi undirlagi eða þegar teknar eru knappar beygjur.



VARÚÐ: Gakktu úr skugga um að tengiarmarnir séu í notkunarstöðu og að hreyfingar svið tengibúnaðar að framan sem snýst sé autt.



VARÚÐ: Tengibúnaðurinn kann að teygjast lengra en hliðar dráttarvélarinnar. Þetta kann að vera hættulegt þegar ekið er í umferð.



VARÚÐ: Þegar tengibúnaði að framan sem snýst er snúið eða ef stýriskerfið bilar kann búnaðurinn að vera hættulegur vegfarendum. Gakktu úr skugga um að engir vegfarendur séu nálægt tengibúnaði að framan sem snýst.



VARÚÐ: Ef þú aftengir vökvakerfið á meðan þú ert að nota tengibúnaðinn að framan sem snýst, verður þú að endurvirkja tengibúnaðinn eftir að hafa endurtengt vökvabúnaðinn.



VARÚÐ: Hægt er að snúa framhjólunum og tengibúnaði að framan sem snýst í gagnstæðar áttir, sem kann að valda hættulegum aðstæðum.

MIKILVÆGT: Þegar ámoksturstæki að framan eru í notkun verður tengibúnaður að framan sem snýst að vera fyrir miðju og í efstu stöðu sinni og lyftiarmarnir verða að vera samanbrotnir í flutningsstöðu.

- Lás á mismunardrifi

Notaðu lásinn á mismunardrifinu einungis þegar farið er um á yfirborði sem er laust í sér eða hált.

- Velta

- Alltaf skal hugleiða hvernig nota á dráttarvélina og þá staðreynd að þyngdarpunktur dráttarvélar/áhaldasamstæðu breytist í samræmi við byrðina sem verið er að flytja eða draga.
- Aðlagaðu hraða dráttarvélarinnar að skyggni, veðurskilyrðum og landslaginu.
- Flyttu ekki byrði í hæstu stöðu. Flyttu hana eins lágt og mögulegt er og haltu dráttarvélinni í jafnvægi með kjölfestulóðunum.
- Ekki skal auka hraðann, hemla, beygja eða sleppa kúplingunni of snögglega þegar ekið er í brekku.
- Ef mögulegt er skal aka þannig að þyngri endi dráttarvélarinnar snúi upp á móti brekkunni.
- Vinnuaðstæður með aukinni hættu á veltu innifela vinnu með ámoksturstækjum að framan, að lyfta þyngri byrði með tengibúnaði að framan eða aftan, vinnu í skógi, sérstaklega með bómu, ásamt því að aka á mjúku, ójöfnu eða hallandi undirlagi.



VARÚÐ: Leiðbeiningar varðandi veltur í þessari handbók eru ekki tæmandi.

- **Vökva/eldsneytisþrýstingur**

Ekki reyna að finna uppruna leka í vökvakerfinu eða reyna að loka á lekann með því að nota einhvern líkamshluta þinn.



VIÐVÖRUN: Olífa/eldsneyti undir miklum þrýstingi fer auðveldlega gegnum fatnað og húð og getur valdið alvarlegum meiðslum.

- **Heitir yfirborðsflatir**



VIÐVÖRUN: Gættu þín á heitum yfirborðsflötum meðan þú starfrækir vélina eða sinnir viðhaldi, sérstaklega í vélinni og í vökvakerfinu.

- **Hitastig hreyfils**

MIKILVÆGT:

Ekki skal kynda kaldan hreyfil. Smurningin er ekki næg ef olían er köld.

Ef þú lætur hreyfilinn ganga þegar olían er köld veldur smurningin, sem ekki er næg, meira sliti. Eftir að þú ræsir hreyfilinn skaltu láta hann hitna í nokkrar mínútur með léttu álagi.

MIKILVÆGT:

Láttu hreyfilinn ekki ganga með miklu álagi þegar hitastig hans er undir 50°C. Láttu hreyfilinn ekki ganga á meira en 2000 s/mín. þegar hitastig hans er undir 50°C.

- **Eldsneytisknúinn hitari**



VARÚÐ: Meðan á hitunartímabilinu stendur skal hreinsa útblástursrör eldsneytisknúna hitarans daglega og umhverfi hans mánaðarlega. Við rykugar aðstæður skal hreinsa oftar. Hætta er á að það kvikni í þurru heyi eða öðrum óhreinindum.



VARÚÐ: Þegar hitarinn er notaður verður svæðið beint undir hitaranum að vera autt.

- **Fallvarnargrind**



HÆTTA: Stýrishúsið er hannað fyrir vörn gegn fallandi hlutum í samræmi við OECD-kóða 10 (orkustig 1362 J). Áður en þú hefur notkun skaltu gæta þess að vörnin sé í samræmi við vinnuaðstæður þínar.

- **Varnargrind fyrir ökumann**



HÆTTA: Ekki er veitt vörn gegn hlutum sem geta rekist inn (engin varnargrind fyrir ökumann) ef glergluggar eru í stýrishúsi dráttarvélarinnar. Veitt er vörn gegn hlutum sem geta rekist inn, í samræmi við ISO 8084 (varnargrind fyrir ökumann er fyrir hendi) ef gluggar í stýrishúsi eru gerðir úr pólýkarbónati, nema stýrishús með útsýni til hliðar (engin varnargrind fyrir ökumann í stýrishúsi með útsýni til hliðar). Áður en þú hefur notkun skaltu gæta þess að vörnin sé í samræmi við vinnuaðstæður þínar.

1. Öryggisvarúðarráðstafanir

- Hættuleg efni EN 15695-1:2009



HÆTTA: Stýrishúsið telst til flokks 2 samkvæmt uppkasti að EN15695-1:2009. Veitt er vörn gegn ryki. Vörn gegn hættulegum efnum (kemískum efnum í landbúnaði, o.s.frv.) er ekki fyrir hendi. Nota verður hlífðarbúnað í samræmi við ráðleggingar framleiðanda kemísku efnanna. Án loftræstingar og með handvirkri loftræstingu verður staða viftuhnúðs að vera 3 eða hærra og loka verður fyrir hringrás. Með sjálfvirkri loftræstingu verður að setja viftuna á hámarkshraða.

- Skógarvinna
 - Þegar unnið er í skógi skal sérstaklega hugað að öryggisatriðum. Sérstök hættu sem tengist vinnu í skógi er hlutir sem falla eða stingast inn og veltur, sérstaklega þegar unnið er með bómu eða vindu sem fest er aftan á dráttarvélina. Fyrir vinnu í skógi er hægt að fá sett af skógarvinnubúnaði sem veitir viðbótarvernd.

1.2.5.2 Farið inn í eða út úr stýrishúsinu

Þegar farið er inn í eða út úr stýrishúsinu skal sýna öryggismálum sérstaka athygli.

- Notaðu alltaf þriggja-punkta snertingu við dráttarvélina og snúðu að henni þegar þú ferð inn og út.
- Notaðu handrið, griphandföng og þrep þegar þú ferð inn og út.
- Notaðu ekki stjórnstengur sem handfestu.
- Stígðu ekki á fótstigin þegar þú ferð upp og niður.
- Leggðu dráttarvélinni vandlega áður en þú ferð út úr stýrishúsinu.
 - Stöðvaðu dráttarvélina.
 - Settu stöðuhemilinn á og gakktu úr skugga um að stöðuhemilstáknið sjáist á mælaborðinu.
 - Ef mögulegt er skaltu stöðva og láta áhöldin síga.
- Reyndu aldrei að fara inn í eða út úr dráttarvél á ferð.
- Stökktu aldrei af dráttarvél.

1.2.5.3 Ekið á þjóðvegum

Þegar ekið er á þjóðvegum skal sýna öryggismálum sérstaka athygli.


- **Áður en ekið er**
 - Athugaðu að dráttarvélina sé örugg til aksturs á veginum.
 - Læstu hemlafótstigunum saman með pinna.
 - Stilltu baksýnispeglana svo að þeir gefi rétt sjónarhorn.
 - Læstu beislisstoppurinum með pinnum þegar þú flytur áhöld sem nota þriggja-punkta tengibúnað.

- Þegar dráttarvélinni er ekið á þjóðvegum



VARÚÐ: Flyttu ekki neitt á lokum viðbótarvökvabúnaðar þegar þú ekur á veginum. Byrðin, stýring vagn tengis og þvíumlíkt verður að vera læst (til dæmis vélrænt).

- Notaðu merkið fyrir hægfara ökutæki aftan á dráttarvélinni ef lög leyfa.



1. Merki fyrir hægfara ökutæki

1.2.5.4 Aksturshraðanum stjórnað

Stilltu aksturshraðann til að hæfa akstursyfirborði, skyggni og hlassi.

MIKILVÆGT: Breyttu ekki hámarksaksturshraða dráttarvélarinnar. Hámarkshraði afturábak er 20 km/klst.

- Forðastu alla skyndilega aukningu eða minnkun (hemlun) á aksturshraða.
- Forðastu krappar beygjur á miklum aksturshraða.



VARÚÐ: Þegar dráttarvélinni er ekið með áfestu áhaldi með þungamiðju langt frá dráttarvélinni kann dráttarvélin að vagga umtalsvert í beygjum. Dráttarvélin kann að velta eða byrðin að skekkjast.

1.2.5.5 Ekið niður í móti

Vertu varkár þegar þú ekur niður í móti.

- Athugaðu hemlana oft á meðan þú ekur niður í móti.
- Skiptu í lægri gír áður en þú ekur niður brattan halla.

MIKILVÆGT: Hemlaðu ekki stöðugt þar sem hemlarnir kunna að ofhitna.

MIKILVÆGT: Láttu hreyfilinn ekki fara á yfirsnúning til að forðast að skemma hreyfilinn.

ATHUGASEMD: Ef hraðinn er of mikill er hraðaaðvörðun sýnd á mælaborðsskjánum og hljóðgjafi fer í gang.

MIKILVÆGT: Tengdu HillHold þegar þú tekur af stað í brekku. Að öðrum kosti rykkist dráttarvélin niður í móti áður en gripið tengist, jafnvel þótt akstursstefnan sé upp í móti.

1.2.5.6 Leyfilegur aksturshalli

Til að tryggja nægilega smurningu fyrir skiptingu og hreyfil er nauðsynlegt að fylgja eftirfarandi hámarksakstursvinklum þegar dráttarvélinni er ekið í brekku.



VARÚÐ: Vinklar fyrir öruggan akstur ættu að vera minni en gefið er upp til að forðast að dráttarvélin velti.

Upp og niður brekku með annaðhvort fram- eða afturenda upp	30°
Á hlið með brekku til hægri eða vinstri	35°
Sameinaðir brekkuvinklar; vinstri eða hægri / upp eða niður brekku	25°/20°
Niður brekku til hægri eða vinstri	35°

Sameiginlegir brekkuvinklar; hægri / upp brekku	30°/25°
Sameiginlegir brekkuvinklar; hægri / niður brekku	30°/20°
Sameiginlegir brekkuvinklar; vinstri / upp brekku	30°/20°
Sameiginlegir brekkuvinklar; vinstri / niður brekku	25°/20°

1.2.5.7 Unnið með áhöldum

Lestu og fylgdu leiðbeiningunum til að forðast óþarfa áhættu þegar unnið er með áhöldum og aukabúnaði.



VARÚÐ: Fylgdu ávallt nákvæmlega þeim leiðbeiningum sem gefnar eru í notandaskjölum fyrir áhaldið. Ekki er leyfilegt að nota áhald án þess að lesa og skilja allar varúðarráðstafanir og reglur.



VARÚÐ: Áður en farið er á milli dráttarvélarinnar og áhaldsins skal koma í veg fyrir að dráttarvélin hreyfist með því að setja stöðuhemilinn á eða skorða hjólin. Hætta er á slysum ef dráttarvélin eða áhaldið hreyfist.



VARÚÐ: Þegar þú tengir áhald við skaltu ganga úr skugga um að það læsist þétt og rétt og að lásinn haldi.



VARÚÐ: Áhöld sem tengd eru við tengibúnaðinn eða viðbótarvökvakerfið verður að lækka til jarðar þegar lagt er og meðan á viðhaldi stendur.



VARÚÐ: Þegar áhaldi er komið fyrir getur loft í vökvaslöngunum og tjökkunum valdið óstöðugri notkun. Láttu hreyfilinn ganga á litlum hraða og hreyfðu stýripinnann hægt til að hreinsa allt loft úr vökvakerfinu.



VARÚÐ: Þegar áhald er sett á skal gæta þess að hendur og fætur séu fjarri hreyfanlegum hlutum. Notaðu ekki fingurna til að athuga samstillingu gata eða pinna. Notaðu úrrek eða stálstöng.



VARÚÐ: Þegar áhaldið er aftengt getur það fallið niður á við.

MIKILVÆGT: Þegar eftirvagn eða áhald eru fest skal ekki fara yfir hámarksþyngd á afturöxli.

- Gerðu ráð fyrir nægilegu bili til að snúa.



Þriggja punkta áhöld og hliðaráhöld þurfa á mun stærri beygjuradius að halda en búnaður, sem dreginn er. Notaðu einungis aukabúnað og áhöld sem Valtra hefur samþykkt.

- Kynntu þér vinnusvæðið og landslagið.

Gættu sérstaklega að lóðréttu bili og takmörkunum vegna aukinnar seilingar.



VARÚÐ: Notaðu einungis samþykkt dráttarveisli til að draga. Ef tengt er við aðra staði og síðan dregið kann að valda því að dráttarvélin velti.



1.2.5.8 Ekið með áhöld eða vélar knúnar með aflúttaki

Lestu og fylgdu uppgefnum leiðbeiningum til að nota áhöld og vélar knúnar með aflúttaki á öruggan hátt.



HÆTTA: Alvarleg slys geta orðið vegna misbrests á að nota fyrirskipað öryggistæki.

- Notaðu fyrirskipaðan öryggisbúnað og tryggðu að hann sé í góðu ásigkomulagi.

1. Öryggisvarúðarráðstafanir

- Fylgdu leiðbeiningunum sem framleiðandi áhalds eða vélar gefur.

1.2.5.9 Kjölfestulóð notuð

Notaðu kjölfestulóð í samræmi við leiðbeiningarnar þegar þörf er á.



VARÚÐ: Þegar ekið er á veginum verður að minnsta kosti 20% af brúttóþyngd dráttarvélarinnar að vera á framöxlinum. Þegar áhaldi er lyft minnkar þyngdin á framenda dráttarvélarinnar og stýringargeta minnkar eða jafnvel hverfur.

MIKILVÆGT: Þegar saltvökvi er notaður sem kjölfesta í hjólunum ber framleiðandinn ekki ábyrgð á skemmdum af völdum saltsins.

- Notaðu nægileg kjölfestulóð.
- Festu kjölfestulóð einungis á þeim stöðum sem til þess eru ætlaðir.

1.2.5.10 Dráttur

Lestu og fylgdu uppgefnum leiðbeiningum til að draga vagn eða áhald á öruggan hátt.



VARÚÐ: Þegar dráttarvél dregur vagn verða hemlafótstigin að vera læst saman. Ekki á að nota hemlana hvorn um sig til að stýra.



VARÚÐ: Þegar þú notar vagn skaltu ganga úr skugga um að krækjuklinkan sé læst.



VARÚÐ: Þegar þú notar vagn skaltu alltaf nota vagnhemlana ef þess er krafist í lögum. Mælt er með að nota vagnhemla á 50 km/klst. gerðunum, einnig í löndum þar sem þess er ekki krafist í lögum.



VARÚÐ: Vertu viss um að enginn standi á milli dráttarvélarinnar og áhaldsins.

MIKILVÆGT: Þegar eftirvagn eða áhald eru tengd við skal ekki fara umfram hámarksþyngd á afturöxli eða hámarksálag á tegund hjólbarða eða afturöxul.

- Tengdu vagninn við dráttarveislið með samþykktu vagn tengi.
- Láttu dráttarveisli með byrði alltaf síga með vökvallyftunni.
- Athugaðu að vagnhemlunum sé beitt rétt og hlýddu öllum sérstökum leiðbeiningum sem framleiðandi vagnsins gefur út.

- Festu byrðina almennilega á vagninum.



VARÚÐ: Á dráttarvélum með vagn verður byrðin að vera almennileg fest. Byrðin má ekki hindra útsýni stjórnandans né hylja ljós og glitaugu. Byrðar sem standa meira en einn metra aftur af ökutækinu verða að vera merktar á viðeigandi hátt. Í dagsbirtu ætti það að vera gert með veifu og með rauðu ljósi og glitaugum í myrkri.

1.2.5.11 Persónulegt öryggi annars fólks tryggt

Forðastu hættu fyrir annað fólk þegar þú notar dráttarvélin.



HÆTTA: Hleyptu ekki börnum inn í stýrishúsið eða nálægt dráttarvélinni eða viðtengdu áhaldi á meðan hreyfillinn er í gangi.



HÆTTA: Ef hreyfill dráttarvélarinnar er í gangi skal ekki skilja neinn eftir í stýrishúsinu án eftirlits, þar sem auðvelt er að beita þrýstihöppunum. Settu alltaf stöðuhemilinn á.

- Stöðvaðu hreyfilinn og láttu áhaldið síga til jarðar þegar þú yfirgefur dráttarvélin.
- Láttu farþega ekki ferðast í dráttarvélinni nema til staðar sé sérstakt sæti. Aðrir fólksflutningar, til dæmis á ámoksturstækjum að framan, eru ekki leyfilegir.
- Láttu farþega ekki ferðast á pallinum inni í dráttarvélinni.
- Lánaðu dráttarvélin aldrei til manneskju sem ekki er vön að aka henni.



HÆTTA: Þú kannt að verða látinn bera ábyrgð á slysum sem af því hljóttast.

- Leyfðu ekki börnum eða óþjálfuðu fólki eða réttindalausum að nota dráttarvélin þína.

Þau gætu slasað sig eða einhvern annan.

1.2.5.12 Eldhætta



VARÚÐ: Opinn eldur, reykingar og neistar eru bönnuð nálægt eldsneytiskerfinu og rafgeymunum. Sérstaklega þegar rafgeymar eru hlaðnir, en þá eru sprengifimar lofttegundir til staðar.

Aðalrofi rafgeymisins er með neyðarhnapp fyrir aðalrafmagn til að aftengja rafgeyminn samstundis ef nauðsyn krefur. Rauðlitaði hnappurinn er staðsettur fyrir neðan öryggja- og rafliðaspjaldið á hægri bretti. Neyðarlokunina er aðeins hægt að framkvæma þegar kveikjulyklinum er snúið í stöðuna Off.

Notkun neyðarhnappsins fyrir aðalrafmagn veldur skefjalausri aftengingu rafgeymis. Til dæmis eru karbamíð-leiðslur AdBlue ekki almennilega tæmdar og vinnugögn rafmagnsstjórneiningar hafa ekki verið vistuð eins og ætlast er til.

1.2.5.13 Meðhöndlun viton-pakkninga sem orðið hafa fyrir miklum hita

Við hitastig yfir 300°C mynda viton-pakkningar hreyfilsins mjög tærandi flússýru.

- **Snertu ekki viton-pakkningar sem orðið hafa fyrir miklum hita með berum höndunum.**

Notaðu slitsterka hanska eða úr gervigúmmíi og öryggisgleraugu þegar þú ert að afmenga.

- Þvoðu pakkningar og menguð svæði með 10% kalsíumhýdroxíði eða annarri basalausn.
- Settu allt fjarlægt efni í innsiglaða plastpoka og skilaðu þeim á þann stað sem viðkomandi yfirvöld benda á.



VARÚÐ: Brenndu aldrei viton-þétti.

1.2.5.14 Eftirmeðferðarkerfi

SCR-eftirmeðferðarkerfið (Sértæk afoxun með hvötum) inniheldur kopar-geislastein. Kopar-geislasteinn er ekki flokkaður sem hættulegur.

SCR-eftirmeðferðarkerfið er sett upp í hljóðkútnum. Kerfið er ekki hættulegt heilsu við eðlilega notkun og meðhöndlun.

Þegar SCR-eftirmeðferðarkerfið er meðhöndlað á þann hátt að það sé hætta á berskjöldun gagnvart dufti verður að grípa til varúðarráðstafana. Slík vinna inniheldur til dæmis opnun eftirmeðferðarkerfisins, vinnslu og förgun eftirmeðferðarkerfisins.

Öryggisleiðbeiningar fyrir vinnu sem snertir SCR-eftirmeðferðarkerfið

- Innöndun: Ef dufti er andað inn verður að færa manneskjuna í ferskt loft. Ef umtalsverðu magni af dufti hefur verið andað inn skal leita læknishjálpar.
- Snerting við augu: Skolaðu augun með vatni í 15 mínútur og haltu augnlokunum opnum. Ef erting heldur áfram skal leita læknishjálpar.
- Snerting við húð: Þvo með sápu og vatni. Fara úr menguðum fatnaði.
- Kynging: Ef þú kyngir miklu magni skal skola munn og síðan drekka mikið vatn.

Hætta fyrir umhverfið

Kopar/geislasteinn er ekki ákaflega skaðlegt vatnalífverum. Varan hefur ekki verið prófuð.

Varúðarráðstafanir til að vernda umhverfið

Safna verður öllu dufti og því sem fer niður í ílát til endurvinnslu, eða farga því í samræmi við staðbundnar reglugerðir. Notaðir efnahvatar kunna að hafa öðruvísi hættulega eiginleika en upprunalega varan.

Þegar SCR-eftirmeðferðarkerfi er ekki lengur í notkun verður að farga því í samræmi við viðeigandi ESB-reglugerðir, landslög, eða staðbundnar reglugerðir.

1.2.5.15 Viðgerðir og viðhald

Meðan á viðgerðar- og viðhaldsvinnu stendur verður að fylgja öllum viðeigandi öryggisvarúðarráðstöfunum og viðhaldsleiðbeiningum. Stöðva verður hreyfilinn og lækka áhöldin áður en viðhaldsvinna er unnin.

Stuðningur

Ef viðhaldsvinnan útheimtir stuðning við dráttarvélina verður sá stuðningur að vera hentugur og styðja þarf við dráttarvélina frá réttum stuðningsstöðum. Þegar dráttarvélina er rifin í sundur verður að hafa í huga stuðningsstaði og þyngdarpunkt hvers grindarhluta.

Þungir hlutir

Nota verður verkfæri og lyftibúnað á réttan hátt. Lyftistroffur ættu að vera í lóðréttri stöðu og hækkun og lækkun ætti að vera lóðrétt eins oft og mögulegt er.

Efni

Klæðast þarf viðeigandi hlífum þegar eitruð eða skaðleg efni eins og eldsneyti, olía, feiti eða vökvar eru meðhöndluð. Við og eftir slíka viðhaldsvinnu verður að hylja eða hreinsa vandlega alla hluti og búnað sem þetta snertir. Farga verður umframefnum á réttan hátt.

Þrýstingur

Ekki ætti að opna rásir undir þrýstingi strax eftir að hreyfillinn hefur stöðvast. Hættulegt getur verið að opna rásir undir þrýstingi ef þrýstingurinn er ekki losaður varlega fyrst.

Rafkerfi

Slökkva verður á aðalrafmagni áður en rafgeymirinn er aftengdur eða tengdur aftur. Tengja verður og aftengja rafgeymakaplana í réttri röð og með réttri skautun.

MIKILVÆGT: Eftir viðhaldsvinnu verða allar endurnýjanir á hlutum með öryggismerki á sér einnig að bera nýja öryggismerkið.

2 Mælar og stjórnæki


2.1 Læsingarkerfi með einum lykli

Einn lykill er til að læsa og aflæsa öllum læsingarbúnaði dráttarvélarinnar.

- Kveikjurofi
- Lás á hurðarhandfangi
- Lás á loki eldsneytistanks
- Lás á loki AdBlue-tanks
- Lás hreyfilhlífar.


Hægt er að fá nýjan lykil hjá söluaðila ef hann tapast eða skemmist.

2.2 Fótstig




1. Kúplingarfótstig
2. Læsifótstig fyrir hallastillingu stýrishjóls
3. Klinka fyrir hemlafótstig
4. Hemlafótstig
5. Akstursfótstig

2.3 Mælaborð



1. Stýrishjól
2. Fjölverk stöng
3. Proline-mælaborð
4. Skjár á A-stoð
5. Vendigírsstöng
6. Þrýstihnappur fyrir for-forritun
7. Stöng fyrir stillingu á stöðu stýrishjóls
8. Stjórnborð fyrir skjá á A-stoð og Proline
9. Birtudeyfir ljósa í mælaborði
10. Rofi fyrir hættuljós
11. Þrýstingmælir (valkvætt)
12. Borð eldsneytisknúins hitara (valkvætt)
13. Rafmagnsinnstunga (valkvætt)
14. 3-pinna strauminnstunga (valkvætt)
15. Kveikt/slökkt þrýstihnappur fyrir eldsneytisknúinn hitara (valkvætt)
16. Rofi fyrir aðalrafmagn/kveikju
17. Ljósarofi

2.4 Stjórnborð fyrir skjá á A-stoð og Proline




1. Proline-mælaborðsval
2. Ör upp
3. Val fyrir skjá á A-stoð
4. Til baka
5. Ör niður
6. STILLA / val

ATHUGASEMD: Þegar farið er til baka í valmynd vals er valið sjálfkrafa vistað.

Þegar kveikt er á rafmagni stjórnar stjórnborðið sjálfgefið Proline-mælaborðinu.


2.5 Proline-mælaborð

Þú getur fengið upplýsingar frá mælunum, snúningshraðamæli, hraðamæli og gaumljósum.



1. Eldsneytismælir
2. Hitamælir kælivökva
3. Gaumljós fyrir stefnuljós
4. Snúningshraðamælir
5. Hraðamælir
6. Gaumljós fyrir háa geislann
7. Proline-mælaborðsskjár

Eldsneytismælirinn sýnir það magn eldsneytis sem eftir er í tankinum.





Hitamælir kælivökva gefur til kynna hitastig hreyfils. Svæðið á milli blátt (kalt) og rautt (heitt) er eðlilegt vinnuhitastig.

2.5.1 Tákn á Proline-mælaborðsskjá


Proline-mælaborðsskjárinn er með fasta hluti í notandasýn og aðra sem stjórnandinn getur valið.

Föst tákn í notandasýn


Fasta notandasýnin eru aðgerðirnar tvær sem sýndar eru í neðstu línu skjásins:

Tákn	Aðgerð
	Vinnustundir (hhhh.h)
	Klukka (hh:mm)

Táknið fyrir reglubundið viðhald logar í miðröðinni á skjánum þegar framkvæma þarf reglubundna þjónustu á dráttarvélinni.

Tákn	Aðgerð
	Reglubundið viðhald

Aðvörðunin birtist á skjánum þegar staða AdBlue er of lág.


Tákn	Aðgerð
	Aðvörðun um stöðu AdBlue











Veljanleg tákn í notandasýn

Veljanlega notandasýnin eru aðgerðirnar sem sýndar eru í efstu og miðlínu skjásins:


Tákn	Aðgerð
	Vinnutími (h:mm)
	Hleðsla rafgeymis (V)
	Skriðstillir <ul style="list-style-type: none"> RPM = Snúningshraði hreyfils KMH = ekki í notkun
km/klst. / míl/klst.	Aksturshraði (km/klst. / míl/klst.)
	Hjólaskrik (%; 0-100)
	Hraði aflúttaks að aftan (PTO) með völdu hraðasviði (s/mín)
	Hraði aflúttaks að framan (s/mín.)
	Snúningshraði hreyfils (s/mín)
	Núverandi eldsneytisnotkun (hektari, ekra)
	Meðaltals eldsneytisnotkun (hektari, ekra)
	Núverandi eldsneytisnotkun
	Meðaltals eldsneytisnotkun
	Eldsneytisnotkun
AC_R	Staða beislisarms (%; 0-100)
	Hitastig girkassa (C/F)
	Akstursvegalegd (m/km/míkur) Ferningssvæði (hektari)
ENDURSTILLA	Teljarar endurstilltir

2.5.2 Gaumljós vinstra megin á skjánum






Gaumljós	Vísun
	<p>Gaumljós fyrir stefnuljós ökutækjasamstæðu með tveimur vögnum. Merkjalyjósið blikkar þegar tveir vagnar eru tengdir við dráttarvélina, eða einn vagn með tvöföldum ljósum. Ef pera er farin í vagnasamstæðunni logar ljósið ekki.</p> <p>Þegar kveikt er á hættuljósunum blikkar merkjaljósið ef fjögur stefnuljós blikka á vagnasamstæðunni.</p> <p>Ef gaumljós fyrir stefnuljós logar meðan á fyrstu tveimur blikkunum stendur er bilun í rafliða stefnuvísa og það verður að kvarða hann. Hafðu samband við viðurkennt Valtra-verkstæði.</p>
	<p>Gaumljós fyrir stefnuljós ökutækjasamstæðu með einum vagni sem er með eitt ljósapar. Merkjalyjósið blikkar þegar einn vagn er tengdur við dráttarvélina.</p> <p>Þegar kveikt er á hættuljósunum blikkar merkjaljósið ef tvö eða þrjú stefnuljós blikka á vagninum.</p> <p>Ef gaumljós fyrir stefnuljós logar meðan á fyrstu tveimur blikkunum stendur er bilun í rafliða stefnuvísa og það verður að kvarða hann. Hafðu samband við viðurkennt Valtra-verkstæði.</p>
	<p>Gaumljós fyrir bilun eða truflun í útblásturskerfi hreyfils.</p> <p>Ljósið logar þegar AdBlue/DEF-tankurinn er tómur eða bilun kemur upp í SCR-kerfinu. Ef ekki er fyllt á AdBlue/DEF eða bilunin er til staðar byrjar ljósið eftir ákveðinn tíma að leiftra þangað til leyst hefur verið úr villunni. Snúningsvægi hreyfils og snúningshraði eru minnkuð til að forðast óhóflega útblásturslosun hreyfils.</p>
	<p>Gaumljós fyrir stíflun í lofthreinsara hreyfils.</p> <p>Ljósið logar þegar hreyfillinn er í gangi og hljóðgjafi hljómar einu sinni til að gefa til kynna að loftsía hreyfils sé stífluð og þurfi á þjónustu að halda.</p>
	<p>Ljós fyrir olíuþrýsting hreyfils.</p> <p>Ljósið logar þegar hreyfillinn er í gangi, hljóðgjafi hljómar óslitið og STOP-gaumljósið leiftrar til að gefa til kynna að olíuþrýstingur sé of lágur.</p>
	<p>Σ-gaumljós (valkvætt á gerðum N134, N154E).</p> <p>Ljósið logar óslitið (gult) þegar unnið er með dráttarvélinni á hærra kraftsviði og aflúttak er notað.</p>
	<p>Gaumljós fyrir glóðarkerti.</p> <p>Ljósið (gult) logar þegar kveikjulykillinn er í stöðunni II og hreyfillinn er kaldur.</p>
	<p>Gaumljós stöðuhemils</p> <ul style="list-style-type: none"> • Ljósið (rautt) logar til að gefa til kynna að stöðuhemillinn hafi tengst. • Ljósið blikkar þegar stöðuhemillinn er að tengjast eða aftengjast. • Ef ljósið blikkar og hljóðgjafinn hljómar óslitið þegar er bilun í stöðuhemlinum.
	<p>Gaumljós fyrir lága eldsneytisstöðu</p> <p>Ljósið logar (gult) og hljóðgjafi hljómar einu sinni til að gefa til kynna að eldsneytisstaða sé lág. Ljósið blikkar ef vatn er í eldsneytinu.</p>
	<p>Gaumljós fyrir hleðslu rafgeymis</p> <p>Ljósið logar og hljóðgjafi hljómar einu sinni þegar hleðsla rafgeymis er ekki samfelld.</p> <p>MIKILVÆGT:</p> <p>Laga verður hleðslubilun samstundis. Þegar dregið er úr spennu kunna rafmagnslokarnir að draga úr olíuþrýstingi fyrir fjöldiskakúplingarnar og valda kúplingarsnuði sem kann að skemma kúplingardiskana.</p>

2.5.3 Gaumljós hægra megin á skjánum




Gaumljós	Vísun
	<p>STOP-gaumljós (rautt).</p> <p>Ljósíð leiftrar til að gefa til kynna alvarlega bilun.</p> <p>Mögulegar ástæður:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Olíuþrýstingur hreyfils of lágur • Hitastig hreyfils of hátt (mælir) • Olíuþrýstingur girkassa of lágur • Hitastig olíu á girkassa of hátt • Hitastig vökvakerfisolíu of hátt • Staða vökvakerfisolíu of lág <p>MIKILVÆGT:</p> <p>Ef STOP-ljósíð byrjar að leiftra skaltu samstundis stöðva dráttarvélinu og hreyfilinn. Þú getur aðeins haldið áfram að aka í neyðartíðni, til dæmis til að færa dráttarvélinu út á vegöxlina.</p>
	<p>Ljós fyrir olíuþrýsting á girkassa.</p> <p>Ljósíð logar og STOP-gaumljósíð leiftrar til að gefa til kynna að olíuþrýstingur á girkassa sé of lágur.</p>
	<p>Ljós fyrir hitastig olíu á girkassa.</p> <p>Ljósíð logar og STOP-gaumljósíð leiftrar til að gefa til kynna að hitastig olíu á girkassa sé of hátt.</p> <p>Hægt er að sýna hitastig olíu á girkassa á Proline-mælaborðsskjánum.</p>
	<p>Gaumljós fyrir stíflu í þrýstiolúsíu girkassa-/vökvakerfis.</p> <p>Ljósíð logar til að gefa til kynna að þrýstisía(-ur) vökva- eða skiptingarkerfis þarfnist þjónustu. Stífla olúsíu er vöktuð þegar olíuhitastig er innan venjulegs notkunar sviðs.</p>
	<p>Gaumljós fyrir fjórhjóladrif (4WD).</p> <p>Ljósíð logar (gult) til að gefa til kynna að fjórhjóladrifið sé tengt.</p>
	<p>Gaumljós fyrir aflúttak að framan.</p> <p>Ljósíð (gult) logar óslitið og gefur til kynna að aflúttak að framan (valkvætt) sé tengt.</p>
	<p>Gaumljós fyrir Auto-Guide.</p> <p>Ljósíð logar (gult) til að gefa til kynna að kveikt sé á afli stýringarloka Auto-Guide (valkvætt).</p>
	<p>Gaumljós fyrir skriðstilli.</p> <p>Ljósíð logar (gult) til að gefa til kynna að skriðstillir óslitins snúningshraða hreyfils sé tengdur.</p>

Tafla heldur áfram á næstu síðu

Gaumljós	Vísun
	<p>Gaumljós fyrir lága olíustöðu á hreyfli.</p> <p>Ljósíð fyrir olíustöðu á hreyfli (gult) logar ef olía hreyfils er undir neðri mörkum. Staða olíu á hreyfli er mæld áður en dráttarvélin er ræst, ekki er fylgst með olíustöðu á hreyfli í gangi.</p>
	<p>Gaumljós fyrir mismunadrifslás.</p> <p>Ljósíð logar (gult) til að gefa til kynna að mismunadrifslás sé tengdur.</p>
	<p>Gaumljós fyrir aflúttak að aftan</p> <ul style="list-style-type: none"> • Ljósíð logar þegar kveikt er á aflúttakinu eða hlutfallslegur jarðhraði aflúttaksins hefur verið tengdur. • Ljósíð blikkar hratt ef aflúttakið snýst en er ekki lengur tengt. • Ljósíð blikkar á eðlilegum hraða þegar aflúttakið snýst ekki og gírinn sem valinn er með hraðavalsrofanum er tengdur. • Ljósíð blikkar hægt ef aflúttakið snýst ekki og gírinn sem valinn er með hraðavalsrofanum er ekki tengdur. • Ljósíð logar ekki þegar ekki er kveikt á aflúttakinu og hraðavalsrofinn er í stöðunni N.

2.6 Stjórnæki hægra megin


2.6.1 Akstursstjórnæki



1. Neyðarhemilshnappur
2. Þrýstihnappur fyrir EcoPower (valkvætt)
3. Rofi fyrir fjórhjóladrif (4WD)
4. Rofi fyrir mismunadrifslás
5. Þrýstihnappur fyrir sjálfvirka skiptingu
6. Stjórnhnúður QuickSteer (valkvætt)
7. Virkjunarhnúður QuickSteer (valkvætt)
8. Kveikt/slökkt hnappur fyrir Auto-Guide-stýringarloka (valkvætt)
9. Kveikt/slökkt hnappur fyrir Auto-Guide-móttakara (valkvætt)
10. Rofi fyrir fjöðrun framöxuls (valkvætt)
11. Rofi fyrir stjórnstöðvun (valkvætt)
12. Þrýstihnappur fyrir HiShift
13. Þrýstihnappur fyrir Powershift
14. Þrýstihnappur fyrir sviðshraða
15. Hnappur fyrir fjarvirkjun Auto-Guide (valkvætt)
16. Handinngjöf
17. Minnishnappur fyrir snúningshraða hreyfils

2.6.2 Tengibúnaður

2.6.2.1 Tengibúnaður að aftan




1. Gaumljós fyrir lækkun
2. Gaumljós fyrir hækkun
3. Greiningarljós
4. Veljari lækkunarhraða
5. Veljari hámm. lyftihæðar
6. Veljari djúpristustýringar
7. Rofi til að hækka/lækka
8. Losunarstöng vagnkrækju (valkvætt)
9. Stöðustýringarhnúður
10. Rofi til að hækka/stöðva/lækka
11. Hnekkingarhnappur fyrir stöðustýringarhnúð
12. Ljós fyrir akstursjöfnunarstýringu
13. Akstursjöfnunarstýring, skrikstýringarkerfi (valkvætt)
14. Ljós skrikstýringar (valkvætt)

2.6.2.2 Tengibúnaður að framan

Tengibúnaður að framan er valkvæður.

Tenging við loka að aftan:


2. Mælar og stjórnæki



1. Stjórnstöng, 4. loki viðbótarvökvabúnaðar

2.6.3 Aflúttak


2.6.3.1 Aflúttak að aftan



1. Hnappur fyrir sjálfvirka ræsingu/stöðvun aflúttaks að aftan
2. Hraðastjórnhnúður fyrir aflúttak að aftan
3. Rofi fyrir aflúttak að aftan þegar aflúttak að framan fylgir með
4. Rofi fyrir aflúttak að aftan þegar aflúttak að framan fylgir ekki með

2.6.3.2 Aflúttak að framan


Aflúttak (PTO) að framan er valkvætt.



1. Rofi fyrir aflúttak að framan


2.6.4 Viðbótarvökvabúnaður

Eftirfarandi mælar og stjórnæki eru notuð til að stjórna viðbótarvökvabúnaði.




1. Stjórnstöng fyrir 1. loka viðbótarvökvabúnaðar að aftan
2. Stjórnstöng fyrir 2. loka viðbótarvökvabúnaðar að aftan
3. Stjórnstöng fyrir 3. loka viðbótarvökvabúnaðar að aftan (valkvætt)
4. Stjórnstöng fyrir 4. loka viðbótarvökvabúnaðar að aftan (valkvætt)
5. Stilling rennslisstýringar (valkvætt)
6. Rofi fyrir kveikja/slökkva loka að aftan (valkvætt)

2.6.5 Önnur stjórn tæki



1. Rafmagnsinnstunga (valkvætt)
2. 3-pinna rafmagnsinnstunga
3. 3-pinna strauminnstunga (valkvætt)
4. Tengill ISOBUS-útstöðvar (valkvætt)
5. Framlengingartenglar ISOBUS-tengibrautar (á bak við hlífina; valkvætt)
6. Merkjatengill áhalds (valkvætt)
7. Rafmagnsrofi fyrir 2-pinna strauminnstungu
8. 2-pinna strauminnstunga (stjórnað af rafmagnsrofa)
9. 2-pinna rafmagnsinnstunga
10. Gaumljós fyrir merkjatengingu áhalds (valkvætt)


2.6.6 Neyðarhnappur aðalrafmagns



1. Neyðarhnappur aðalrafmagns
2. Kveikt á aðalrafmagni (grænt ljós)
3. Slökkt á aðalrafmagni (rautt ljós)


2.7 Stjórnæki að aftan

2.7.1 Opnunarklinka afturglugga



1. Opnunarklinka afturglugga


2.7.2 Viðbótarþurrkur



1. Rofi fyrir rúðþurrku að aftan (valkvæður)
2. Rofi fyrir þurrku á hliðarglugga (valkvæður)
3. Rofi fyrir þurrku á þakglugga (valkvæður)

2.7.3 Akstursfótstig að aftan


Akstursfótstig að aftan er valkvætt.



1. Akstursfótstig

2.8 Stjórnæki vinstra megin


Eftirfarandi stjórnæki eru staðsett vinstra megin.



1. Geymsluhólf
2. Kælikassi (valkvætt)
3. Öskubakki (valkvætt)
4. Kveikjari
5. Farþegasæti með öryggisbelti (valkvætt)
6. Skrifborð
7. Geymsluvasi

2.9 Stjórnæki á hægri stjórnborði í þaki


Eftirfarandi stjórnæki eru staðsett á hægri stjórnborði í þaki.



1. Útvarp (valkvætt)
2. Stjórnæki loftræstingar
3. Ökumælir (valkvætt)
4. Stillihnúður spegils (valkvætt)
5. Þrýstihnappur framrúðuhitara (valkvætt)
6. Rofi fyrir hitun spegils (valkvætt)
7. Inniljós
8. Stjórnrofi fyrir inniljós
9. Þrýstihnappur afturrúðuhitara (valkvætt)
10. Stillihnúður útdraganlegs spegils (valkvætt)


2.10 Stjórtæki á hægri stjórnborði Skyview-búnaðar í þaki

Eftirfarandi stjórtæki eru staðsett á hægri stjórnborði Skyview-búnaðar í þaki.



1. Rofi fyrir hitun spegils (valkvætt)
2. Stillihnúður spegils (valkvætt)
3. Stillihnúður útdraganlegs spegils (valkvætt)
4. Stjórtæki loftræstingar
5. Þrýstihnappur framrúðhitara (valkvætt)
6. Þrýstihnappur afturrúðhitara (valkvætt)
7. Útvarp (valkvætt)
8. Stjórnrofi fyrir inniljós
9. Inniljós

2.11 Stjórnæki vinnuljósa




1. Kveikja/slökkva-hnappur fyrir ljósaborð
2. Vinnuljós að framan
3. Vinnuljós í mittishæð að framan (valkvætt)
4. Snúningsljós (valkvætt)
5. Vinnuljós að aftan
6. Sjálfvirk beiting vinnuljósa að aftan
7. Ljós fyrir vagnkrækju (valkvætt)
8. Vinnuljós í mittishæð að aftan (valkvætt)
9. Sjálfvirk beiting vinnuljósa í mittishæð að aftan (valkvætt)

Með Skyview-búnaðinum kveikir hnappurinn fyrir vinnuljós að aftan einnig á hliðarvinnuljósunum.

2.12 Stjórn tæki loftræstingar

2.12.1 Stjórn tæki sjálfvirkrar loftræstingar og viðbótarhitara


Sjálfvirka loftræstingin og viðbótarhitarakerfið eru valkvæð.



1. Stjórn hnúður viftuhraða (val SLÖKKT/Sjálfvirkt/Handvirkt)
2. Afísa
3. Skjár
4. Loftræsting KVEIKT/SLÖKKT
5. Stjórn hnúður hitastigs
6. Minnka viftuhraða viðbótarhitara (val Handvirkt/SLÖKKT/Sjálfvirkt)
7. Auka viftuhraða viðbótarhitara (val KVEIKT/Handvirkt)

2.12.2 Stjórn tæki handvirkrar loftræstingar og viðbótarhitara


Handvirka loftræstingin og viðbótarhitarakerfið eru valkvæð.



1. Stýri hnúður SLÖKKT/viftuhraði
2. Loftræsting KVEIKJA/SLÖKKVA
3. Stjórn hnúður SLÖKKT/viftuhraða viðbótarhitara
4. Stjórn hnúður hitastigs


2.12.3 Handvirk loftræsting

Handvirka loftræstingarkerfið er valkvætt.



1. Stýrihnúður SLÖKKT/viftuhraði
2. Loftræsting KVEIKJA/SLÖKKVA
3. Stjórnhnúður hitastigs


2.12.4 Stjórnþæki hitara



1. Stýrihnúður SLÖKKT/viftuhraði
2. Stjórnhnúður hitastigs

2.13 Sæti stjórnanda


2.13.1 Grunnsæti stjórnanda



1. Festistaður öryggisbeltis
2. Fram/aftur stilling
3. Stilling á fjöðrun
4. Geymsluhólf fyrir handbækur
5. Öryggisbelti
6. Stilling á halla sætisbaks
7. Læsing/losun fyrir snúning sætis
8. Skjár fyrir þyngd stjórnanda


2.13.2 Lofffjaðrandi sæti stjórnanda

Lofffjaðrandi sæti stjórnanda er valkvætt.



1. Stilling á sætisdypt og hallahorni sessu
2. Hæðarstilling og brottnám höfuðpúða
3. Sætishitun
4. Geymslunet fyrir handbækur
5. Læsing/losun fyrir snúning sætis
6. Stilling sætisarms
7. Fram/aftur stilling
8. Hallastilling sætisbaks
9. Stilling lengdarfjöðrunar
10. Stilling hæðar og lóðréttrar fjöðrunar
11. Stilling stífni fjöðrunar
12. Festistaður öryggisbeltis


2.14 Stjórnæki á aurhlíf að aftan



1. Þrýstihnappur kveikja/slökkva fyrir aflúttak að aftan (valkvætt)
2. Þrýstihnappur til að hækka/lækka


2.15 Stjórnæki og tengingar á framenda

Tengibúnaður að framan og hraðtengi að framan eru valkvæð.



1. Lás hreyfilhlífar
2. Innstunga vagns (valkvætt)
3. Hækka/lækka þrýstihnappar fyrir tengibúnað að framan (valkvætt)
4. Þrýstihnappar fyrir 1. loka að framan (valkvætt)
5. Hraðtengi að framan (valkvætt)

2.16 Stjórnæki að aftan og tengingar utan stýrishússins



1. Vagntengi, Duo-Matic (valkvætt)
2. Vagntengi, 2-leiðslu kerfi
3. Vagntengi, 1-2-leiðslu kerfi (valkvætt)
4. Inntak fyrir stjórnkapla/-víra áhalds
5. Kló fyrir neyðarstöðvun aflúttaks að aftan
6. Lokunarloki tengibúnaðar að framan (valkvætt)
7. Yfirtengi

2. Mælar og stjórnæki

8. Geymslufesting fyrir yfirtengi/beislisarmakúlu
9. Power Beyond-tengi (valkvætt)
10. Hraðtengi, viðbótarvökvabúnaður
11. Stilling rennslisstýringar (valkvætt)
12. Kveikja/slökkva-loki (valkvætt)
13. Bakrennslitengi fyrir viðbótarvökvakerfi
14. Tenging fyrir aftöppun af húsi fyrir Power Beyond (valkvætt)
15. Hraðtengi fyrir loftþrýstingsbúnað (valkvætt)
16. Innstunga fyrir vagn
17. Rafmagnsinnstunga (12 V)
18. ISOBUS-tengill (valkvætt)
19. Hraðtengi fyrir vökvahemla vagns (valkvætt)
20. Lyftiarmar gripkrækju (valkvætt með gripkrækjunni)
21. Lyftiarmur
22. Jöfnunarskrúfa
23. Vökvastýrður jöfnunararmur (valkvætt)
24. Hliðartakmarkari
25. Sjálfvirkur hliðartakmarkari (valkvætt)
26. Beislisarmur
27. Lúga fyrir aflúttak (PTO)
28. Gripkrækja (valkvætt)

Gripkrækjan er valkvæður kostur með marga valkosti.

3 Notkun

3.1 Dráttarvélin tilkeyrð

Dráttarvélin er tilkeyrð meðan á fyrstu 50 klukkustundum notkunar stendur. Ef dráttarvélin er rétt tilkeyrð gefur það henni lengri þjónustutíma og gerir hana hagkvæmari.

Áður en þú ekur af stað skaltu ganga úr skugga um að:

- Þú skiljir öll mælitæki og aðgerðir stjórnækjanna.
- Þú hafir lesið öryggisvarúðarráðstafanirnar.

MIKILVÆGT: Athugaðu að allir boltar og rær, til dæmis á hjólum og útblásturskerfi, séu almennilega hert.

MIKILVÆGT: Framkvæmdu daglegt viðhald áður en þú ekur dráttarvélinni af stað í fyrsta sinn dag hvern.

Þegar dráttarvélin er tilkeyrð:

- **Aktu mjúklega og með breytilegu álagi.**
- **Kyntu ekki hreyfilinn.**
- **Láttu hreyfilinn ekki ganga á hámarkssnúningshraða.**
- **Dragðu ekki þunga byrði með litlum snúningshraða hreyfils.**
- **Forðastu að aka með sama gír tengdan og á sama snúningshraða hreyfils lengi í einu.**

Athugaðu öll mælitæki strax eftir að hreyfillinn hefur verið ræstur. Hafðu auga með mælitækjunum á meðan þú ekur.

3.2 Undirbúningur fyrir notkun

Áður en þú byrjar að nota dráttarvélinu skaltu lesa þessa handbók vandlega.


- **Gakktu úr skugga um að dráttarvélin sé meðhöndluð og viðhaldið á réttan hátt til að tryggja áreiðanleika og bjóða upp á sparneytna notkun.**
- **Fylgdu viðhaldsáætluninni vandvirknislega og felldu daglegt viðhald inn í vanaleg verk þín.**
- **Notaðu aðeins ósvikna varahluti frá AGCO Parts til að fá hagstæðustu afköst.**

3.2.1 Sæti ökumanns stillt

Þú getur stillt sæti ökumanns í samræmi við hæð þína og þyngd. Með þessum stillingum getur þú lágmarkað berskjöldun gagnvart titringi, náð besta stuðningi við mjóhrygginn og fengið þægilegustu akstursstöðuna. Þú kannt að þurfa að breyta stillingunum í samræmi við vinnuaðstæður eða þá íhluti sem þú ert að nota, eins og tegund hjólbarða.



VIÐVÖRUN: Reyndu ekki að stilla sætið á meðan þú ekur. Þá er aukin hættu á að þú missir stjórnina.



1. Festistaður öryggisbeltis
2. Fram/aftur stilling
3. Stilling á fjöðrun
4. Geymsluhólf fyrir handbók
5. Öryggisbelti
6. Stilling á halla sætisbaks
7. Læsing/losun fyrir snúning sætis
8. Skjár fyrir þyngd stjórnanda

• **Snúa sætinu.**

- Togaðu læsistöngina upp á við til að taka lásinn af.
- Snúðu sætinu í óskaða stöðu.

Þú getur snúið sætinu 180° rangsælis. Sætið er með innstilltar stöður með 10° millibili, sem til dæmis er hægt að nota þegar verið er að plægja.

• **Stilla sætið fram eða aftur.**

- Togaðu upp fram/aftur stillihandfangið.
- Færðu sætið í óskaða stöðu.

- **Stilla fjöðrunina.**

Skjár fyrir þyngd stjórnanda sýnir stillingar fyrir stjórnendur af mismunandi þyngd.

- Til að auka fjöðrunina skal snúa stillingarstöng fjöðrunar réttisælis.
- Til að minnka fjöðrunina skal snúa stillingarstöng fjöðrunar rangsælis.

- **Stilla hæð sætis.**

Þú getur lyft sætinu úr grunnstöðu í tvær hærrí stöður.

- Til að lyfta sætinu togar þú það hægt upp á við þar til þú heyrir smell.
- Til að lækka sætið skaltu toga það upp í efstu stöðu og síðan láta það falla niður í óskaða stöðu.

- **Festa öryggisbeltið við festistaðina á sætinu.**

- **Stilla halla sætisbaks.**


- Togaðu upp hallastillingarstöng sætisbaks.
- Settu sætisbakið í óskaða stöðu.

3.2.2 Loffjöðrunarsæti ökumanns stillt

Þú getur stillt loffjöðrunarsæti ökumanns í samræmi við hæð þína og þyngd. Með þessum stillingum getur þú lágmarkað berskjöldun gagnvart titringi, náð besta stuðningi við mjóhrygginn og fengið þægilegustu akstursstöðuna. Þú kannt að þurfa að breyta stillingunum í samræmi við vinnuaðstæður eða þá íhluti sem þú ert að nota, eins og tegund hjólbarða. Afl verður að vera á á meðan loffjöðrunarsæti ökumanns er stillt, en sætið hefur sína eigin þjöppu. Loffjöðrunarsæti ökumanns er aukabúnaður.



VIÐVÖRUN: Reyndu ekki að stilla sætið á meðan þú ekur. Þá er aukin hættu á að þú missir stjórnina.



1. Stilling sætisarms (loftfjöðrun +)
2. Geymsluhólf (loftfjöðrun +) eða net (loftfjöðrun) fyrir handbækur
3. Sætishitun
4. Stilling lendastuðnings (loftfjöðrun +)
5. Stilling á sætisdýpt og hallahorni sessu
6. Hæðarstilling og brotnám höfuðpúða
7. Læsing/losun fyrir snúning sætis
8. Hæðarstilling sætisarms
9. Hallastilling sætisbaks
10. Fram/aftur stilling
11. Stilling hliðarfjöðrunar (aðeins loftfjöðrun +)
12. Stilling lengdarfjöðrunar
13. Stilling hæðar og lóðréttrar fjöðrunar
14. Stilling stífni fjöðrunar
15. Festistaður öryggisbeltis

- **Stilla sætisdýpt og hallahorn sessu.**
 - Til að stilla sætisdýpt skaltu toga upp hægra handfangið framan á sætinu.
 - Til að stilla hallahorn sessu skaltu toga upp vinstra handfangið framan á sætinu.

- **Snúa sætinu.**
 - Losaðu lásinn með því að toga læsa/losa stöngina upp á við.
 - Snúðu sætinu í óskaða stöðu.

Hægt er að snúa sætinu á milli 190° rangsælis og 90° réttsælis. Hægt er að læsa sætinu í stilltar stöður við 10°, 20°, 80° og 90° þegar snúið er réttsælis og 10°, 20°, 180° og 190° þegar snúið er rangsælis.
- **Stilla sætið fram eða aftur.**
 - Togaðu fram/aftur stillihandfangið upp á við.
 - Færðu sætið fram eða aftur í óskaða stöðu.
- **Kveikja eða slökkva á lengdarfjöðruninni.**
 - Til að kveikja á lengdarfjöðruninni skaltu snúa stönginni í aftur-stöðuna.
 - Til að slökkva á lengdarstillingunni skaltu snúa stönginni réttsælis um 180° í fram-stöðuna.
- **Stilla fjöðrunina í samræmi við þyngd stjórnanda.**
 - Togaðu í stillistöng fjöðrunar þar til þjappan fer í gang.

Þjappan gengur og fjöðrunin stillir sig sjálfvirk í samræmi við þyngd stjórnanda.

Ef stjórnandinn er léttari en fyrri stjórnandi gengur þjappan um stund, umframþrýstingur er losaður og sætið lækkar.

Stilling fjöðrunar helst geymd í minni sætis, jafnvel þótt slökkt sé á dráttarvélinni.

Hreyfing fjöðrunar sætis er 100 mm (\pm 50 mm) burtséð frá upphafshæð. Fjöðrunarsvæðið er takmarkað við 100 mm af öryggisástæðum.
- **Stilla hæð sætis.**

Sætið er með stiglaust 80 mm hæðarstillingarsvið (\pm 40 mm frá miðstöðu sætis).

 - **Lyftu sætinu með því að toga hæðarstillingarstöngina upp á við þar til óskaðri hæð er náð (þjappa sætisins gengur stöðugt en kveikt verður að vera á rafmagninu).**

Þegar stönginni er sleppt stöðvast þjappan og sætið helst í þeirri hæð. Ef þú setur sætið of hátt, þannig að pláss fyrir hreyfingu upp á við er minni en 50 mm lækkar sætið sjálfvirk í hæstu leyfilegu stöðu.
 - **Lækkaðu sætið með því að ýta hæðarstillingarstönginni niður á við þar til óskaðri hæð er náð.**

Ef þú setur sætið of lágt þannig að fjöðrun 50 mm niður á við er ekki möguleg hækkar sætið sjálfvirk í lægstu mörk næst þegar þú snertir stöngina.

Ef þú situr mjög kyrr í sætinu meðan á stillingu stendur kann sætið að lyftast í fyrri hæð í minninu.

Þegar sætið er læst í nýrri hæð heyrir þú daufan smell.
- **Stilla stífni fjöðrunar sætis.**
 - Þegar stöngin er í bakstöðunni er fjöðrunin hörðust.
 - Þegar stöngin er í framstöðunni er fjöðrunin mýkst.
- **Öryggisbeltið fest við festistaðina á sætinu.**

- Stilla halla sætisbaks.
 - Togaðu hallastöng sætisbaks upp.
 - Settu sætisbakið í óskaða stöðu.
- Stilla sætisarm.
 - Fjarlægðu hlífina.
 - Breyttu stöðu sætisarms í festirauðfinni.
- Stilla lendastuðning.


Snúðu hnúðnum réttisælis eða rangsælis til að stilla lendastuðninginn. Hæð og dýpt er stillt á sama tíma.
- Kveikja eða slökkva á sætishitun.
- Stilla hæð höfuðpúða með því að hækka eða lækka hann.
- Fjarlægðu höfuðpúðann með því að toga hann upp á við.

3.2.3 Stýrishjólið stillt

Þú getur stillt stöðu stýrishjólsins með stöng og læsifótstigi.



VIÐVÖRUN: Stilltu ekki stöðu stýrishjólsins á meðan þú ekur. Þá er aukin hættu á að þú missir stjórnina.




1. Stöng fyrir stillingu á stöðu stýrishjóls
2. Læsifótstig fyrir hallastillingu stýrishjóls

- Stilla stöðu stýrishjóls.
 - Togaðu stöngina upp á við.
 - Færðu stýrishjólið upp eða niður í óskaða stöðu.
 - Ýttu stönginni niður til að læsa stöðu stýrishjólsins.
- Setja halla stýrishjóls.
 - Stígðu læsifótstigið niður.
 - Stilltu halla stýrishjólsins í óskaða stöðu.
 - Slepptu fótstiginu.

3.2.4 Staðlaðir speglar stilltir

Þú getur stillt stöðu staðlaðra spegla handvirkt.




1. Læsibúnaður spegilstoðar

1. Losaðu læsibúnað spegilstoðar.
2. Stilltu stöðu spegilsins.
3. Hertu læsibúnaðinn.

3.2.5 Valkvæðir speglar stilltir

Þú getur stillt stöðu valkvæðra spegla með rafmagni.




1. Stilling spegla
2. Stilling útdraganlegs spegils

- **Stilltu speglana.**
 - Til að stilla vinstri spegilinn skaltu snúa hnúðnum til vinstri og ýta honum í áttina sem örvarnar sýna.
 - Til að stilla hægri spegilinn skaltu snúa hnúðnum til hægri og ýta honum í áttina sem örvarnar sýna.

- Útdraganlegir speglar stilltir.
 - Til að stytta/lengja vinstri útdraganlega spegilinn skaltu snúa hnúðnum til vinstri og ýta honum í áttina sem örvarnar sýna.
 - Til að stytta/lengja hægri útdraganlega spegilinn skaltu snúa hnúðnum til hægri og ýta honum í áttina sem örvarnar sýna.

3.2.6 Hitun spegla


Hitun spegla er aukabúnaður.



1. Rofi fyrir hitun spegils

- Til að kveikja á hitun spegils skaltu ýta niður táknhlið rofans.
- Til að slökkva á hitun spegils skaltu ýta á þá hlið rofans sem er gagnstæð táknhliðinni.

3.2.7 Rúðupurrka og rúðusprauta framrúðu notaðar




1. Fjölverk stöng

- Til að nota rúðupurrku framrúðu snýrðu fjölvirku stönginni. Purrkan er með hlé-stöðu og tvo hraða.
- Til að nota rúðusprautu framrúðu ýtir þú stönginni inn á við.

3.2.8 Rúðupurrka og rúðusprauta hliðarglugga notaðar

Rofanum fyrir rúðupurrku og rúðusprautu hliðarglugga er komið fyrir á C-stoðinni.




1. Rofi fyrir þurrku hliðarglugga

- Til að nota þurrku hliðarglugga snýrð þú rofanum. Þurrkan er með hlé-stöðu og einn hraða.
- Til að nota rúðusprautuna ýtir þú á rofann.

3.2.9 Rúðupurrka og rúðusprauta afturglugga notaðar

Afturrúðupurrkan er aukabúnaður.

Rofanum fyrir rúðupurrku og rúðusprautu afturglugga er komið fyrir á C-stoðinni.




1. Rofi fyrir þurrku afturglugga

3. Notkun

- Til að nota rúðupurrkuna að aftan snýrð þú rofanum.
Purrkan er með hlé-stöðu og einn hraða.
- Til að nota rúðusprautuna ýtir þú á rofann.

3.2.10 Rúðupurrka og rúðusprauta þakglugga notaðar

Rofanum fyrir rúðupurrku og rúðusprautu þakglugga er komið fyrir á C-stoðinni.




1. Rofi fyrir þurrku þakglugga

- Til að nota þurrku þakglugga snýrð þú rofanum.
Purrkan er með hlé-stöðu og einn hraða.
- Til að nota rúðusprautuna ýtir þú á rofann.

3.2.11 Gluggahitararnir notaðir

Hítarar framrúðu og afturglugga eru valkvæður búnaður.




1. Hnappur fyrir framrúðuhitara
2. Hnappur fyrir hitara afturglugga

Þegar kveikt er á hitara framrúðu eða afturglugga logar ljósið á hnappinum.

- Til að kveikja á framrúðuhitaranum í 10 mínútur ýtir þú á hnapp fyrir framrúðuhitara.
- Til að kveikja á framrúðuhitaranum óslitið ýtir þú á hnapp fyrir framrúðuhitara í meira en 2 sekúndur.
- Til að slökkva á framrúðuhitaranum ýtir þú aftur á hnapp fyrir framrúðuhitara eða slekkur á aðalrafmagninu.
- Til að kveikja á hitara afturglugga í 10 mínútur ýtir þú á hnapp fyrir hitara afturglugga.
- Til að kveikja á hitara afturglugga óslitið ýtir þú á hnapp fyrir hitara afturglugga í meira en 2 sekúndur.
- Til að slökkva á hitara afturglugga ýtir þú aftur á hnapp fyrir hitara afturglugga.

3.2.12 Vendingírsstöng

Með vendingírsstönginni er hægt að breyta akstursstefnu og beita stöðuhemlinum.




1. Vendingírsstöng

- F (framstaða) = akstursstefna áfram
- N (miðjustaða) = hlutlaus
- R (afturstaða) = akstursstefna afturábak
- P = stöðuhemilsstaða

Með vendingírsstönginni er hægt að breyta akstursstefnu án þess að nota kúplingarfótstigið. Ef þú hins vegar notar kúplingarfótstigið skaltu stíga fótstigið niður til fulls áður en þú færir vendingírsstöngina.

- Hægt er að beita stöðuhemlinum með vendingírsstöngina í miðstöðu.
- Þegar stöðuhemlinum er beitt er fjórhjóladrifið (4WD) tengt og öll hjól hemla.
- Settu stöðuhemilinn alltaf á áður en þú slekkur á rafmagninu.



1. Vendigírsstöng
2. Kragi

3.2.13 Stjórnstöðvun


Stjórnstöðvun er notuð þegar dráttarvélin keyrir áhald í kyrrstöðuham (til dæmis þjöppu eða dælu) og stjórnandinn er ekki í stýrishúsinu. Notkun stjórnstöðvunar dregur úr hættunni á alvarlegri skemmdum á hreyfli eða í skiptingu. Stjórnstöðvun er aukabúnaður.

ATHUGASEMD: Þegar hreyfillinn er ræstur verður stjórnstöðvunin að vera aftengd. Að öðrum kosti fer hreyfillinn ekki í gang.

ATHUGASEMD: Notaðu ekki stjórnstöðvun þegar þú ekur. Stjórnstöðvunin stöðvar hreyfilinn sjálfkrafa ef stöðvunarljósið logar.

MIKILVÆGT: Ef stjórnstöðvunin stöðvar hreyfilinn verður að finna bilunina og gera við hana áður en hreyfillinn er ræstur aftur.

3.2.14 Stýringarstöðvun notuð



1. Stýringarstöðvunarrofi


- Til að virkja stýringarstöðvun skaltu ýta niður táknhlið stýringarstöðvunarrofa. Losaðu læsibúnaðinn með því að ýta honum í átt að miðju rofans.

- Til að afvirkja stýringarstöðvun skaltu ýta niður hlið stýringarstöðvunarrofa sem er gagnstæð tákni.






3.2.15 Kveikjurofinn notaður


Kveikjurofinn hefur fjórar stöður: OFF, ACC, rafmagn á og ræsingarstöðu. Í ACC-stöðunni fá til dæmis útvarpið og kælikassinn rafmagn.

Eftir að kveikjulyklinum er snúið í OFF-stöðuna er seinkun áður en slokknar á aðalrafmagninu.




1. Kveikjurofi
2. Kveikjulykill
3. OFF-staða
4. ACC-staða
5. Rafmagn á-staða
6. Ræsa-staða

- Hleyptu rafmagn á með því að snúa kveikjulyklinum úr stöðunni  (SLÖKKT) í stöðuna  (rafmagn á).
Í kuldatíð þegar hreyfillinn er kaldur logar gaumljós fyrir glóð á mælaborðinu.
- Ræstu hreyfilinn með því að snúa kveikjulyklinum úr stöðunni  (rafmagn á) í stöðuna  (ræsa) eftir að gaumljós fyrir glóð á mælaborðinu hefur slokknað.
- Stöðvaðu hreyfilinn með því að snúa kveikjulyklinum í stöðuna  (ACC).

- Taktu rafmagnið af með því að snúa kveikjulyklinum í stöðuna  (SLÖKKT).

Fyrst skaltu stöðva dráttarvélina, setja stöðuhemilinn á, athuga að stöðuhemilstáknin (P) logar á mælaborðinu og síðan slökkva á rafmagninu.

Hægt er að stöðva dráttarvélina og nokkrar hreyfingar áhaldanna ef bilun

verður með því að snúa kveikjulyklinum í stöðuna  (SLÖKKT). Þetta stöðvar hreyfilinn og aftengir skiptinguna og hreyfing tengibúnaðar stöðvast.



VARÚÐ: Snúðu ekki kveikjulyklinum í stöðuna  (SLÖKKT) þegar dráttarvélina er á hreyfingu nema það sé óhjákvæmilegt.





VARÚÐ: Þegar slökkt er á rafmagni er neyðarhemillinn ekki í notkun og hægt er að seinka tengingu stöðuhemils.

MIKILVÆGT: Vertu ekki með aðra lykila á kippunni með kveikjulyklinum. Mögulegt er að þú snertir þá með hnénu og slökkvir á rafmagninu.

3.2.16 Aðalrafmagn

Aðalrafmagninu er stjórnað með kveikjurofanum.


Sjálfkrafa kviknar á aðalrafmagninu þegar kveikjulyklinum er snúð í aðra stöðu en  (SLÖKKT). Þegar kveikjulyklinum er snúð í stöðuna  (SLÖKKT) er slökkt á aðalrafmagninu eftir seinkun. Á meðan á þessari seinkun stendur eru gögn vistuð, kerfið framkvæmir stýrða lokun og leiðslur karbamíðkerfisins eru tæmdar. Ljósið í ljósarofanum logar þar til slökkt hefur verið á aðalrafmagninu.


Ekki er sjálfkrafa slökkt á aðalrafmagninu í eftirfarandi aðstæðum:

- stöðuljósinn eru kveikt
- hættuljósaleiftrarin logar
- rafeindastjórn tækin krefjast viðbótartíma (að hámarki einnar klukkustundar), til dæmis Auto-Guide-kerfið

3.2.17 Neyðarhnappur aðalrafmagns notaður

Í neyðartilfelli er hægt að slökkva samstundis á öllu rafmangi án seinkunar með því að ýta á neyðarhnapp aðalrafmagns þegar kveikjulykillinn er fjarlægður. Við venjulega notkun er slökkt á aðalrafmagninu eftir seinkun þegar kveikjulyklinum


er snúð í stöðuna  (SLÖKKT) og engin þörf er á að nota neyðarhnapp aðalrafmagns.



1. Neyðarhnappur aðalrafmagns
2. Kveikt á aðalrafmagni (grænt ljós)
3. Slökkt á aðalrafmagni (rautt ljós)

Neyðarhnappur aðalrafmagns eru með græn og rauð ljósdíóðuljós til að gefa til kynna stöðu hans.

- Ef hvorugt ljósið logar er staða neyðarhnapps aðalrafmagns **SLÖKKT**.
- Ef græna ljósið logar er staða neyðarhnapps aðalrafmagns **KVEIKT**.
- Ef græna ljósið blikkar er að slokka á aðalrafmagni með seinkun.
- Ef rauða ljósið blikkar hefur verið ýtt á rauða hnappinn þegar kveikjan hefur verið í stöðunni **SLÖKKT** og það slokknar á aðalrafmagninu eftir seinkunina. Þetta er ólíklegt ástand þar sem neyðarhnappi aðalrafmagns er stjórnað sjálfvirkir af kveikjuofanum.
- Ef rauða ljósið logar hefur verið ýtt á rauða hnappinn í akstri og það slokknar á aðalrafmagninu eftir seinkunina þegar kveikjunni hefur verið snúið í stöðuna **SLÖKKT**. Þetta er ólíklegt ástand þar sem neyðarhnappi aðalrafmagns er stjórnað sjálfvirkir af kveikjuofanum.

1. Snúðu kveikjunni í stöðuna  (SLÖKKT) og fjarlægðu lykilinn úr kveikjuofanum.
2. Opnaðu hlífina á rafmagnsmiðstöðinni.
3. Ýttu á rauða hnappinn á neyðarhnappi aðalrafmagns í þrjár sekúndur.


Slökkt er á aðalrafmagninu án seinkunar og rauða ljósið logar á neyðarhnappi aðalrafmagns til að gefa til kynna að slökkt sé á rafmagninu.

ATHUGASEMD: Rafkerfið vistar ekki gögn eða framkvæmir stýrða lokun og karbamíðleiðslurnar tæmast ekki.

MIKILVÆGT: Ef karbamíðleiðslurnar tæmast ekki og hitastigið er -11°C eða meira getur það AdBlue/DEF sem eftir er í leiðslunum frosið og valdið skemmdum.

4. Endurstilltu neyðarlokun aðalrafmagns á aðra af tveimur leiðum.
 - Ýttu á græna hnappinn á neyðarhnappi aðalrafmagns.
 - Aftengdu kapalskaut rafgeymis.

3.2.18 Þaklúgan notuð



1. Handfang

1. Opnaðu þaklúguna.
 - Renndu sólskyggjninu frá með því að toga það aftur á við.
 - Snúðu handfanginu til að aflæsa þaklúgunni.
 - Ýttu á þaklúguna til að opna.
2. Lokaðu þaklúgunni.
 - Togaðu í þaklúguna til að loka.
 - Snúðu handfanginu til að læsa þaklúgunni.
 - Renndu sólskyggjninu fyrir með því að toga það fram á við.

3.3 Dráttarvélina ræst

3.3.1 Ræsing við venjulegar aðstæður



VARÚÐ: Láttu dráttarvélina aldrei ganga í lokaðri byggingu nema að útblásturinn sé leiddur út.



VARÚÐ: Ræstu hreyfilinn aldrei nema þú sitjir í ökumannssætinu.




VIÐVÖRUN: Notaðu ekki ræsivökvaúða. Vegna sjálfvirkrar glóðar er hættu á sprengingu.

MIKILVÆGT:



Láttu hreyfilinn ekki ganga með miklu álagi þegar hitastig hans er undir 50°C. Láttu hreyfilinn ekki ganga á meira en 2000 s/mín. þegar hitastig hans er undir 50°C.

MIKILVÆGT: Ef hreyfillinn fer ekki í gang í fyrstu tilraun skaltu bíða þangað til hreyfillinn hefur stöðvast til fulls áður en þú reynir aftur.

Þegar rafmagni er hleypt á kvikna öll gaumljós sem eru í notkun eitt andartak. Eftirfarandi gaumljós haldast logandi þar til hreyfillinn hefur verið ræstur og kerfin vinna eðlilega:




1. Olíuprýstingur hreyfils
2. Stöðvunarljós (leiftrar)
3. Olíuprýstingur í gírkassa
4. Fjór hjóladrif
5. Stöðuhemill
6. Hleðsla rafgeymis

1. Settu stöðuhemilinn á.
2. Snúðu handinngjöfnni í stöðu fyrir hægagan hægagang.
3. Tryggðu að stýringarstöðvun (valkvæður búnaður) sé afvirkjuð.
4. Stígðu á kúplingarfótstigið.
5. Snúðu kveikjulyklinum í stöðuna  (rafmagn á).
6. Bíddu þar til gaumljós fyrir glóð  á mælaborðinu hefur sloknað.

Gaumljós fyrir glóðarkerti logar eftir því hvert hitastigið er.

7. Snúðu kveikjulyklinum í stöðuna  (start).

- Þegar hreyfillinn byrjar að taka við sér skaltu halda kveikjulyklinum í stöðunni  (start) þar til hreyfillinn er kominn í gang.
- Ef hreyfillinn fer ekki í gang innan 10 sekúndna skaltu hætta og reyna aftur.


8. Slepptu kveikjulyklinum þegar hreyfillinn fer í gang.

Þegar hreyfillinn fer í gang slokkna eftirfarandi gaumljós:

- Olíuþrýstingur hreyfils
- Olíuþrýstingur í girkassa
- Stöðvunarljós
- Hleðsla rafgeymis

9. Notaðu akstursfótstigið til að stjórna snúningshraða hreyfils.

MIKILVÆGT: Aldrei skal kynda kaldan hreyfil.

Eftir að kaldur hreyfill er ræstur getur gaumljós fyrir glóð  kviknað aftur. Eftirglóðin dregur úr hvítum reyk og lætur kalda hreyfilinn ganga mjúklega.

3.3.2 Ræsing í kulda

Til að tryggja árangursríka ræingu í kulda skaltu nota hreyfilhitara eða eldsneytisknúinn hitara og fylgja þeim upplýsingum sem gefnar eru.

MIKILVÆGT: Mælt er með að nota hreyfilhitara eða eldsneytisknúinn hitara þegar hitastigið er undir 0°C.

MIKILVÆGT: Ef þú ekur dráttarvélinni aðeins stuttan spöl skaltu ganga úr skugga um að rafgeymirinn sé nægilega hlaðinn til að tryggja ræingu.

ATHUGASEMD: Notkun hreyfilhitara eða eldsneytisknúins hitara dregur úr sliti hreyfilsins.

MIKILVÆGT:

Ekki skal kynda kaldan hreyfil. Smurningin er ekki næg ef olían er köld.

Ef þú lætur hreyfilinn ganga þegar olían er köld veldur smurningin, sem ekki er næg, meira sliti. Eftir að þú ræsir hreyfilinn skaltu láta hann hitna í nokkrar mínútur með léttu álagi.

MIKILVÆGT:

Láttu hreyfilinn ekki ganga með miklu álagi þegar hitastig hans er undir 50°C. Láttu hreyfilinn ekki ganga á meira en 2000 s/mín. þegar hitastig hans er undir 50°C.

- Þegar hreyfillinn er kaldræstur skal slökkva á öllum ónauðsynlegum búnaði sem notar rafmagn.

- Hafðu rafgeyminn á hlýjum stað þegar hann er ekki í notkun.

Auðveldara er að ræsa dráttarvélina við mjög kaldar aðstæður ef rafgeymirinn er hafður á hlýjum stað þegar hann er ekki í notkun.


- Notaðu hreyfilhitarann til að tryggja árangursríka ræsingu við kaldar aðstæður.


Með hreyfilhitaranum er nóg að hita hreyfilinn upp í 2-3 klukkustundir fyrir ræsingu.

Með eldsneytisknúna hitaranum er nóg að hita hreyfilinn upp í 1 klukkustund fyrir ræsingu.

ATHUGASEMD: Ef eldsneytisknúni hitarinn er notaður við kaldar aðstæður í meira en 3 klukkustundir kann það að tæma rafgeyminn.

Þegar hreyfilhitarinn eða eldsneytisknúni hitarinn eru virkjaðir má heyra blísturshljóð.

- Ef hreyfillinn er ræstur við mjög kaldar aðstæður skaltu halda kveikjulyklinum í stöðunni  (start) þar til hreyfillinn er kominn í gang.

MIKILVÆGT: Haltu ekki kveikjulyklinum í stöðunni  (ræsa) lengur en í 60 sekúndur í einu.

Þegar hreyfillinn fer í gang er snúningshraði hægagangs aukinn tímabundið þar til snúningshraðinn minnkar niður í venjulegan hraða.

- Ef hitastigið er undir 0°C skaltu fyrst hita upp olíu á hreyfli og vökvakerfi um stund á hægum snúningshraða hreyfils.

Leyfðu hreyflinum að ganga í nokkrar mínútur áður en þú ekur af stað eða tengir aflúttakið. Þegar fyrst er byrjað að nota aðgerðir vökvabúnaðar skal nota forskilgreindu verksmiðjustillinguna M2 til að stilla hámarksrennsli á 50% fyrstu mínúturnar.

- Aldrei skal kynda kaldan hreyfil.

Láttu hreyfilinn ganga með léttu álagi þar til hann hefur náð venjulegu vinnuhitastigi.

3.3.3 Ræsing með viðbótarrafgeymi

Hægt er að ræsa hreyfilinn með viðbótarrafgeymi (ræsing með startköplum).



VARÚÐ: Fullhlaðinn rafgeymir sem tengdur er beint við óhlaðinn rafgeymi getur orsakað straumhnykk sem getur valdið því að rafgeymarnir springi.

MIKILVÆGT: Notaðu aldrei ræsikapla sem eru skemmdir eða á annan hátt ófullnægjandi. Notaðu aðeins vel varða, slitþolna ræsikapla með sterkum klemmum.

MIKILVÆGT: Reyndu aldrei að ræsa hreyfilinn með því að skammhleypa ræsinn.

1. Athugaðu að viðbótarrafgeymirinn sé með sömu spennu og venjulegi rafgeymirinn.

3. Notkun

2. Tengdu startkapalinn á milli (+) skautsins á viðbótarrafgeyminum og (+) skautsins á rafgeymi dráttarvélarinnar.
3. Tengdu annan startkapal á milli (-) skautsins á viðbótarrafgeyminum og (-) skautsins á rafgeymi dráttarvélarinnar.




VARÚÐ: Gakktu úr skugga um að startkaplarnir séu almennilega tengdir við skautin. Að öðrum kosti geta startkaplarnir valdið skammhlaupi, sem kann að leiða til þess að rafgeymirinn springi.

4. Ræstu hreyfilinn.
5. Þegar hreyfillinn er kominn í gang skaltu aftengja startkaplana í eftirfarandi röð:
 - Fjarlægðu startkaplana milli (-) skautana.
 - Fjarlægðu startkaplana milli (+) skautana.

3.4 Ljósinn notuð

3.4.1 Ljósarofinn notaður



1. Rofi fyrir snúningsljós
2. Off-staða
3. Stöðuljós
4. Aðalljós
5. Efri aðalljós
6. Fjölverk stöng

- Snúðu ljósarofanum í stöðu fyrir stöðuljós til að nota stöðuljósinn.


- Snúðu ljósarofanum í stöðu fyrir aðalljós til að nota aðalljósin.
Vinnuljós virka aðeins þegar stöðuljós eða aðalljós eru kveikt.
- Ef dráttarvélin er búin efri aðalljósum (valkvætt) skal snúa ljósarofanum í stöðuna lengst til hægri til að nota þau.

ATHUGASEMD: Dráttarvélin er með öryggisrafrásir fyrir ljós, sem þýðir að ef öryggið fyrir ljósarofann er brunnið og kveikt er á ljósunum eru vinnuljósin að framan þvinguð til að loga.

ATHUGASEMD: Ekki er slökkt sjálfkrafa á aðalrafmagninu ef ljósin eru skilin eftir á með ljósarofanum. Þörf er á þessari aðgerð ef til dæmis þarf að skilja dráttarvélinu eftir á veginum.

ATHUGASEMD: Ekki er slökkt sjálfkrafa á aðalrafmagninu ef kveikt er á leiftrandi hættuljósunum.

- Til að kveikja á hágeislanum togar þú fjölvirku stöngina í áttina að þér.




1. Tengill X130

Þegar ljósarofinn er í stöðu fyrir aðalljós virkar efri hágeislinn (valkvætt) sem viðbótarhágeisli þegar tengill X130 (svartur vír 185) er tengdur saman. Ef hágeisli efri aðalljósa glampar skal aftengja tengil X130 eða slökva á þeim. Þegar ljósarofinn er í stöðu fyrir efri aðalljós virkar hágeislinn aðeins á efri aðalljósunum.

- Til að nota aðalljósaleiftrarann skaltu toga fjölvirku stöngina aðeins í áttina að þér þegar lággeislinn logar.

3.4.2 Fylgdu-mér-heim eiginleikinn notaður

Í fylgdu-mér-heim eiginleikanum loga vinnuljós í mittishæð að framan (valkvætt) ennþá jafnvel þótt rafmagni hafi verið snúið í stöðuna (SLÖKKT) og þú farið út úr stýrishúsinu.


- Til að nota fylgdu-mér-heim eiginleikann skaltu snúa kveikjulyklinum í stöðuna  (SLÖKKT) og opnaðu hurðina áður en slokknar á aðalrafmagninu.

Fylgdu-mér-heim eiginleikinn er sjálfkrafa virkjaður um leið og ljósin í stýrishúsinu. Fylgdu-mér-heim ljósin slokkna þegar ljósin í stýrishúsinu eða aðalrafmagnnið slokkna.

ATHUGASEMD: Ekki er slökkt á aðalrafmagninu ef kveikt er á leiftrandi hættuljósunum eða stöðuljósunum. Ef hurðin er skilin eftir opin við slíkar aðstæður slokknar á ljósum stýrishúss og fylgdu-mér-heim ljósunum eftir um 10 mínútur.

3.4.3 Vinnuljósin notuð

Kveikja þarf á stöðuljósunum eða aðalljósunum áður en hægt er að nota ljósaborðið. Ef ekki er kveikt á stöðuljósunum eða aðalljósunum og þú reynir að nota ljósaborðið blikkar táknið á kveikja/slökkva-hnappi fyrir ljósaborð nokkrum sinnum.



1. Kveikja/slökkva-hnappur fyrir ljósaborð
2. Vinnuljós að framan
3. Vinnuljós í mittishæð að framan (valkvætt)
4. Snúningsljós (valkvætt)
5. Vinnuljós að aftan
6. Sjálfvirk beiting vinnuljósa að aftan
7. Ljós fyrir vagnkrækju (valkvætt)
8. Vinnuljós í mittishæð að aftan (valkvætt)
9. Sjálfvirk beiting vinnuljósa í mittishæð að aftan (valkvætt)

Með Skyview-búnaðinum kveikir hnappurinn fyrir vinnuljós að aftan einnig á hliðarvinnuljósunum.

- 1. Snúðu ljósarofanum í stöðu fyrir stöðuljós eða aðalljós.**

Ljósaborðið og vinnuljósin kvikna ef kveikt var á ljósaborðinu og vinnuljósunum þegar slökkt var síðast á rafmagninu.

2. Ýttu á kveikja/slökkva-hnapp fyrir ljósaborð til að kveikja á ljósaborðinu.

Aðeins er hægt að kveikja á vinnuljósunum eftir að kveikt hefur verið á ljósaborðinu. Þegar kveikt er á borðinu logar táknið á kveikja/slökkva-hnappinum grænt. Áður vistaðar stillingar vinnuljósa eru teknar í notkun.

3. Kveiktu og slökktu á vinnuljósunum með samsvarandi hnöppum fyrir vinnuljós.

Þegar kveikt er á vinnuljósi logar táknið á hnappi fyrir vinnuljós grænt. Ljosið logar grænt jafnvel þótt raunveruleg vinnuljós séu ekki uppsett.

4. Notaðu sjálfvirk vinnuljós að aftan með samsvarandi hnöppum fyrir vinnuljós.

Þegar sjálfvirk notkun er virkjuð kviknar sjálfkrafa á vinnuljósunum að aftan þegar vendigírsstöngin er í afturábak-stöðu. Með Skyview-búnaðinum virka hliðarvinnuljósin eins.

5. Ýttu aftur á kveikja/slökkva-hnapp fyrir ljósaborð til að slökkva á ljósaborðinu.


Einnig er hægt að slökkva á borðinu með því að slökkva á stöðuljósunum. Þegar slökkt er á borðinu eru stillingar vinnuljósa vistaðar og teknar í notkun þegar kveikt er á borðinu aftur.

ATHUGASEMD: Hægt er að kveikja og slökkva á snúningsljósinu (valkvætt) á óháðan hátt af ljósaborðinu.

6. Snúðu ljósarofanum í slökkt-stöðu.

3.4.4 Ljós í stýrishúsi notað

Dráttarvélin er búin þrepaljósi(-um) og ljósum í stýrishúsi.



1. Ljós í stýrishúsi
2. Rofi fyrir ljós í stýrishúsi

Ljós í stýrishúsi og þrepaljós virka sjálfvirk sem hér segir:


- Þegar hurðin er opnuð kvikna bæði ljós í stýrishúsi og þrepaljós.
- Þegar hurðinni er lokað slokna ljósin eftir 10 sekúndur.
- Ef hurðin er skilin eftir opin slokna ljósin eftir 10 mínútur.

Rofinn fyrir ljós í stýrishúsi hefur þrjár stöður: Vinstri, miðja og hægri.

- **Til að kveikja á ljósum í stýrishúsi ýtir þú rofanum til hægri**
Tvö hvít ljós loga óslitið í stýrishúsinu en rauða ljósdíóðuljósíð er slökkt.
- **Til að slökkva á ljósum í stýrishúsi ýtir þú rofanum í miðstöðuna.**
Hvítu ljósin tvö í stýrishúsinu og þrepaljós(in) kvikna aðeins þegar hurðin er opnuð. Rauða ljósdíóðuljósíð logar ekki.
- **Til að kveikja á rauða þilljósinu ýtir þú rofanum til vinstri.**
Rauða ljósdíóðuljósíð logar óslitið og það kviknar á hvítu ljósunum tveimur í stýrishúsinu þegar hurðin er opnuð.

3.4.5 Vasaljósíð notað

Vasaljósíð (valkvætt) er fest í höldu á vinstri B-stoð í stýrishúsi.



1. Vasaljós
2. Kveikja/slökkva-hnappur fyrir vasaljós
3. Gaumljós fyrir hleðslu rafgeymis

Segullinn neðan á vasaljósínu gerir þér kleift að festa það sem vinnuljós við mismunandi fleti. Þegar kveikt er á vasaljósínu logar gaumljósíð fyrir hleðslu rafhlöðu sem hér segir:

- Logar ekki = geta rafhlöðu er yfir 50%
- Appelsínugult = geta rafhlöðu er innan við 50%
- Rautt = geta rafhlöðu er innan við 10%
- **Til að nota vasaljósíð:**
 - **Togaðu vasaljósíð úr höldunni.**
Vasaljósínu er haldið af segli.
 - **Til að fá bjart ljós úr vasaljósínu skaltu ýta á kveikja/slökkva-hnappinn.**
 - **Til að fá dauft ljós úr vasaljósínu skaltu ýta aftur á kveikja/slökkva-hnappinn.**
 - **Til að slökkva á vasaljósínu skaltu ýta á kveikja/slökkva-hnappinn í þriðja sinn.**


- Til að hlaða vasaljósið:
 - Settu vasaljósið í hölduna.
Þegar rafmagn er á dráttarvélinni er vasaljósið hlaðið og græna gaumljósið logar.
 - Tengdu viðbótarhleðslutæki við micro USB-tengilinn í vasaljósinu.

Til dæmis má nota bílhleðslutæki eða farsímahleðslutæki.

MIKILVÆGT: Vasaljósið inniheldur litíum-rafhlöðu. Ef rafhlaðan hefur runnið sitt skeið skal endurvinna vasaljósið á viðeigandi hátt.

3.5 Tilkynningarbúnaður notaður

3.5.1 Stefnuljós notuð




1. Fjölverk stöng
2. Gaumljós fyrir stefnuljós

- Til að kveikja á vinstra stefnuljósinu færir þú fjölvirku stöngina upp á við.

3. Notkun

- Til að kveikja á hægri stefnuljósinu færir þú fjölvirku stöngina niður á við. Vinstri eða hægri gaumljós blikka samsvarandi.

3.5.2 Flautan notuð




1. Flautuhnappur

- Til að þeyta flautuna ýtir þú á flautuhnappinn.

3.5.3 Snúningsljósið notað

Snúningsljós er aukabúnaður.



1. Hnappur fyrir snúningsljós


1. Ýttu á hnapp fyrir snúningsljós til að kveikja eða slökkva á ljósinu.

Þegar það er kveikt er logar táknið á hnappinum grænt.

ATHUGASEMD: Hægt er að kveikja og slökkva á snúningsljósinu (valkvætt) á óháðan hátt af ljósaborðinu.

3.5.4 Hættuljós notuð

Hægt er að kveikja á öllum fjórum stefnuljósunum til að vara við hættulegum aðstæðum.



1. Rofi fyrir hættuljós

1. Til að láta öll fjögur stefnuljósin blikka ýtir þú niður táknhlið rofans.
2. Til að stöðva blikkið ýtir þú niður gagnstæðri hlið rofans við táknið.


ATHUGASEMD: Ef kveikt er á hættuljósunum og kveikjurofanum er snúið á



(SLÖKKT) helst kveikt á aðalrafmagninu þar til slökkt er á hættuljósunum.

3.6 Hitun og viðrun

3.6.1 Hitarinn notaður



1. Stýrihnúður SLÖKKT/viftuhraði
2. Stjórnhnúður hitastigs


- Til að stjórna hraða viftunnar skaltu snúa stjórnhnúð viftuhraða.
- Til að stjórna hitanum skaltu snúa stjórnhnúð hitastigs.

3.6.2 Handvirka loftræstingin notuð

Handvirka loftræstingarkerfið er valkvæður búnaður.

MIKILVÆGT: Notaðu loftræstinguna reglubundið til að koma í veg fyrir að þjappan festist.

MIKILVÆGT: Þegar loftræstingin er notuð skal hafa hurðir og glugga stýrishússins lokuð.




1. Stýrihnúður SLÖKKT/viftuhraði
2. Loftræsting KVEIKJA/SLÖKKVA
3. Stjórnhnúður hitastigs

1. Ýttu á KVEIKJA/SLÖKKVA-hnapp loftræstingar til að kveikja á loftræstingunni.
Ljósið á KVEIKJA/SLÖKKVA-hnappi loftræstingar logar.
2. Til að stjórna hraða viftunnar skaltu snúa stjórnhnúð viftuhraða.
3. Til að stjórna hitanum skaltu snúa stjórnhnúð hitastigs.

3.6.3 Handvirk loftræsting og viðbótarhitari notuð

Viðbótarhitarinn er valkvæður búnaður.



1. Stýrihnúður SLÖKKT/viftuhraði
2. Loftræsting KVEIKJA/SLÖKKVA
3. Stjórnhnúður SLÖKKT/viftuhraða viðbótarhitara
4. Stjórnhnúður hitastigs

1. Ýttu á KVEIKJA/SLÖKKVA-hnapp loftræstingar til að kveikja á loftræstingunni.
Ljósið á KVEIKJA/SLÖKKVA-hnappi loftræstingar logar.
2. Til að stjórna hraða viftunnar skaltu snúa stjórnhnúð viftuhraða.
3. Til að stjórna hitanum skaltu snúa stjórnhnúð hitastigs.
4. Til að blása heitu lofti um neðri hluta stýrishússins skaltu snúa stjórnhnúð viftuhraða viðbótarhitara.
5. Til að nota eldsneytisknúna hitarann skaltu kveikja á viðbótarhitaranum.



VARÚÐ: Þegar slökkt er á viðbótarhitaranum er kælivökvi ekki í hringrás frá eldsneytisknúna hitaranum og áfram. Þetta veldur því að eldsneytisknúni hitarinn ofhitnar ef kveikt er á honum.

3.6.4 Sjálfvirk loftræsting

Sjálfvirka loftræstingarkerfið er valkvæður búnaður.

MIKILVÆGT: Notaðu loftræstinguna reglubundið til að koma í veg fyrir að þjappan festist.

MIKILVÆGT: Þegar loftræstingin er notuð skal hafa hurðir og glugga stýrishússins lokuð.


Notkunarhitastig loftræstingarinnar er $-40^{\circ}\text{C} \dots +80^{\circ}\text{C}$. Skjárinn hægir á sér við -30°C og hættir að virka við -40°C .

Þegar unnið er við kaldar aðstæður helst loftræstingin í ræsingarham þar til hitastig kælivökva hreyfils nær $+40^{\circ}\text{C}$. Meðan á ræsingarham stendur er viftuhraði í lágmarki. Ræsingarham lýkur þegar kælivökvi hreyfils hefur náð $+40^{\circ}\text{C}$ hita, eða í eftirfarandi tilfellum:

- Afísing er tengd
- LO-hamur er tengdur
- Annar viftuhraði er valinn handvirkt


3.6.4.1 Stjórnborð og skjár fyrir sjálfvirka loftræstingu

Stjórnborð



1. Stjórnhnúður viftuhraða (val SLÖKKT/Sjálfvirkt/Handvirkt)
2. Afísa
3. Skjár
4. Loftræsting KVEIKT/SLÖKKT
5. Stjórnhnúður hitastigs
6. Minnka viftuhraða viðbótarhitara (val Handvirkt/SLÖKKT/Sjálfvirkt)
7. Auka viftuhraða viðbótarhitara (val KVEIKT/Handvirkt)

Skjár




1. Sjálfvirkur hamur
2. Hraði viftu
3. Stilla hitastig
4. Viðbótarhitari
5. ECO-hamur

Vísir	Vísun
AUTO	Birtist þegar kveikt er á sjálfvirkum viftuhraða og þjöppu loftræstingar.
*■■■■■■■	Birtir hraða viftunnar.
■■°C	Birtir valið markhitastig. Ef stillt lægra en 16°C birtist LO. Ef stillt hærra en 29°C birtist HI.
AUTO *■■■	Birtir stöðu og hraða viftu fyrir viðbótarhitara (OFF, 1, 2, AUTO).
ECO	Birtist þegar kveikt er á ECO-ham (hitastýring án þess að kveikt sé að þjöppu loftræstingar).

3.6.4.2 Sjálfvirka loftræstingin notuð

ATHUGASEMD: Þegar þú ræsir dráttarvélina fer loftræstingin sjálfgefið sjálfkrafa í þá stillingu sem síðast var valin.

ATHUGASEMD: Ef rafgeymirinn hefur verið aftengdur byrjar loftræstingarkerfið sjálfkrafa kvörðunarferli þegar stjórnhnúði viftuhraða er snúið á SJÁLFRIRKT. Meðan á kvörðun stendur er ekki hægt að nota loftræstingarkerfið.



1. Stjórnhnúður viftuhraða
2. Skjár
3. Loftræsting KVEIKJA/SLÖKKVA
4. Stjórnhnúður hitastigs

- Til að virkja sjálfvirka loftræstingarkerfið skaltu snúa stjórnhnúð viftuhraða í stöðuna AUTO.

Þegar sjálfvirka loftræstingin og þjappa loftræstingar eru virkar logar ljósdíóðan við hlið KVEIKJA/SLÖKKVA-hnapps loftræstingar og vísirinn AUTO er birtur á skjánum. Kerfið stjórnar viftuhraðanum sjálfvirkt.

- Veldu markhitastigið með stjórnhnúð hitastigs.

Markhitastigið er sýnt á skjánum.

- Til að ná hámarkskælingaráhrifum skal snúa hnúðnum í ítrustu kælingarstöðu.

Vísirinn LO er sýndur á skjánum.

- Til að ná hámarkshitunaráhrifum skal snúa hnúðnum í ítrustu hitunarstöðu.

Vísirinn HI er sýndur á skjánum.

- Til að stjórna viftuhraðanum handvirkt skal snúa stjórnhnúð viftuhraða réttisælis á markhraðann.


Viftuhraðinn er sýndur á skjánum.

- Til að afvirkja sjálfvirka loftræstingarkerfið skaltu snúa stjórnhnúð viftuhraða í stöðuna OFF.

3.6.4.3 ECO-hamur notaður

Notaðu ECO-ham loftræstingar til að hafa stjórn á hitastigi stýrishússins án þjöppu loftræstingar. Í ECO-ham reynir kerfið að ná markhitastigi með því að stilla

vatnslokann og viftuhraðann. Þessi hamur sparar bæði rafmagn af geymi og eldsneyti.



1. Stjórnhnúður viftuhraða
2. Skjár
3. Loftræsting KVEIKJA/SLÖKKVA
4. Stjórnhnúður hitastigs


- **Notaðu ECO-haminn þegar loftræstingarkerfið er í AUTO-ham.**
 - Slökktu á þjöppu loftræstingar með því að ýta á þrýstihnapp til að KVEIKJA/SLÖKKVA á loftræstingunni.
Viftuhraðanum er stjórnað af kerfinu og vísarnir AUTO og ECO eru birtir.
 - Veldu markhitastigið með stjórnhnúð hitastigs.
Ef þú snýrð hitastiginu á LO kviknar sjálfvirkir á þjöppu loftræstingar.
- **Notaðu ECO-haminn þegar loftræstingarkerfið er í handvirkum ham.**
 - Slökktu á þjöppu loftræstingar með því að ýta á þrýstihnapp til að KVEIKJA/SLÖKKVA á loftræstingunni.
 - Veldu markhraða viftu með stjórnhnúð viftuhraða.
 - Veldu markhitastigið með stjórnhnúð hitastigs.
Ef þú snýrð hitastiginu á LO kviknar sjálfvirkir á þjöppu loftræstingar.
- **Til að afvirkja ECO-haminn:**
 - Ýttu á KVEIKJA/SLÖKKVA-hnapp loftræstingarinnar (þjappa loftræstingar er virkjuð), eða
 - snúðu stjórnhnúð viftuhraða á AUTO, eða
 - snúðu stjórnhnúð viftuhraða á OFF.

3.6.4.4 Viðbótarhitarinn notaður

Notaðu viðbótarhitarann til að blása lofti í neðri hluta stýrishússins.

Viðbótarhitarinn gengur sjálfvirkur þegar loftræstingin er í AUTO- eða ECO-ham.

Viðbótarhitarinn er með fjóra hami: AUTO, viftuhraði 1, viftuhraði 2 og OFF.



1. Viftuhraði sjálfvirkur loftræstingur
2. Minnkun viftuhraða viðbótarhitara
3. Skjár sem sýnir stöðu og hraða viftur viðbótarhitara
4. Aukning viftuhraða viðbótarhitara

- **Notaðu viðbótarhitarann þegar loftræstingarkerfið er í AUTO-ham.**

Loftræstingarkerfið er í AUTO-ham þegar annar hvor vísirinn AUTO eða AUTO-ECO er birtur.

- Ýttu á minnkunar- og aukningarhnappa viftuhraða viðbótarhitara til að
 - skipta á milli AUTO- og OFF-hama viðbótarhitara og
 - minnka og auka viftuhraða viðbótarhitara handvirkt.


- **Notaðu viðbótarhitarann þegar loftræstingarkerfið er í ECO-ham.**

Loftræstingarkerfið er í ECO-ham þegar vísirinn ECO er birtur. Í þessum ham er slökkt á þjöppu loftræstingur og viftuhraða loftræstingur er stjórnað handvirkt.

- Ýttu á minnkunar- og aukningarhnappa viftuhraða viðbótarhitara til að skipta á milli hraða 1, hraða 2 og OFF.

3.6.4.5 Afísing notuð

Notaðu afísingu til að hreinsa hrím eða móðu af gluggum.



1. Afísa

- **Til að virkja afísingu skal ýta á afísingarnappinn.**

Ljósdióðan við hlið hnappsins logar. Þegar afísun er virk er viftuhraðinn í hámarki og textinn HI er birtur.

- **Til að afvirkja afísingu skal ýta aftur á afísingarnappinn.**

Gaumljósdióða afísunarhnappsins slökknar og fyrri hamur loftræstingur er endurreistur.

3.6.5 Eldsneytisknúinn hitari

Eldsneytisknúni hitarinn (valkvæður búnaður) notar sama eldsneyti og dráttarvélin og er hægt að nota hann til að hita hreyfilinn og stýrishúsið. Hitarinn hitar fyrst og fremst hreyfilinn og síðan stýrishúsið. Hitaranum er stjórnað annaðhvort á hitaraborðinu eða fjarstýrt gegnum farsíma og þrýstihapp í mælaborðinu.



VARÚÐ: Meðan á hitunartímabilinu stendur skal hreinsa útblástursrör eldsneytisknúna hitarans daglega og umhverfi hans mánaðarlega. Við rykugar aðstæður skal hreinsa oftar. Hætta er á að það kvikni í þurru heyi eða öðrum óhreinindum.



VARÚÐ: Þegar hitarinn er notaður verður svæðið beint undir hitaranum að vera autt.


ATHUGASEMD: Ef eldsneytisknúni hitarinn er notaður við kaldar aðstæður í meira en 3 klukkustundir kann það að tæma rafgeyminn.

Hægt er að nota eldsneytisknúna hitarann með loftræstingarkerfi dráttarvélarinnar. Með sjálfvirku loftræstingunni eru engar takmarkanir. Með handvirku loftræstingunni og viðbótarhitara skal athuga eftirfarandi:



VARÚÐ: Áður en eldsneytisknúni hitarinn er notaður með handvirka loftræstingarkerfinu verður að setja viðbótarhitarann í stöður 1-3 á meðan kveikt er á rafmagni dráttarvélarinnar. Þegar slökkt er á viðbótarhitaranum er kælivökvi ekki í hringrás frá eldsneytisknúna hitaranum og áfram. Þetta veldur því að eldsneytisknúni hitarinn ofhitnar ef kveikt er á honum.

3.6.5.1 SIM-kort sett í farsímastýrða hitarann




1. Skrúfa
2. GSM-mótald
3. Hnappur
4. SIM-kort

1. Slökktu á rafmagni dráttarvélar.
2. Opnaðu hlífina á rafmagnsmiðstöðinni.
GSM-mótaldinu er komið fyrir á botni rafmagnsmiðstöðvarinnar.
3. Losaðu skrúfuna.
4. Snúðu GSM-mótaldinu í áttina til þín.
5. Ýttu á hnappinn til að smella út höldu SIM-kortsins.
6. Settu SIM-kortið í hölduna.
7. Ýttu höldu SIM-kortsins á sinn stað.
8. Snúðu GSM-mótaldinu á sinn stað og hertu skrúfuna.
9. Settu hlífina á rafmagnsmiðstöðina.

3.7 Rafmagnsinnstungur

3.7.1 Kveikjari og rafmagnsinnstungur


Kveikjarainnstunga og rafmagnsinnstungur gefa 12 V jafnstraum; 10 A að hámarki.



1. Kveikjari
2. Rafmagnsinnstunga á fremra stjórnborði (valkvætt)
3. Rafmagnsinnstunga á hægri hlið (valkvætt)

3.7.2 Tveggja-pinna strauminnstunga og rafmagnsrofi notuð

2-pinna strauminnstungan gefur 12 V jafnstraum; 10 A að hámarki.




1. Rafmagnsrofi
2. 2-pinna strauminnstunga
3. 2-pinna strauminnstunga
4. Rafmagnsinnstunga

2-pinna strauminnstungan hægra megin er virk þegar kveikt er á aðalrafmagninu.


2-pinna strauminnstungunni vinstra megin og rafmagnsinnstungunni aftan á dráttarvélinni er stjórnað með rafmagnsrofanum.

- Til að tengja rafmagn 2-pinna strauminnstungu ýtir þú niður táknhlið rofans.
- Til að aftengja rafmagn 2-pinna strauminnstungu ýtir þú niður þeirri hlið rofans sem er gagnstæð táknu.

3.7.3 Þriggja-pinna strauminnstunga



1. Þriggja-pinna strauminnstunga á framborði (valkvætt)
2. Þriggja-pinna strauminnstunga hægra megin
3. Þriggja-pinna strauminnstunga hægra megin (valkvætt)
4. 25 A
5. 5 A
6. Jörð


Jafnstraumur er veittur gegnum strauminnstunguna fyrir mismunandi stillingarþætti, áhöld, o.s.frv. 5 A eru fánleg gegnum kveikjurofann og 25 A beint frá rafgeymi. Þinni 25 A straumgjafa slekkur á sér eftir seinkun þegar kveikjurofanum er snúið í stöðuna  (SLÖKKT).

3.7.4 Innstunga fyrir vagn

Innstunga aftan á

Straumi frá dráttarvélinni til vagnsins er miðlað gegnum innstungu fyrir vagn.


3. Notkun



1. Vinstri stefnuvísir (gulur)
2. Straumur kveikjurofa, hámm. 10 A (blár)
3. Jarðtenging (hvítur)
4. Hægri stefnuvísir (grænn)
5. Hægri stöðuljós (brúnn)
6. Hemlaljós (rauður)
7. Vinstri stöðuljós (svartur)

Innstunga framan á

Rafmagnsinnstunga framan á er valkvæður búnaður. Til dæmis er hægt að nota hana til að miðla straumi fyrir ljósin og blikkarana á áhöldum að framan.



1. Innstunga framan á

3.8 Dráttarvélinni ekið

3.8.1 Tilkynningar um stýringu



VARÚÐ: Ef hreyfillinn stöðvast á meðan dráttarvél er á hreyfingu (til dæmis ef eldsneytið klárast) skaltu ekki stíga á kúplingarfótstigið. Þegar dráttarvél er á hreyfingu og skiptingin er tengd gengur hreyfillinn og það er þrýstingur á kerfinu. Ef stigið er á kúplingarfótstigið gengur vökvadælan ekki og stýringin verður óvirk vegna þess að það er enginn vökvaprýstingur í kerfinu.



VIÐVÖRUN: Ef bilun verður í stýriskerfinu skaltu stöðva dráttarvélinu og leiðréttu bilunina áður en þú endurræsis.

ATHUGASEMD: Þegar hreyfillinn er ekki í gangi er stýringin ekki með aflaðstoð.

3.8.2 Vendigír

Þú getur breytt akstursstefnu hnökralaust með vendigírsstönginni. Tenging vendigírsins er sjálfvirk.

Þú getur farið fram á breytingu á akstursstefnu með vendigírsstönginni á hvaða aksturshraða sem er, en skiptingin byrjar ekki að tengja nýja akstursstefnu fyrr en hraðinn er undir 10 km/klst. Ef aksturshraðinn er meiri sleppir gripið og skiptingin fer í hægagang þar til hraðinn er nægilega lítill. Nýja stefnuörin byrjar að leiftra til að gefa til kynna að beðið hafi verið um breytingu á akstursstefnu. Stefnuörin logar óslitið þegar nýja stefnan hefur tengst. Ef þú færir vendigírsstöngina aftur í upprunalega stefnu og aksturshraðinn er enn yfir 10 km/klst. tengist gripið samstundis.

Stjórnandaskynjarinn kemur í veg fyrir tengingu gírsins ef þú ert ekki í sætinu. Ef stefnan er valin leiftrar örin fyrir valda stefnu á skjáborðinu. Valin stefna tengist

ekki fyrr en þú situr í sætinu og færir vendigísstöngina í stöðuhemilsstöðuna (P) og síðan í óskaða stöðu.

Ef aksturshraðinn er undir 5 km/klst. og stjórnandinn yfirgefur sætið í meira en tvær sekúndur án þess að stíga meira en 10% á kúplingarfótstigið aftengist vendigírinn og stefnuörin leiftrar. Stefnan helst valin en tengist ekki fyrr en stjórnandinn sest í sætið og færir vendigísstöngina í stöðuhemilsstöðuna (P) og síðan í óskaða stefnu.



HÆTTA: Farðu ekki úr sætinu þegar dráttarvélin er á hreyfingu.

3.8.3 Stöðuhemill

Þegar stöðuhemillinn er á er fjórhjóladrifið (4WD) tengt og öll hjól hempla.


Þú getur notað stöðuhemilinn með því að breyta stöðu vendigísstangar. Stöðuhemillinn tengist þegar aksturshraði er um það bil 3 km/klst. eða minni.

MIKILVÆGT: Settu alltaf stöðuhemilinn á þegar dráttarvélinni er lagt.



VARÚÐ: Ef þú verður að yfirgefa stýrishúsið með hreyfillinn í gangi skaltu færa vendigísstöngina í stöðuhemilsstöðuna. Tryggðu alltaf að stöðuhemillinn sé raunverulega tengdur áður en þú yfirgefur dráttarvélinu.




VARÚÐ: Gaumljós stöðuhemils  leiftrar eða skilaboð "PARKING BRAKE FAULT!" eru sýnd á mælaborðsskjánum ef bilun er í stöðuhemilskerfinu. Til viðbótar varar hljóðgjafinn óslitið við. Ekki er víst að stöðuhemillinn virki almennilega. Leggðu dráttarvélinni á jafnsléttu og gerðu við bilunina áður en þú heldur áfram akstri.

Við sumar aðstæður þegar stöðuhemillinn er tengdur (til dæmis eftir að hafa unnið með þunga byrði) kann hreyfillinn að framkvæma kælingu eftirmeðferðarkerfisins með því að auka snúningshraða hægagangs eitt augnablik. Orðið COOL leiftrar á skjánum á A-stoðinni.

MIKILVÆGT: Stöðvaðu ekki hreyfillinn á meðan snúningshraði hægagangs er aukinn og orðið COOL leiftrar á skjá A-stoðar. Stöðvun hreyfilsins kann að skemma eftirmeðferðarkerfið.

3.8.4 Vendingírsstöngin notuð




1. Vendingírsstöng


- F (framstaða) = akstursstefna áfram
- N (miðjustaða) = hlutlaus
- R (afturstaða) = akstursstefna afturábak
- P = stöðuhemilsstaða

- **Tengdu stöðuhemilinn:**

Stöðvaðu dráttarvélina fullkomlega. Togaðu upp kragann utan um vendigírsstöngina og færðu stöngina í stöðuhemilsstöðuna (P).




1. Vendigírsstöng
2. Kragi

Gaumljós stöðuhemils  á mælaborðinu og P-táknið á skjánum á A-stoðinni loga. Ef gaumljósið leiftrar er tengingu stöðuhemilisins seinkað. Stöðuhemillinn tengist þegar aksturshraði er um það bil 3 km/klst. eða minni. Ef þú færir vendigírsstöngina í stöðuna P á meiri aksturshraða leiftrar P-táknið á skjánum á A-stoð þar til hraðinn fellur niður fyrir mörkin.



HÆTTA: Settu stöðuhemilinn á þegar dráttarvélinni er lagt. Dráttarvélina getur enn hreyfst ef stöðuhemillinn er ekki settur á, jafnvel þótt dráttarvélinni sé lagt og slökkt sé á rafmagninu.



VARÚÐ: Gaumljós stöðuhemils  leiftrar eða skilaboð "PARKING BRAKE FAULT!" eru sýnd á mælaborðsskjánum ef bilun er í stöðuhemilskerfinu. Til viðbótar varar hljóðgjafinn óslítið við. Ekki er víst að stöðuhemillinn virki almennilega. Leggðu dráttarvélina á jafnsléttu og gerðu við bilunina áður en þú heldur áfram akstri.

- **Aftengdu stöðuhemilinn:**

Togaðu upp kragann utan um vendigírsstöngina og færðu stöngina úr stöðuhemilsstöðunni (P) í hlutlausu stöðuna (N). Ef gaumljósið leiftrar er aftengingu stöðuhemilisins seinkað.

- **Veldu óskaða akstursstefnu:**


Færðu vendigírsstöngina í akstursstefnu áfram (F) eða afturábak (R). Skiptu um akstursstefnu á hægum aksturshraða með mikla byrði svo að minna álag verði á aflskiptinguna.


3.8.5 Tengslahraði vendigírs stilltur

Þú getur stillt tengslahraða vendigírs gegnum stillingar á skjá A-stoðar.

Vísitalan ákvarðar hversu hratt kraftvægi vendigírsins eykst upp í hámarksgildi þegar kúplingin er tengd. Vísitalan hefur áhrif á bæði F (áfram) og R (afturábak) kúplingartengslin. Gildið er á sviðinu 1–10 þar sem:


- 1 = er mjög hæg tenging
- 10 = er mjög hröð tenging

1. Ýttu á  til að virkja skjáinn á A-stoðinni
2. Ýttu á **SET** til að fara í stillingarvalmyndina.



Textinn "Ind" er sýndur.


3. Ýttu á **SET** til að fara í atriðalistann.



Fyrri helmingur neðstu línunnar logar til að gefa til kynna að færíbreytunúmerið sé sýnt.

4. Ýttu á upp-örina eða niður-örina til að velja atriðið sem á að breyta. Færíbreytunúmerið fyrir tengslahraða vendigírs er 30.

5. Ýttu á **SET**.



Seinni helmingur neðstu línunnar logar til að gefa til kynna að gildi færíbreytu sé sýnt.


6. Ýttu á upp-örina eða niður-örina til að breyta gildi færíbreytunnar.

7. Ýttu á  til að vista gildið.

8. Ýttu á  til að fara úr stillingarvalmynd og vista allar breytingar.

3.8.6 Kúplingarfótstig

3.8.6.1 Kúplingarfótstigið notað í akstri



1. Kúplingarfótstig

1. Stígðu á kúplingarfótstigið til að sleppa gripinu.

2. Lyftu kúplingarfótstiginu smátt og smátt upp.

ATHUGASEMD: Láttu fótinn aldrei hvíla á kúplingarfótstiginu þegar þú ekur.

ATHUGASEMD: Leyfðu kúplingunni ekki að snuða meira en nauðsynlegt er þegar þú ekur af stað.

3. Stígðu ekki kúplingarfótstigið alla leið niður ef þú vilt að dráttarvélin hreyfist mjög hægt.

Þú getur notað þennan eiginleika þegar þú tengir áhöld við.

ATHUGASEMD: Þegar kúplingin er notuð til að hreyfa dráttarvélin mjög hægt kann tengingarpunktur kúplingarinnar að breytast og kúplingin tengist fyrr.



VARÚÐ: Ef hreyfillinn stöðvast á meðan dráttarvélin er á hreyfingu (til dæmis ef eldsneytið klárast) skaltu ekki stíga á kúplingarfótstigið. Þegar dráttarvélin er á hreyfingu og skiptingin er tengd gengur hreyfillinn og það er þrýstingur á kerfinu. Ef stigið er á kúplingarfótstigið gengur vökvadælan ekki og stýringin verður óvirk vegna þess að það er enginn vökvaprýstingur í kerfinu.




VARÚÐ: Farðu ekki niður brekkur þegar þú stendur á kúplingarfótstiginu.


3.8.6.2 Tengslastaða kúplingarfótstigs stillt

Þú getur stillt tengslastöðu kúplingarfótstigs og eiginleika kúplingarsnuðs í samræmi við óskir þínar gegnum stillingar skjás á A-stoð.

Vísitalan ákvarðar hversu fljótt kúplingin tengist þegar kúplingarfótstiginu er lyft. Gildissviðið er á milli 1–4.


- 1 = kúplingin tengist fljótt, tengslapunkturinn er tiltölulega lágur.
- 4 = kúplingin tengist hægt, tengslapunkturinn er tiltölulega hár.

1. Ýttu á  til að virkja skjáinn á A-stoðinni
2. Ýttu á **SET** til að fara í stillingarvalmyndina.




Textinn “Ind” er sýndur.

3. Ýttu á **SET** til að fara í atriðalistann.





Fyrri helmingur neðstu línunnar logar til að gefa til kynna að atriðisnúmerið sé sýnt.

4. Ýttu á upp-örina eða niður-örina til að velja færíbreytuna sem á að breyta.
Færíbreytunúmerið fyrir tengslastöðu kúplingarfótstigs er 3.
5. Ýttu á **SET**.




Seinni helmingur neðstu línunnar logar til að gefa til kynna að gildi færíbreytu sé sýnt.

6. Ýttu á upp-örina eða niður-örina til að breyta gildi færíbreytunnar.
Gildissviðið er á milli 1–4.
7. Ýttu á  til að vista gildið.
8. Ýttu á  til að fara úr stillingarvalmynd og vista allar breytingar.

3.8.7 Hemlun

Hægt er að nota hemlafótstigin á mismunandi hátt við ýmsar vinnuaðstæður.



1. Klinka fyrir hemlafótstig
2. Hemlafótstig

Dráttarvélin er með tvö hemlafótstig sem tengjast afturhjólnum til hægri og vinstri, hvort um sig. Öll fjögur hjólin hemla þegar stigið er á bæði fótstigin. Hægt er að læsa fótstiginum saman með krækju til að hemla jafnt á öllum fjórum hjólum.



VARÚÐ: Hemlafótstigin verða að vera krækt saman þegar þú ekur á veginum.




VIÐVÖRUN: Ef virknivandamál kemur upp í hemlunarkerfinu skaltu stöðva dráttarvélinu og gera við bilunina áður en þú heldur áfram.

- Til að hemla jafnt á öllum fjórum hjólum skaltu stíga á bæði hemlafótstig.



HÆTTA: Hemlun er veikari ef viðvörðunarljós fyrir olíuþrýsting í girkassa logar og gaumljósið STOPP byrjar að leiftra. Stöðvaðu dráttarvélinu og lagfærðu bilunina áður en þú heldur áfram.



VARÚÐ:


Ef þú verður að hemla skyndilega og af þunga skaltu stíga á kúplingarfótstigið um leið og hemlafótstigið. Að öðrum kosti kunna hemlarnir að læsast og dráttarvélin að hreyfast stjórnlaust.

- Til að styrkja stýringuna með því að hemla þegar snúið er á túninu skaltu stíga á fótstigið sem snýr inn í beygjuna.

3.8.8 Neyðarhemilshnappurinn notaður


Notaðu neyðarhemilinn aðeins í neyðartilfellum ef hemlun með hemlafótstignum er ekki möguleg.



VARÚÐ: Ekki er hægt að nota það sem neyðarhemil að snúa kveikjurofanum í stöðuna  (SLÖKKT). Neyðarhemillinn virkar aðeins þegar kveikt er á rafmagninu.



VARÚÐ: Notkun neyðarhemils losar gripið.



1. Neyðarhemilshnappur

1. Ýttu á neyðarhemilshnappinn til að hefja hemlun.

Neyðarhemilshnappurinn notar hámarkshemlunarkraft.
Skilaboð “SECONDARY BRAKE!” eru sýnd á skjá mælaborðs.

2. Slepptu neyðarhemilshnappinum til að hætta hemlun.



VARÚÐ: Ef neyðarhemillinn er notaður við sleipar aðstæður getur það leitt til skrens og missi stjórnar. Slepptu neyðarhemlinum samstundis þegar hætta er á að hjólin læsist. Slepptu neyðarhemlinum aðeins ef þú getur gert það á öruggan hátt.



VARÚÐ: Neyðarhemillinn notar stöðuhemilinn sem ekki er hannaður fyrir óslitna notkun. Stöðuhemillinn getur bilað.




VARÚÐ: Skilaboð “SECONDARY BRAKE FAULT!” eru sýnd á mælaborðsskjánum ef bilun er í neyðarhemilskerfinu. Neyðarhemill er ekki í notkun.

3.8.9 Neyðarhemilsstöngin notuð


Notaðu neyðarhemilsstöngina aðeins í neyðartilfellum ef hemlun með hemlafótstignum er ekki möguleg.



VARÚÐ: Ekki er hægt að nota það sem neyðarhemil að snúa kveikjurofanum í stöðuna  (SLÖKKT). Neyðarhemillinn virkar aðeins þegar kveikt er á rafmagninu.



VARÚÐ: Notkun neyðarhemils losar gripið.



1. Neyðarhemilsstöng

1. Togaðu í neyðarhemilsstöngina til að hefja hemlun.

Togaðu hægt í stöngina til að hefja hemlun smátt og smátt. Togaðu stöngina hratt niður til að fá hámarkshemlunarkraft.

Skilaboð “**SECONDARY BRAKE!**” eru sýnd á skjá mælaborðs.

2. Slepptu neyðarhemilsstönginni til að hætta hemlun.



VARÚÐ: Ef neyðarhemillinn er notaður við sleipar aðstæður getur það leitt til skrens og missi stjórnar. Slepptu neyðarhemlinum samstundis þegar hætta er á að hjólin læsist. Slepptu neyðarhemlinum aðeins ef þú getur gert það á öruggan hátt.



VARÚÐ: Neyðarhemillinn notar stöðuhemilinn sem ekki er hannaður fyrir óslitna notkun. Stöðuhemillinn getur bilað.



VARÚÐ: Skilaboð “**SECONDARY BRAKE FAULT!**” eru sýnd á mælaborðsskjánum ef bilun er í neyðarhemilskerfinu. Neyðarhemill er ekki í notkun.

3.8.10 Ekið af stað

1. Stígðu á kúplingarfótstigið og ræstu hreyfilinn.

2. Ef þú ert í brekku skaltu stíga á hemlafótstigin til að halda dráttarvélinni kyrrstæðri.

MIKILVÆGT: Tengdu HillHold þegar þú tekur af stað í brekku. Að öðrum kosti rykkist dráttarvélín niður í móti áður en gripið tengist, jafnvel þótt akstursstefnan sé upp í móti.

3. Veldu hraðasviðið og gírinn.

Veldu hraðasvið sem:

- Veitir hagstæðustu eldsneytiseyðslu án þess að ofhlaða hreyfilinn og skiptinguna.
- Gerir hreyflinum kleift að vinna þægilega á um 75% af hámarksafli sínu.

Hægt er að velja hvaða hraðasvið og gír sem þú vilt, en ef gír innan sviðsins C4 og D5 er valinn skiptir sjálfvirka skiptingin gírnum í C3.

MIKILVÆGT: Notaðu skriðgírinn aðeins fyrir akstur á litlum hraða. Notaðu hann ekki fyrir meiri dráttarkraft.

4. Færðu vendigírsstöngina til að aka annaðhvort áfram eða afturábak.


5. Ef þú hefur ekið af stað í brekku og staðið á hemlafótstiginum skaltu sleppa þeim.


Brekkuhaldið er virkjað og heldur dráttarvélinni kyrrstæðri.

6. Aðlagaðu aksturshraðann með akstursfótstiginu.

Þetta virkjar tekið af stað með brekkuhald. Tekið af stað með brekkuhaldi hjálpar til við að taka af stað þannig að dráttarvélín hreyfist ekki neitt niður brekkuna. Hafðu auga með gaumljósum og mælum á meðan þú ekur.



VARÚÐ: Snúðu ekki kveikjulyklinum í stöðuna  (SLÖKKT) á meðan þú ekur. Þegar slökkt er á rafmagni er neyðarhemillinn ekki í notkun og hægt er að seinka tengingu stöðuhemils.

ATHUGASEMD: Ef hreyfillinn stöðvast í akstri, til dæmis vegna yfirálags er hægt að endurræsa hann án þess að snúa fyrst kveikjulyklinum í stöðuna  (SLÖKKT). Hins vegar, ef tengibúnaður að framan, aflúttak, vökvabúnaður eða skriðstillir voru í notkun þegar hreyfillinn stöðvaðist, verður að endurræsa þau hvert fyrir sig.

3.8.11 Skiptingarkerfi

Skiptingarkerfi dráttarvélarinnar er með sex hraðasvið og fimm Powershift-þrep. Samanlagt gefur þetta dráttarvélinni 30 gíra áfram og 30 gíra afturábak.

Hraðasviðin eru kölluð LA, LB, A, B, C og D. Hraðasviðin LA og LB eru kölluð skriðhraðasvið. Raunverulegur aksturshraði sem hægt er að ná fer eftir snúningshraða hreyfils og hjólbörðum. Eftirfarandi tafla innifelur áætlaðan aksturshraða fyrir hvert hraðasvið með 1400-2100 s/mín. hraða hreyfils og SRI 875 mm hjólbarða.

Hraðasvið	N134, N154 og N174 Aksturshraði (40 km/klst. gerðir)	N134, N154 og N174 Aksturshraði (50 km/klst. gerðir)
LA	0,4-1,3 km/klst.	0,5-1,6 km/klst.
LB	0,8-2,8 km/klst.	1,0-3,5 km/klst.
A	1,9-6,5 km/klst.	2,4-8,1 km/klst.
B	4,1-14,1 km/klst.	5,2-17,5 km/klst.
C	6,2-21,1 km/klst.	7,7-26,2 km/klst.
D	13,4-40 km/klst. ¹⁾	16,7-50 km/klst. ²⁾

1) Hámarkshraði með 1846 s/mín hraða hreyfils.

2) Hámarkshraði með 1855 s/mín hraða hreyfils.

3.8.11.1 Hraðasamsvörun

Skipting hraðasviða kann að valda skyndilegum breytingum á aksturshraða. Hraðasamsvörunin reynir sjálfvirk að jafna út hraðamun sem er of mikill með því að tengja viðeigandi Powershift-gír.

Hraðasamsvörun er alltaf í gangi þegar aksturshraðinn er meiri en 0.5 km/klst. og:

- Þegar skipt er um hraðasvið.


eða

- Þegar sjálfvirk skipting er í notkun og vendigírsstöngin er í miðstöðu (N) eða gírstangarhnöppum er ýtt niður eða stigið er á kúplingarfótstigið.

3.8.11.2 Hraðasviðið valið

Hægt er að velja hraðasviðið með valhnöppum hraðasviðs.

ATHUGASEMD: Kúplingarfótstigið hefur ekki áhrif á breytingu hraðasviðs.



1. + hnappur Powershift-vals
2. - hnappur Powershift-vals
3. + hnappur hraðasviðsvals
4. - hnappur hraðasviðsvals

- **Skiptu hraðasviðinu upp með því að ýta á + hnapp hraðasviðsvals.**

Hægt er að breyta hraðasviðinu upp á við um fleiri en eitt skref í einu, til dæmis beint úr A í D. Sprettigluggi sem gefur til kynna hraðasviðsbreytingu birtist á skjánum þar til umbeðið hraðasvið hefur tengst.

- **Skiptu hraðasviðinu niður með því að ýta á - hnapp hraðasviðsvals.**

Hægt er að breyta hraðasviðinu niður á við um fleiri en eitt skref í einu, til dæmis beint úr D í A. Breytingin er útfærð að því tilskildu að aksturshraðinn þegar beiðnin er gerð sé innan skilgreindra takmarka fyrir breytingu hraðasviðs. Beiðnin helst ekki í minninu heldur þarf að endurtaka hana þegar aksturshraði hefur fallið niður fyrir mörkin. Takmörk aksturshraða fyrir breytingu hraðasviða sem gefin eru í eftirfarandi töflu eru áætluð gildi og fara eftir stærð hjólbarða:

Breyting hraðasviða	Hámarksaksturshraði (40 km/klst. gerðir)	Hámarksaksturshraði (50 km/klst. gerðir)
Breytt úr D í C	17,5 km/klst.	22 km/klst.
Breytt úr C í B	9 km/klst.	11 km/klst.
Breytt úr B í A	5,5 km/klst.	7 km/klst.

Sprettigluggi sem gefur til kynna hraðasviðsbreytingu birtist á skjánum þar til umbeðinn gír hefur tengst.

- **Skiptu hraðasviði á milli hraða C og D.**

Hægt er að skipta á milli hraðasviða C og D án þess að ýta á valhnappa hraðasviðs þegar hraðasvið C-D sjálfvirkar skiptingar er virkjað og sjálfvirka skiptingin er í handvirkum ham.

Til dæmis:


- Þegar Powershift 5 á hraðasviði C er tengdur og þú ýtir á hnappinn til að skipta upp Powershift-gírnum skiptir sjálfvirka skiptingin gírnum í viðeigandi Powershift-gír á hraðasviði D í samræmi við aksturshraða og snúningshraða hreyfils.

eða

- Þegar Powershift 1 á hraðasviði D er tengdur og þú ýtir á hnappinn til að skipta niður Powershift-gírnum skiptir sjálfvirka skiptingin gírnum í viðeigandi Powershift-gír á hraðasviði C í samræmi við aksturshraða og snúningshraða hreyfils.

3.8.11.3 Skriðhraðasvið valið

Hægt er að tengja skriðhraðasviðið með þrýstihnöppum hraðasviðs.




1. + hnappur hraðasviðsvals
2. - hnappur hraðasviðsvals

MIKILVÆGT: Aðeins er leyfilegt að tengja skriðsviðið þegar dráttarvélin er í kyrrstöðu.

1. Veldu hraðasvið A.
2. Stöðvaðu dráttarvélin og stíggðu á kúplingarfótstigið.
3. Tengdu skriðsviðið með - hnappi hraðasviðsvals.

ATHUGASEMD: Þú getur ekki tengt skriðsviðið með hraðasviðin B, C eða D valin.

Táknid  leiftrar á skjánum þar til skriðhraðasviðið er tengt.

4. Slepptu kúplingarfótstiginu.


5. Skiptu á milli hraðasviðanna LA og LB án þess að aftengja gripið með + og - hnappi.
6. Aftengdu skriðsviðið.
 - Veldu hraðasvið LB.
 - Stöðvaðu dráttarvélina og stíggðu á kúplingarfótstigið eða færðu vendigírsstöngina í stöðuna N.
 - Aftengdu skriðsviðið með + hnappi hraðasviðsvals.

3.8.11.4 Powershift notað

Þú getur skipt Powershift-gír með skiptihnöppunum.

ATHUGASEMD: Þú getur skipt Powershift-gír um meira en eitt þrep í einu, til dæmis beint úr 1. í 3., með því að þrýsta niður óskuðum Powershift-skiptihnappi. Þetta setur af stað margfaldar samfelldar Powershift-gírbreytingar. Númer valins Powershift-gírs leiftrar á skjánum á A-stoðinni þar til umbeðinn Powershift-gír hefur tengst.

ATHUGASEMD: Þegar rafmagni er hleypt á eftir að slökkt hefur verið á því í meira en 10 sekúndur er Powershift alltaf í neðsta þrepi.



1. + hnappur Powershift
2. - hnappur Powershift

- Til að hækka Powershift-gírinn ýtir þú á + hnapp Powershift.
- Til að lækka Powershift-gírinn ýtir þú á - hnapp Powershift.


Númer Powershift-gírs leiftrar á skjánum á A-stoðinni þar til skiptingarferlinu er lokið.

ATHUGASEMD: Ef niðurskipting Powershift-gírs eykur snúningshraða hreyfils umfram ásættanleg mörk kemur kerfið í veg fyrir gírskiptinguna.


3.8.11.5 Gír fyrir akstursstefnubreytingu for-forritaður

Hægt er að for-forrita óskaðan Powershift-gír til að tengjast sjálfvirkt þegar akstursstefnu er breytt.

Til dæmis er hægt, þegar unnið er með ámoksturstækjum að framan og stefnunni breytt í áfram, að tengja Powershift 1 og þegar stefnunni er breytt í afturábak er hægt að tengja Powershift 3.



1. Gír og akstursstefna í for-forritun



1. + og - hnappur Powershift
2. PowerShuttle-stöng
3. Þrýstihnappur fyrir for-forritun

Hreyfillinn verður að vera í gangi þegar þú for-forritar Powershift. Báðar stefnur geta haft mismunandi kerfi.

- Til að for-forrita Powershift-gírinn:

- Ræstu hreyfillinn.
- Stígðu á kúplinguna og hemlafótstigin til að tryggja öryggi.

Þú getur einnig gert for-forritunina á meðan þú ekur. Hins vegar er for-forritun ekki möguleg ef annarhvor skriðgírinn er tengdur.

- Veldu akstursstefnu F eða R með vendigírsstönginni.
- Veldu Powershift-gírinn með + og - hnöppunum.
- Ýttu á þrýstihnapp fyrir for-forritun Powershift í hálfra sekúndu.

Skjárnir á A-stoðinni sýnir for-forritaða akstursstefnu og Powershift-gírinn.

ATHUGASEMD: Jafnvel þótt rafmagnið sé tekið af helst for-forritunin.

Þú getur forritað hina akstursstefnuna á sama hátt.

- Til að hætta við for-forritun:

Hreyfillinn verður að vera í gangi þegar þú hættir við for-forritun.

- Ræstu hreyfillinn.
- Stígðu á kúplinguna og hemlafótstigin til að tryggja öryggi.

Þú getur einnig hætt við for-forritunina á meðan þú ekur.

- Veldu akstursstefnu F eða R með vendigírsstönginni.
- Ýttu á þrýstihnapp fyrir for-forritun Powershift í að minnsta kosti tvær sekúndur.

Þú getur hætt við forritun hinnar akstursstefnunnar á sama hátt.

3.8.11.6 Sjálfvirka skiptingin notuð

Dráttarvélir er með tvö sjálfvirk gírskiptikerfi, Auto1 og Auto2.

- Með kerfinu Auto1 er Powershift-gírunum skipt í samræmi við hlass og snúningshraða hreyfils.
- Með kerfinu Auto2 er hægt að forrita takmörk snúningshraða hreyfils fyrir skiptingu gíra upp og niður.

Í Auto1-ham er aksturshraðanum stýrt með akstursfótstiginu eða handinngjöf. Hraðastýringaraðferðin sem veitir hærra gildi hnekkir hinni aðferðinni. Sjálfvirki búnaðurinn meðhöndlar stjórn skiptingar og hreyfils og einbeittir sér að hagstæðum eldsneytissparnaði þegar álag hreyfils leyfir. Powershift-gírinn sem er í notkun hefur engin áhrif á aksturshraðann. Auto1-hamurinn inniheldur sparkskiptingareiginleika, sem skiptir Powershift-gírnum sjálfvirkni niður þegar akstursfótstigið er stigið alla leið niður og veitir besta mögulega afl í stað besta mögulega kraftvægis. Hins vegar skiptir sparkskiptingin ekki niður úr D-sviði í C-svið, jafnvel þótt sjálfvirk skipting C-D sé í notkun.

ATHUGASEMD: Mismunandi stillingar kunna að takmarka þá gíra eða snúningshraða hreyfils sem tiltækir eru til notkunar.


Í Auto2-hamnum eru skiptingarmörkin læst við takmörk snúningshraða hreyfils sem ökumaðurinn hefur sett. Auto2-hamurinn er notaður við ákveðin verk þar sem aflúttakið er í notkun eða við aðstæður þar sem Auto1-hamurinn myndi skipta í óhentugan gír. Þegar skriðstillir snúningshraða hreyfils er í notkun er einnig Auto1-hamurinn hentugur fyrir aflúttaksverk.

Sjálfvirk skipting milli hraðasviðanna C og D er möguleg ef þú hefur virkjað sjálfvirka C-D skiptingareiginleikann í skiptingarstillingum skjásins á A-stoð. Sjálfvirk skipting milli hraðasviðanna A og B eða B og C er ekki möguleg.

Ef sjálfvirki C-D skiptingarbúnaðurinn er valinn og annaðhvort C- eða D-sviðið er valið í Auto1-ham skiptir sjálfvirki búnaðurinn sjálfvirk á milli C- og D-sviðs, eftir aksturshraðabeiðni, álagi á hreyfil og akstursaðstæðum. Í Auto1-hamnum og þegar ekið er annaðhvort á C- eða D-sviði er hægt að koma í veg fyrir sjálfvirka skiptingu frá D-sviði til C-sviðs með því að ýta á + hnapp hraðasviðsvals. Komið er í veg fyrir skiptinguna allan tímann sem ýtt er á hnappinn og í 20 sekúndur til viðbótar eftir að hnappinum er sleppt. Ef ýtt er á meðan ekið er á C-sviði skiptir það í D-svið og heldur því völdu að minnsta kosti á meðan ýtt er plús 20 sekúndna seinkun, burséð frá álagi á hreyfil, til dæmis.

Ef sjálfvirki C-D skiptingarbúnaðurinn er valinn og annaðhvort C- eða D-svið er valið í Auto2-ham skiptir sjálfvirki búnaðurinn á milli C- og D-sviða þegar snúningshraði hreyfils eykst yfir skiptingarmörkin á C5-gírnum eða minnkar niður fyrir skiptingarmörkun á D1-gírnum.

Ef til dæmis aksturshraðinn er 32 km/klst. (D-svið) og Auto1 eða Auto2 er valinn skiptir sjálfvirki búnaðurinn gírnum í C1 þegar aksturshraðinn lækkar í 0 km/klst.



1. Hnappur fyrir sjálfvirka skiptingu
2. Valið kerfi

Handvirki hamurinn er í gangi þegar vísir fyrir skiptikerfi er ekki sýnilegur.

- Ýttu á hnapp fyrir sjálfvirka skiptingu til að fletta gegnum handvirka kerfið og kerfin Auto1 og Auto2.

Kerfin breytast í eftirfarandi röð: Handvirkur hamur, Auto1, Auto2.

- Í Auto1-ham skal setja óskaðan aksturshraða með akstursfótstiginu eða handinngjöf.

Sjálfvirki búnaðurinn stillir snúningshraða hreyfils og rétta Powershift-gírinn í samræmi við akstursaðstæður og álag á hreyfil.

- Í Auto2-ham skal setja mörkin fyrir skiptingu upp og niður gegnum skjáinn á A-stoð.

Sjálfvirki búnaðurinn skiptir Powershift-gírnum þegar snúningshraði hreyfils eykst upp fyrir eða minnkar niður fyrir sett mörk.

3.8.11.7 Sjálfvirk skipting forrituð

Þú getur forritað sjálfvirku skiptinguna til að breyta Powershift-gírnum á tilteknum snúningshröðum hreyfils.


MIKILVÆGT: Ef þú tengir akstursstefnuna meðan á forritun raðar standur byrjar dráttarvélin að hreyfast. Til að tryggja öryggi er mælt með að þú haldir niðri kúplingunni og hemlafótstigunum meðan á for-forritun standur.

1. Ýttu á  á stjórnborðinu á skjánum á A-stoð.

ATHUGASEMD: Skjárinn á A-stoðinni sýnir fyrst mögulega virka villukóða. Flettu gegnum villukóðana með örvarhnöppunum eða ýttu á **SET** til að fara í valmynd ökumanns.


2. Flettu að **AUTO2 HI** með örvarhnöppunum.

Núverandi mörk snúningshraða hreyfils fyrir uppskiptingu birtast á skjánum á A-stoðinni.




1. Örvarhnappur upp
2. Val fyrir skjá á A-stoð
3. Til baka-hnappur
4. Örvarhnappur niður
5. SETJA-hnappur

3. Ýttu á **SET** og notaðu örvarhnappana til að fletta að óskuðu takmörkunargildi snúningshraða hreyfils fyrir uppskiptingu.




1. Valmynd til að stilla takmörk snúningshraða hreyfils fyrir uppskiptingu

ATHUGASEMD: Hægt er að breyta mörkum snúningshraða hreyfils á sviðinu 1000-2400 s/mín. Hins vegar þurfa mörk fyrir breytingu upp á við að vera að minnsta kosti 100 s/mín. hærrí en mörk fyrir breytingu niður á við. Til dæmis, ef mörk snúningshraða hreyfils fyrir niðurskiptingu eru stillt á 1500 s/mín. er aðeins hægt að stilla mörk snúningshraða hreyfils fyrir uppskiptingu á milli 1600-2400 s/mín.

4. Ýttu á -hnappinn til að vista gildið og snúa aftur á fyrri valmyndarstig.
5. Flettu að **AUTO2 LO** með örvarhnöppunum á stjórnborðinu fyrir skjáinn á A-stoð.

ATHUGASEMD: Hægt er að breyta mörkum snúningshraða hreyfils í 50 s/mín skrefum á sviðinu 900-2300 s/mín.

Með því að ýta stutt á ESC-hnappinn getur þú snúið aftur í valmynd 2. Ef þú ýtir lengi á ESC-hnappinn snýrðu aftur í fyrri virkan akstursskjá. Núverandi mörk snúningshraða hreyfils fyrir niðurskiptingu birtast á skjánum á A-stoðinni.


6. Ýttu á **SET** og notaðu örvarhnappana til að fletta að óskuðu takmörkunargildi snúningshraða hreyfils fyrir niðurskiptingu.
7. Ýttu á -hnappinn til að vista gildið og snúa aftur á fyrri valmyndarstig.
- ATHUGASEMD:** Takmörk snúningshraða hreyfils haldast í minninu eftir að slökkt hefur verið á rafmagni.

3.8.11.8 Sjálfvirk skipting milli hraðasviða C og D gerð virk eða óvirk

Þú getur gert sjálfvirku skiptinguna virka eða óvirka til að breyta hraðasviðinu sjálfkrafa milli hraðasviðanna C og D gegnum skjáinn á A-stoðinni. Í þessu tilfalli breytist hraðasviðið sjálfkrafa í samræmi við akstursaðstæðurnar. Atriðaskráin ákvarðar takmörkin fyrir sjálfvirka skiptingu milli hraðasviðanna C og D. Gildin eru "0" fyrir slökkt og "1" fyrir kveikt.


1. Ýttu á  til að virkja skjáinn á A-stoðinni

2. Ýttu á **SET** til að fara í stillingarvalmyndina.





Textinn “Ind” birtist.

3. Ýttu á **SET** til að fara í atriðalistann.
4. Flettu að færribreytunni sem breyta á með upp- eða niður-örinni.




Færribreytunúmerið fyrir takmörk sjálfvirkrar skiptingar milli C og D er 50.

5. Ýttu á **SET**.
6. Ýttu á upp-örina eða niður-örina til að breyta gildi færribreytunnar.
7. Ýttu á  til að vista gildið.
8. Ýttu á  til að fara úr stillingavalmynd og vista allar breytingar.

3.8.12 EcoPower-hamurinn notaður

Hægt er að nota dráttarvélina N154e A í EcoPower-ham eða í venjulegum ham. Með EcoPower-ham er hægt að hámarka hreyfil/skiptingu fyrir besta mögulega eldsneytissparnað. Hámarksúttak afls er það sama fyrir báða hami.

- EcoPower-hamur dregur umtalsvert úr eldsneytisnotkun.
- Í EcoPower-ham nást hámarksafköst og kraftvægi við um það bil 150 s/mín. lægra stig en í venjulegum ham.
- Hámarks kraftvægið er hærra í EcoPower-ham.
- Hægt er að virkja eða afvirkja EcoPower-haminn við allar kringumstæður. Aksturshraðinn minnkar ekki þó að snúningshraði hreyfils minnki.



1. EcoPower-hnappur

- Til að virkja eða afvirkja EcoPower-haminn er ýtt á EcoPower-hnappinn. EcoPower-hnappurinn logar þegar EcoPower-hamurinn er virkjaður.

3.8.13 Dráttarvélinni lagt

1. Stöðvaðu dráttarvélina.
2. Settu stöðuhemilinn á.

Athugaðu að tákni stöðuhemils (P) logi á skjá mælaborðs.



HÆTTA: Settu stöðuhemilinn á þegar dráttarvélinni er lagt. Dráttarvélina getur enn hreyfst ef stöðuhemillinn er ekki settur á, jafnvel þótt dráttarvélinni sé lagt og slökkt sé á rafmagninu.

3. Láttu áhöldin síga.

Þegar kalt er skal einnig láta beisli án áhaldna síga


4. Minnkaðu snúningshraða hreyfils niður í hægagang.

MIKILVÆGT: Áður en þú stöðvar hreyfilinn skaltu leyfa hitastigi hans að komast í jafnvægi í að minnsta kosti tvær mínútur.

Við sumar aðstæður þegar stöðuhemillinn er tengdur (til dæmis eftir að hafa unnið með þunga byrði) kann hreyfillinn að framkvæma kælingu eftirmeðferðarkerfisins með því að auka snúningshraða hægagangs eitt augnablik. Orðið COOL leiftrar á skjánum á A-stoðinni.

MIKILVÆGT: Stöðvaðu ekki hreyfilinn á meðan snúningshraði hægagangs er aukinn og orðið COOL leiftrar á skjá A-stoðar. Stöðvun hreyfilsins kann að skemma eftirmeðferðarkerfið.

5. Stöðvaðu hreyfilinn með því að snúa kveikjulyklinum í stöðuna  (ACC).

6. Taktu rafmagnið af með því að snúa kveikjulyklinum í stöðuna  (SLÖKKT).

7. Fylltu á eldsneytistankinn.

Til að lágmarka þéttingu vatns skaltu fylla tankinn þegar þú hættir vinnu dagsins.

3.8.14 Eldsneyti fyllt á dráttarvélina

3.8.14.1 Fyllt á eldsneytistankinn



VARÚÐ: Slökktu alltaf á rafmagninu áður en fyllt er á.



VARÚÐ: Ekki skal reykja á meðan verið er að fylla eldsneyti á dráttarvélina.



VARÚÐ: Haltu frá opnum eldi.




VARÚÐ: Vertu með viðeigandi hanska þegar þú fyllir á.


MIKILVÆGT:

Hreinsaðu varlega lokið á tankinum og svæðið umhverfis lokið áður en fyllt er á. Þurrkaðu burt allt sem farið hefur niður eftir áfyllingu.

1. Opnaðu lokið á eldsneytistankinum.



1. Lok á eldsneytistanki



1. Lok á eldsneytistanki fyrir skógarbúnað (valkvætt)

2. Fylltu á tankinn.

3. Lokaðu lokinu á eldsneytistankinum.

MIKILVÆGT: Settu aldrei AdBlue/DEF í eldsneytistankinn. Jafnvel lítið magn af AdBlue/DEF í eldsneytistankinum veldur skemmdum á hreyflinum og eldsneytiskerfinu.

MIKILVÆGT: Settu aldrei eldsneyti í AdBlue/DEF-tankinn. Jafnvel lítið magn af eldsneyti í AdBlue/DEF-tankinum kann að skemma pakkningarnar í SCR-kerfinu (Sértæk afoxun með hvötum).

MIKILVÆGT: Ræstu ekki hreyfilinn ef tankurinn hefur verið fylltur með rangri tegund íblöndunarefnis. Ef fyllt er á með röngu íblöndunarefni verður að tæma tankinn varlega og þvo hann áður en hreyfillinn er ræstur.

3.8.14.2 Fyllt á AdBlue/DEF-tankinn



VARÚÐ: Slökktu alltaf á rafmagninu áður en fyllt er á.



VARÚÐ: Ekki skal reykja á meðan verið er að fylla eldsneyti á dráttarvélina.



VARÚÐ: Haltu frá opnum eldi.



VARÚÐ: Vertu með viðeigandi hanska þegar þú fyllir á.

MIKILVÆGT:

Hreinsaðu varlega lokið á tankinum og svæðið umhverfis lokið áður en fyllt er á. Þurrkaðu burt allt sem farið hefur niður eftir áfyllingu.


ATHUGASEMD:

Þegar staða AdBlue fellur niður í 5% eða minna minnkar snúningsáttak og hámarkssnúningshraði hreyfilsins hægt og hægt.


Þegar staða AdBlue hefur fallið niður í um það bil 0% og haldist þannig í um klukkustund lækkar hreyfillinn niður í hægagang og snúningsátakið er verulega takmarkað. Þetta er til að tryggja að útblástursgufur haldist innan þeirra leyfilegu marka sem löggjafarvaldið setur.

ATHUGASEMD: Fylltu tímanlega á AdBlue/DEF-tankinn vegna þess að of lág staða AdBlue kann jafnvel að leiða til þjónustukóða. Þetta getur gerst, sérstaklega í umhverfi með háu hitastigi.

1. Opnaðu lokið á AdBlue/DEF-tankinum.



1. Lok á AdBlue/DEF-tanki



1. Lok á AdBlue/DEF-tanki fyrir skógarbúnað (valkvætt)

2. Fylltu á tankinn.

3. Lokaðu lokinu á AdBlue/DEF-tankinum.

3. Notkun

- Þar sem AdBlue-vökvi er mjög tærandi skal þurrka af og skola með vatni ef vökvi skvettist á dráttarvélina.
- Ef AdBlue-vökvi skvettist á rafmagnstengil verður að endurnýja hann.
- AdBlue/DEF-íblöndunarefniskristallar kunna að birtast á ökutækinu ef það sullast niður. Skolaðu samstundis með vatni til að fjarlægja þessa kristalla.

MIKILVÆGT: Settu aldrei eldsneyti í AdBlue/DEF-tankinn. Jafnvel lítið magn af eldsneyti í AdBlue/DEF-tankinum kann að skemma pakkningarnar í SCR-kerfinu (Sértæk afoxun með hvötum).

MIKILVÆGT: Settu aldrei AdBlue/DEF í eldsneytistankinn. Jafnvel lítið magn af AdBlue/DEF í eldsneytistankinum veldur skemmdum á hreyflinum og eldsneytiskerfinu.

MIKILVÆGT: Ef AdBlue/DEF íblöndunarefninu er breytt eða því skipt út fyrir vökva sem ekki samræmist staðlinum ISO 22241 (DIN 70070) skemmist eftirmeðferðarkerfið.

MIKILVÆGT: Ræstu ekki hreyfilinn ef tankurinn hefur verið fylltur með rangri tegund íblöndunarefnis. Ef fyllt er á með röngu íblöndunarefni verður að tæma tankinn varlega og þvo hann áður en hreyfillinn er ræstur.


3.8.15 Skriðstillir

Með skriðstillisaðgerðinni getur stjórnandinn valið stöðugan snúningshraða hreyfils.

Þegar skriðstillir er á logar gaumljósið á mælaborðinu.

Ein minnisrauf er tiltæk fyrir stillingu snúningshraða hreyfils.

3.8.15.1 Hnappar fyrir skriðstilli




1. Handinngjöf
2. Minnishnappur fyrir snúningshraða hreyfils

Minnishnappur fyrir snúningshraða hreyfils

Hægt er að nota þennanhnapp til að forrita gildi í minni skriðstillis snúningshraða og til að gera skriðstilli snúningshraða virkan eða óvirkan.

3.8.15.2 Skriðstillir snúningshraða hreyfils forritaður



1. Handinngjöf
2. Minnishnappur fyrir snúningshraða hreyfils

1. Stilltu snúningshraða hreyfils.


Notaðu akstursfótstigið eða handinngjöfina til að stilla óskað gildi snúningshraða hreyfils.

2. Ýttu stutt á minnishnapp fyrir snúningshraða hreyfils.

Stillingin er virkjuð og vistuð í minninu. Gaumljósið logar óslitið.

3.8.15.3 Skriðstillir snúningshraða hreyfils gerður virkur og óvirkur

ATHUGASEMD: Hafðu stjórn á stöðu handinngjafar áður en þú aftengir skriðstillinn.



1. Handinngjöf
2. Minnishnappur fyrir snúningshraða hreyfils

- **Að virkja skriðstilli fyrir hraða hreyfils.**
 - Virkjaðu gildi snúningshraða hreyfils sem þegar hefur verið vistaður í minni með því að ýta á stuttlega á minnishnapp fyrir snúningshraða hreyfils (minna en tvær sekúndur).
 - Vistaðu nýtt gildi snúningshraða hreyfils í minni og virkjaðu hann með því að stilla óskaðan snúningshraða hreyfils með handinngjöfinni eða akstursfótstiginu og ýta á minnishnapp fyrir snúningshraða hreyfils í lengri tíma (tvær sekúndur).
- **Gera skriðstilli fyrir snúningshraða hreyfils óvirkan.**
 - Ýttu stuttlega á minnishnapp fyrir snúningshraða hreyfils í (minna en tvær sekúndur).
 - Ef aksturshraði er meiri en 20 km/klst. skaltu stíga á hemlafótstig eða kúplingarfótstig.

Þegar skriðstillir snúningshraða hreyfils er virkjaður og aksturshamurinn Auto1 er valinn eykur það aðeins aksturshraðann og ekki snúningshraða hreyfils að stíga á akstursfótstigið eða nota handinngjöfina.

3.8.16 Sjálfvirk gripstjórn

3.8.16.1 Sjálfvirk gripstjórn

Sjálfvirk gripstjórn gerir þér kleift að stöðva dráttarvélina með því að nota aðeins hemlafótstigið svo þú þarft ekki að beita kúplingarfótstiginu eða vendigírsstönginni.

Sjálfvirk gripstjórn er gagnleg í umferð og til dæmis við vinnu þar sem þú þarft að stöðva dráttarvélina og á sama tíma nota aflúttakið (PTO).

Þú þarft aðeins að nota kúplinguna þegar þú vilt að kúplingin snuði eða þegar þú vilt aðstoða við að taka af stað með hemlunum. Kúplingarfótstigið þvingar einnig gripið til að aftengjast ef nauðsyn krefur.

Hægt er að aftengja gripið með vendigírsstönginni eða með kúplingar- eða hemlafótstigi í eftirfarandi tilfellum.

- stigið er á bæði hemlafótstig
- aksturshraði er minni en 20 km/klst.
- ekki hefur verið stigið á akstursfótstig og kúplingarfótstig
- vendigírsstöngin snýr í sömu átt og núverandi akstursstefna er

Ef skriðstillir aksturshraða er tengdur aftengja hemlafótstigin skriðstillinn fyrst og síðan gripið.

Þegar þú situr í sæti ökumanns og þú hefur tengt stefnuna með vendigírsstönginni, getur þú tengt gripið aftur með því að sleppa hemlafótstiginum og stíga á kúplingarfótstigið eða akstursfótstigið. Þetta gerir þér kleift að taka af stað í brekku með því að stilla hemlunarkraftinn með hemlafótstiginu og tengja gripið með annaðhvort kúplingarfótstiginu eða akstursfótstiginu.


3.8.16.2 Sjálfvirk gripstjórn gerð virk og óvirk

Sjálfvirka gripstjórnin er gerð virk og óvirk gegnum stillingarnar á skjánum á A-stoðinni.

1. Ýttu á  á stjórnborðinu til að virkja skjáinn á A-stoðinni.

ATHUGASEMD: Skjárinn á A-stoðinni sýnir fyrst mögulega virka villukóða. Flettu gegnum villukóðana með örvarhnöppunum eða ýttu á **SET** til að fara í valmynd ökumanns.

2. Flettu að Auto með örvarhnöppunum.



1. Sjálfvirk gripstjórn

3. Ýttu á **SET** til að velja stillingu fyrir sjálfvirku gripstjórnina.

4. Veldu Kveikja eða Slökkva með upp- eða niður-örvarhnappunum.

5. Ýttu á upp-örina eða niður-örina til að breyta gildi færribreytunnar.

6. Ýttu á  til að vista gildið.

7. Ýttu á  til að fara úr stillingarvalmynd og vista allar breytingar.

3.8.17 Fjöðrun framöxuls og fjöðrun stýrishúss

3.8.17.1 Fjöðrun framöxuls

Þægilegt er að aka dráttarvél með fjöðrun á framöxli á ójöfnu yfirborði. Fjöðrun framöxuls er aukabúnaður.

Þegar þú ekur á miklum hraða dregur fjöðrun framöxuls úr veltu dráttarvélarinnar. Álag minnkar á stjórnanda, dráttarvél og áhöld. Sjálfvirk hæðarstýring heldur öxlinum í sömu stöðu innan ramma dráttarvélarinnar, óháð álagi á öxulinn.

3.8.17.2 AutoComfort-fjöðrun stýrishúss

AutoComfort-fjöðrun stýrishúss er hálf-virkt kerfi sem stjórnar fjöðrun stýrishússins sjálfkrafa.

AutoComfort-fjöðrun stýrishúss er aukabúnaður.


AutoComfort-kerfið stillir dempunina sjálfkrafa á grundvelli:

- Ójafna á akstursflötum
- Aksturshraða
- Breytingar Powershift-gírs
- Stöðu vendigírsstangar
- Hemlunar
- Hreyfingar framöxuls

3.8.17.3 Vökvaðfjöðrunin að framan og AutoComfort notuð

Vökvaðfjöðrunin að framan og AutoComfort-fjöðrun stýrishúss eru valkvæður búnaður.

MIKILVÆGT: Vökvaðfjöðrunin að framan og AutoComfort eru ekki virk þegar stöðuhemillinn er á eða dráttarvélin er kyrrstæð.



1. Rofi fyrir vökvaðfjöðrun að framan og AutoComfort

Rofinn hefur þrjár stöður:

- Kvörðunarstöðu
- Miðjustöðu
- Læsta stöðu
- **Til að virkja fjöðrunina og AutoComfort skal ýta rofanum í miðjustöðuna.**

Gaumljósið á rofanum kviknar.

Þegar rofinn er í miðjustöðunni heldur sjálfvirki búnaðurinn framhluta dráttarvélarinnar láréttum í miðju fjöðrunarsvæðisins, burtséð frá hlassi, sem veitir þýðan akstur.

Þegar aksturshraðinn er undir 1 km/klst. aftengir sjálfvirki búnaðurinn vökvaðfjöðrunina að framan. Vökvaðfjöðrunin að framan vinnur þá eingöngu á þeim þrýstingi sem eftir er í kerfinu. Þegar hraðinn er yfir 1 km/klst. tengir sjálfvirki búnaðurinn aftur vökvaðfjöðrunina að framan. Á þennan hátt er mögulegt að koma í veg fyrir óæskilega hæðarbreytingu, til dæmis þegar áhöld eru tengd við eða meðan á öðrum aðgerðum tengibúnaðar að framan stendur þar sem þörf er á nákvæmnishreyfingum.


AutoComfort helst virkt þegar rofinn er í miðstöðunni, burtséð frá aksturshraða.

- **Til að læsa fjöðruninni ýtir þú niður þeirri hlið rofans sem er gagnstæð táknu.** Framhluti dráttarvélarinnar er í lægstu stöðu og læstur. AutoComfort er virkt jafnvel þegar rofinn er í læstri stöðu.
- **Ef gaumljósið á rofanum byrjar að leifra skaltu hafa samband við viðurkennt Valtra-verkstæði.**

3.8.17.4 Vökvaðfjöðrunin að framan og AutoComfort kvörðuð

Framkvæma verður kvörðun ef skipt hefur verið um stöðuskynjarann eða framöxullinn er ekki á miðju fjöðrunarsvæðinu.

MIKILVÆGT: Vökvaðfjöðrunin að framan og AutoComfort eru ekki virk þegar stöðuhemillinn er á eða dráttarvélina er kyrrstæð.



1. Rofi fyrir vökvaðfjöðrun að framan og AutoComfort (valkvætt)

1. Hafðu dráttarvélina kyrrstæða með hreyfilinn í gangi þegar þú kvarðar.
2. Athugaðu að engin byrði sé á tengibúnaði að framan eða á moksturstækjum að framan.
3. Athugaðu að fjórhjóladrifið (4WD) og stöðuhemillinn séu ekki tengd.
4. Haltu táknhlið rofans niðri í um það bil 15 sekúndur.
Ljósíð á rofanum leiftrar sem vísbending um kvörðunarferlið. Fyrst eru stýrishúsið og framöxullinn lækkuð samtímis í 40 sekúndur og svo eru þau hækkuð í 80 sekúndur. Þegar kvörðun er lokið slokknar ljósíð. Ef ljósíð slokknar ekki skaltu hafa samband við viðurkennt Valtra-verkstæði.
5. Aktu af stað.
Við hraðann 1 km/klst. færast framöxullinn og stýrishúsið í miðstöðuna.
6. Þegar framöxullinn og stýrishúsið eru í miðstöðunni skaltu ljúka kvörðuninni.
 - Stöðvaðu dráttarvélina.
 - Slökktu á hreyflinum.
 - Slökktu á rafmagninu.
 - Endurræstu.

3.8.18 Mismunadrifslás

3.8.18.1 Mismunadrifslás

Mismunadrifslásinn er notaður til að tryggja jafnt grip hjólanna með því að læsa afturhjólnum svo þau snúist á sama hraða. Hægt er að tengja mismunadrifslásinn á ferð.

Mismunadrifslásinn hefur þrjár stöður: KVEIKT, SJÁLFVIRKT og SLÖKKT.

KVEIKT	<p>Mismunadrifslásinn er tengdur nema í eftirfarandi aðstæðum:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Stigið er á annað eða bæði hemlafótstig (lásinn tengist aftur þegar hemlinum er sleppt). • Stöðuhemill er tengdur.
SJÁLFVIRKT	<p>Mismunadrifslásinn tengist við eftirfarandi aðstæður:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Hjólin eru í miðstöðunni. • Rofinn hækka/stöðva/lækka er í stöðunni lækka. <p>Mismunadrifslásinn aftengist við eftirfarandi aðstæður:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Hjólunum er snúið meira en 20% frá miðstöðunni. • Rofanum hækka/stöðva/lækka er snúið í hækkandi stöðu. • Stigið er á annað eða bæði hemlafótstig. • Stigið er á kúplingarfótstigið eða ýtt á HiShift-hnappinn. <p>Þegar stjórnad er með ratsjá tengist mismunadrifslásinn þegar öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Hraðamunur á milli hraðaskynjara afturhjóla (valkvætt) og skynjara fyrir úttakshraða girkassa er meiri en 7%. Þetta er hraðamunurinn á milli vinstra og hægri hjóls. • Aksturshraðinn er meiri en 0,3 km/klst. • Ratsjánhraði og úttakshraði girkassa eru minni en 15 km/klst. • Hjólin eru í miðstöðunni. <p>Ef dráttarvélin er með beygjuhornsskynjara aftengist mismunadrifslásinn við eftirfarandi aðstæður:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Hjólunum er snúið meira en 20% frá miðstöðunni. • Hraðamunur á milli ratsjár og skynjara fyrir úttakshraða girkassa er minni en 6%. Aftengingarseinkun er 5 sekúndur. • Stigið er á annað eða bæði hemlafótstig. • Rofanum hækka/stöðva/lækka er snúið í hækkandi stöðu.
SLÖKKT	<p>Mismunadrifslásinn er alltaf aftengdur.</p>

Þegar mismunadrifslásinn er tengdur logar gaumljósið  á mælaborðinu.

Ef gaumljósið á mælaborðinu leiftrar í sjálfvirkri stöðu er um villu að ræða og mismunadrifslásinn aftengist af öryggisástæðum. Ástæðan fyrir villunni kann að vera ein af eftirfarandi:


- Hraðaskynjararnir eru ekki kvarðaðir.
- Skynjari beygjuhorns er ekki kvarðaður (hafðu samband við viðurkennt Valtra-verkstæði).
- Það er bilun í rofanum (þjónustukóðinn birtist).
- Það er bilun í hraðaskynjurunum (þjónustukóðinn birtist).

3.8.18.2 Mismunadrifslásinn tengdur og aftengdur

Þú getur stjórnað tengingu mismunadrifslássins með rofa fyrir mismunadrifslás.

Ef hjól byrjar að skrika skaltu tengja mismunadrifslásinn. Ef hjól skrikar mikið skaltu draga úr snúningshraða hreyfils áður en þú tengir lásinn. Ef mögulegt er skaltu aftengja lásinn á meðan þú ekur á þjóðvegum.

ATHUGASEMD: Til að ná bestu frammistöðu skaltu tengja mismunadrifslásin áður en hjól skrikar.



1. Rofi fyrir mismunadrifslás

- Til að tengja mismunadrifslásinn skaltu ýta niður táknhlið rofa fyrir mismunadrifslás (KVEIKT).
- Til að nota sjálfvirku aðgerð mismunadrifslássins skaltu snúa rofa fyrir mismunadrifslás í miðstöðuna (SJÁLFVIRKT).
Ljósíð á rofanum er grænt.
- Til að aftengja mismunadrifslásinn skaltu ýta niður hlið rofa fyrir mismunadrifslás sem er gagnstæð táknu (KVEIKT).

3.8.19 Fjór hjóladrif


3.8.19.1 Fjór hjóladrif

Fjór hjóladrifið (4WD) hefur þrjár stöður: KVEIKT, SJÁLFVIRKT og SLÖKKT. Þú getur tengt fjór hjóladrifið á meðan þú ekur. Þegar þú ekur af stað stjórnar sjálfvirkur akstursviðbragðsbúnaður fjór hjóladrifið, burtséð frá stöðum rofa fyrir fjór hjóladrif.

Staða	Lýsing
KVEIKT	Fjór hjóladrifið er alltaf tengt.
SJÁLFVIRKT	<p>Fjór hjóladrifið tengist þegar eitt eða fleiri af eftirfarandi skilyrðum er uppfyllt:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Þegar þú ekur af stað. • Þegar þú notar vendigírinn. • Ef dráttarvélin er með ratsjá (valkvætt) og afturhjólin skrika um meira en 8% á 0,3 km/klst. hraða eða meiri. • Ef dráttarvélin er ekki með ratsjá (valkvætt) og rofinn fyrir hækka/stöðva/lækka er í lækkandi stöðu. <p>Fjór hjóladrifið aftengist:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Ef dráttarvélin er með ratsjá og þegar hjólskrik er minna en 6%. Aftengingarseinkun er 3 sekúndur. • Ef dráttarvélin er ekki með ratsjá og þú ýtir rofanum fyrir hækka/stöðva/lækka í lækkandi eða stöðva-stöðu. • Þegar þú stígur á kúplingarfótstigið eða ýtir á HiShift-hnappinn. • Eftir aftengingarseinkun sjálfvirkis akstursviðbragðsbúnaðar.
SLÖKKT	<p>Fjór hjóladrif er aftengt nema í eftirfarandi aðstæðum:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Stigið er á bæði hemlafótstig eða hemlafótstig kerfis fyrir akstur afturábak á hvaða hraða sem er. • Stigið er á annaðhvort vinstra eða hægri hemlafótstig þegar aksturshraði er meiri en 10 km/klst. • Stöðuhemill er á.

Sjálfvirkur akstursviðbragðsbúnaður (sjálfgefið virkjaður) tengir fjór hjóladrifið í eftirfarandi aðstæðum:

- Þegar þú sleppir kúplingarfótstiginu eða notar vendigírsstöngina til að aka af stað.
- Þegar þú stígur á og sleppir kúplingarfótstiginu þegar aksturshraði er minni en 10 km/klst.
- Þegar þú ýtir á og sleppir HiShift-þrýstihnappinum þegar aksturshraði er minni en 10 km/klst.
- Akstursviðbragðsbúnaðurinn aftengir fjór hjóladrifið eftir skilgreinda seinkun eftir að þú sleppir kúplingarfótstiginu eða HiShift-hnappinum. Þú getur skilgreint aftengingarseinkun frá skjánum á A-stoð.

Þegar fjór hjóladrifið er tengt logar gaumljósið  á mælaborðinu.


Ef gaumljósið á mælaborðinu leiftrar í sjálfvirkri stöðu er um villu að ræða og fjór hjóladrifið tengist. Ástæðan fyrir villunni kann að vera ein af eftirfarandi:

- Hraðaskynjararnir eru ekki kvarðaðir.
- Rofavilla hefur komið upp (þjónustukóði birtist).

3.8.19.2 Fjór hjóladrifið tengt og aftengt

Þú getur stjórnað tengingu fjór hjóladrifsins (4WD) með rofanum fyrir fjór hjóladrif. Rofinn hefur þrjár stöður: KVEIKT, SJÁLFVIRKT og SLÖKKT.

Hafðu fjór hjóladrifið aftengt þegar ekið er á vegi ef ekki er þörf fyrir það. Það er eki leyfilegt að nota fjór hjóladrifið á aksturshraða yfir 15 km/klst. ef ástand vegar er gott.



1. Fjórhjóladrifsrofi

- Til að tengja fjórhjóladrifið ýtir þú niður táknhliðinni á fjórhjóladrifsrofanum (KVEIKT).
Ljosið á rofanum er grænt.
- Til að nota sjálfvirku aðgerð fjórhjóladrifsins skaltu snúa fjórhjóladrifsrofanum í miðstöðuna (SJÁLFBIRKT).
- Til að aftengja fjórhjóladrifið skaltu ýta niður hlið fjórhjóladrifsrofans sem er gagnstæð tákni (KVEIKT).

3.8.20 Sjálfvirkur akstursviðbragðsbúnaður

3.8.20.1 Sjálfvirkur akstursviðbragðsbúnaður

Hægt er að nota sjálfvirkan akstursviðbragðsbúnað til að koma í veg fyrir að afturhjólin skriki um leið og ekið er af stað, eða þegar akstursstefnu er breytt með vendigírnum. Sjálfvirkur akstursviðbragðsbúnaður tengir fjórhjóladrifið sjálfkrafa, burtséð frá stöðu hjólaskriks.

Ef stigið hefur verið á kúplingarfótstigið um leið og ekið er af stað, eða þegar breytt er um akstursstefnu, helst fjórhjóladrifið tengt þar til kúplingarfótstiginu hefur verið sleppt til fulls.

Ef stigið hefur verið á kúplingarfótstigið eða ýtt á þrýstihnapp fyrir HiShift á ferð, tengir sjálfvirki akstursviðbragðsbúnaðurinn þegar kúplingarfótstiginu eða þrýstihnappi fyrir HiShift er sleppt.

ATHUGASEMD: Sjálfvirkur akstursviðbragðsbúnaður vinnur aðeins þegar aksturshraði er undir 10 km/klst.


Sjálfvirkum akstursviðbragðsbúnaði er stýrt frá Skjár á A-stoð með því að gera aðgerðina virka eða óvirka, eða stilla tímenn sem fjórhjóladrifið helst tengt.

3.8.20.2 Sjálfvirkur akstursviðbragðsbúnaður gerður virkur og óvirkur

Sjálfvirki akstursviðbragðsbúnaðurinn er gerður virkur og óvirkur gegnum stillingarnar á skjánum á A-stoðinni.


1. Ýttu á  til að virkja skjáinn á A-stoðinni

2. Ýttu á **SET** til að fara í stillingarvalmyndina.



Textinn “Ind” er sýndur.

3. Ýttu á **SET** til að fara í atriðalistann.




Fyrri helmingur neðstu línunnar logar til að gefa til kynna að atriðisnúmerið sé sýnt.

4. Ýttu á upp-örina eða niður-örina til að breyta atriðisnúmerinu.

Atriðisnúmerið til að gera sjálfvirka akstursviðbragðsbúnaðinn virkan eða óvirkan er 20.

5. Ýttu á **SET**.



Seinni helmingur neðstu línunnar logar til að gefa til kynna að gildi færíbreytu sé sýnt.

6. Ýttu á upp-örina eða niður-örina til að breyta gildi færíbreytunnar.

- 1 = KVEIKT
- 0 = SLÖKKT

7. Ýttu á  til að vista gildið.

8. Ýttu á  til að fara úr stillingarvalmynd og vista allar breytingar.


3.8.20.3 Sjálfvirkur akstursviðbragðsbúnaður stilltur

Sjálfvirki akstursviðbragðsbúnaðurinn er stilltur gegnum stillingarnar á skjánum á A-stoðinni.

Atriðaskráin ákvarðar tímann hversu lengi (sekúndur) fjórhjóladrifið helst tengt þegar ekið er af stað.


1. Ýttu á  til að virkja skjáinn á A-stoðinni

2. Ýttu á **SET** til að fara í stillingarvalmyndina.



Text "Ind" is shown.


3. Ýttu á **SET** til að fara í atriðalistann.



Fyrri helmingur neðstu línunnar logar til að gefa til kynna að atriðisnúmerið sé sýnt.

4. Ýttu á upp-örina eða niður-örina til að velja færribreytuna sem á að breyta. Færribreytunúmerið til að stilla sjálfvirka akstursviðbragðsbúnaðinn er 10.

5. Ýttu á **SET**.



Seinni helmingur neðstu línunnar logar til að gefa til kynna að gildi færíbreytu sé sýnt.

6. Ýttu á upp-örina eða niður-örina til að breyta gildi færíbreytunnar.

Gildið er á sviðinu 0-20. Þegar gildið er sett á 0 sekúndur er sjálfvirki akstursviðbragðsbúnaðurinn aftengdur. Sjálfgefið verksmiðjugildi er 4.

7. Ýttu á  til að vista gildið.

8. Ýttu á  til að fara úr stillingarvalmynd og vista allar breytingar.


3.8.21	QuickSteer
3.8.21.1	QuickSteer

QuickSteer er stýringarkerfi sem stjórnað er af rafvökva-stýringarloka. QuickSteer þýðir stillanlegt stýringarhlutfall sem veitir mikla yfirburði hvenær sem ökumaðurinn þarf að stýra mikið, til dæmis þegar ekið er í litlu porti eða þegar unnið er með ámoksturstækjum að framan. QuickSteer er valkvæður búnaður.

QuickSteer er með fimm handstillta stýringarhraða fyrir akstur bæði áfram og afturábak. Stilling stýringarhraða fer eftir aksturshraða þannig að munurinn á milli mismunandi stýringarhraða er mun meiri á litlum aksturshraða, þegar aftur á móti stýringarhraðinn er fastur á 20 km/klst. hraða.

ATHUGASEMD: Þegar ekið er á hálum vegi með QuickSteer virkjað minnkar stýringarhraðinn ef dráttarvélin er í fjórhjólaskriki og þú reynir að auka hraðann. Þar af leiðandi er ráðlagt að nota hægestu QuickSteer-stillinguna þegar ekið er á hálu yfirborði.

3.8.21.2 QuickSteer notað



1. Stjórnhnúður QuickSteer
2. Virkjunarhnappur QuickSteer

1. Til að kveikja á stýringarloknum skaltu ýta á virkjunarhnapp QuickSteer.

Ljósíð á virkjunarhnappi QuickSteer logar grænt og QuickSteer-táknið birtist á Proline-mælaborðinu.

2. Snúðu stjórnhnúði QuickSteer til að stilla stýringarhraðann.

3. Til að slökkva á stýringarloknum skaltu ýta á virkjunarhnapp QuickSteer.

Aðeins er hægt að slökkva á stýringarloknum með áfram-aksturskerfinu. Þegar sæti ökumanns er snúið í TwinTrack-kerfi fyrir akstur afturábak (valkvæður búnaður) er alltaf kveikt á loknum, jafnvel þótt QuickSteer sé ekki virkt.

Ef ýtt er á KVEIKJA/SLÖKKVA-hnapp fyrir Auto-Guide-stýringarloka er QuickSteer einnig afvirkjað og Auto-Guide-stýring virkjuð.

ATHUGASEMD: Ef ljósíð á virkjunarhnappi QuickSteer eða á KVEIKJA/SLÖKKVA-hnappi stýringarloka Auto-Guide (valkvæður tækjabúnaður) leiftrar er bilun í stýringarloknum. Villukóðinn er sýndur á Endurstilltu stýringarlokann til að endurheimta úr biluninni.

Þegar QuickSteer er virkjað er aksturshraði takmarkaður við 25 km/klst. Afvirkja verður QuickSteer til að geta ekið á meiri hraða en takmörkin leyfa. Ef þú vilt virkja QuickSteer aftur verður aksturshraðinn að vera undir 25 km/klst.

ATHUGASEMD: Ef um er að ræða bilun í stýringarloka er hraði ökutækisins þvingaður niður og aðeins akstur á litlum hraða (2 km/klst.) er leyfður með akstursfótstiginu. Ef slökkt er á stýringarloknum eyðir það hömlun á aksturshraða.

3.8.21.3 QuickSteer endurstillt

3. Notkun

- Ýttu einu sinni á virkjunarhnapp QuickSteer eða KVEIKJA/SLÖKKVA hnapp Auto-Guide-stýringarlokans (valkvæður búnaður).

SLÖKKT er á stýringarlokanum og síðan KVEIKIR kerfið á lokanum aftur. Aðeins er kveikt sjálfvirkt aftur á lokanum ef TwinTrac-afturábakaksturskerfið er í notkun.

Ef ljósið blikkar enn er bilunin enn til staðar. Í því tilfalli skal hafa samband við viðurkennt Valtra-verkstæði.


3.8.22 HillHold

3.8.22.1 HillHold

Þegar það er virkjað heldur HillHold dráttarvélinni kyrrstæðri þegar þú hefur stöðvað í brekku með akstursstefnuna valda. Hægt er að virkja HillHold þegar hraðinn er minni en 3 km/klst.

3.8.22.2 HillHold notað

MIKILVÆGT: Tengdu HillHold þegar þú tekur af stað í brekku. Að öðrum kosti rykkist dráttarvélina niður í móti áður en gripið tengist, jafnvel þótt akstursstefnan sé upp í móti.



1. Tákn fyrir HillHold

8. Lokahamsveijari (valkvætt)
9. Stilling rennslisstýringar (valkvætt)
10. Stilling rennslisstýringar úr stýrishúsi (valkvætt)

Öllum stöðluðum og valkvæðum lokum viðbótarvökvabúnaðar að aftan er stjórnað vélrænt með stjórnstöngum.

Dráttarvélin er búin tveimur grunnlokum að aftan sem staðalbúnaði.

Eftirtaldir lokar eru tiltækir:

Lokar	Tegund loka	Aðgerðir loka	Stilling rennslisstýringar
Tveir lokar	Loki 1, grunnur	Út - halda - inn - fljótandi Stöðulásar á fljótandi og (+)-op	ÁEV
	Loki 2, grunnur	Út - halda - inn - fljótandi Stöðulás á fljótandi	ÁEV
Tveir lokar	Loki 1, grunnur	Út - halda - inn - fljótandi Stöðulásar á fljótandi og (+)-op	ÁEV
	Loki 2, stillanlegur	Stöðulás - snýr til baka með fjöður - útsláttur	Innloki 2

Tafla heldur áfram á næstu síðu

3. Notkun

Lokar	Tegund loka	Aðgerðir loka	Stilling rennisslístyningar
Þrjú lokar	Loki 1, grunnur	Út - halda - inn - fljótandi Stöðulásar á fljótandi og (+)-op	ÁEV
	Loki 2, grunnur	Út - halda - inn - fljótandi Stöðulás á fljótandi	ÁEV
	Loki 3, stillanlegur	Stöðulás - snýr til baka með fjöður - útsláttur	Í stýrishúsi
Fjórir lokar	Loki 1, grunnur	Út - halda - inn - fljótandi Stöðulásar á fljótandi og (+)-op	ÁEV
	Loki 2, grunnur	Út - halda - inn - fljótandi Stöðulás á fljótandi	ÁEV
	Loki 3, stillanlegur	Stöðulás - snýr til baka með fjöður - útsláttur	Innlöki 3
	Loki 4, stillanlegur	Stöðulás - snýr til baka með fjöður - útsláttur	Í stýrishúsi

Í stillanlegum lokum er stöðulásinn alltaf aftengdur þegar slökkt er á hreyfli dráttarvélarinnar. Þetta kemur í veg fyrir óvænta hreyfingu vökvabúnaðar og minnkar álag á hreyfilinn við ræsingu. Grunnloki 1 er ekki með þessa aðgerð. Fljótandi staðan helst tengd, burtséð frá hvort hreyfill dráttarvélarinnar sé í gangi eða ekki.


Dráttarvélin er búin 1" (25 mm) endurstreymistengi fyrir viðbótarvökvabúnað.

Valkvæðir lokar að aftan:

- Einn kveikja/slökkva-loki
- Power Beyond-tengi (þegar Power Beyond, alltaf með tveimur valkvæðum lokum)
- Lokunarloki tengibúnaðar að framan (þegar tengibúnaður að framan hefur verið tengdur við afturlokann)

3.14.1 Stjórn á lokum viðbótarvökvabúnaðar að aftan

Þú getur stjórnað lokum viðbótarvökvabúnaðar að aftan með stjórnstöngum.



1. Stjórnstöng fyrir 1. loka viðbótarvökvabúnaðar að aftan
 2. Stjórnstöng fyrir 2. loka viðbótarvökvabúnaðar að aftan
 3. Stjórnstöng fyrir 3. loka viðbótarvökvabúnaðar að aftan (valkvætt)
 4. Stjórnstöng fyrir 4. loka viðbótarvökvabúnaðar að aftan (valkvætt)
 5. Lokahamsveljari (stillanlegur loki)
 6. Útsláttarhamur (stillanlegur loki)
 7. Fjaðrar til baka-hamur (stillanlegur loki)
 8. Stöðulásshamur (stillanlegur loki)
- Til að nota hækkunaraðgerðina skaltu toga stjórnstöng fyrir loka viðbótarvökvabúnaðar að aftan aftur á við.
 - Til að nota lækkunaraðgerðina skaltu ýta stjórnstöng fyrir loka viðbótarvökvabúnaðar að aftan fram á við.

- **Að nota fljótandi stöðuna:**

Hægt er að nota fljótandi stöðuna í öllum hömum stillanlegu lokanna.

Fljótandi staðan er utan við ytrustu stöðu stangarinnar:

- Til að virkja fljótandi stöðuna skal ýta stjórnstöng loka umfram ytrustu stöðu með auknum krafti.

Þetta læsir stönginni í fljótandi stöðu.

- Til að afvirkja fljótandi stöðuna skal færa stjórnstöngina handvirkt aftur í miðstöðuna.

- **Til að nota stöðulásinn:**

Stöðulásinn er í ytrustu stöðu stangarinnar:

- Með stillanlegum loka skaltu snúa hamveljara loka í stöðulássham eða útsláttarham.

- Ýttu eða togaðu stjórnstöngina í ytrustu stöðu.

Kveikt er á stöðulás. Ekki skal ýta stjórnstönginni umfram ytrustu stöðu þar sem það virkjar fljótandi stöðuna.

- Snúðu stjórnstönginni handvirkt aftur í miðstöðuna.

Slökkt er á stöðulás.

- **Fjaðrar til baka notað á stillanlegan loka:**

- Snúðu lokahamsveljaranum í fjaðrar-til-baka haminn.

- Ýttu á eða togaðu í stjórnstöngina.

Stöngin snýr aftur í miðstöðuna þegar henni er sleppt.

- **Að nota útslátt á stillanlegan loka**

- Snúðu lokahamsveljaranum í útsláttarhaminn.

- Ýttu eða togaðu stjórnstöngina í ytrustu stöðu.


Kveikt er á útslættinum.

- Snúðu stjórnstönginni handvirkt aftur í miðstöðuna.

Slökkt er á útslættinum.

3.14.1.1 Rennslisstýringin stillt


Stilling rennslisstýringar er í stillanlegu lokunum (valkvætt). Með stillingu rennslisstýringar er hægt að nota samtímis viðbótarvökvabúnað og tengibúnað að aftan. Stillingu rennslisstýringar loka í stýrishúsinu virkar með lokastönginni við hliðina á honum.



1. Stillihnúður rennslisstýringar í stýrishúsinu (valkvætt)
 2. Stillihnúður rennslisstýringar á lokanum (valkvætt)
- Til að auka olífurenslið í lokanum skaltu snúa stillingarhnúði rennslisstýringar rangsælis.
Stilltu rennslisstýringuna aðeins þegar stjórnstöngin er í miðstöðunni.
 - Til að minnka olífurenslið í lokanum skaltu snúa stillingarhnúði rennslisstýringar réttsælis.

3.14.1.2 Útsláttarþrýstingurinn stilltur

Hægt er að stilla útsláttarþrýstinginn á milli 100-200 bör.



1. Stilliskrúfa útsláttarþrýstings

1. Ræstu hreyfilinn og settu hann í hægagang.

2. Settu lokann í útsláttarham.

3. Athugaðu stillingu útsláttarþrýstings með því að beita áhaldinu.

Ef lokastöngin snýr til baka of auðveldlega skaltu auka útsláttarþrýstinginn. Ef lokastöngin snýr ekki til baka eins og ætlað var skaltu minnka útsláttarþrýstinginn.

4. Ef nauðsyn krefur skal stilla útsláttarþrýstinginn:

Notaðu 1.5 mm sexkant. Einn snúningur stilliskrúfunnar samsvarar um það bil 12,5 börum af útsláttarþrýstingi.

- Til að auka útsláttarþrýstinginn skaltu snúa stilliskrúfunni réttisælis.
- Til að minnka útsláttarþrýstinginn skaltu snúa stilliskrúfunni rangsælis.

5. Athugaðu stillingu útsláttarþrýstings með því að beita áhaldinu með réttum snúningshraða við vinnu.


Ekki er víst að útsláttaraðgerðin virki eins og óskað er, til dæmis með viðsnúanlegum plógi. Þegar verið er að snúa plógnum kann þrýstingurinn að rísa í hámarkið og losa útsláttaraðgerðina. Til viðbótar kunna ákveðin áhöld að mynda þrýstingstoppa og þar með losa útsláttaraðgerðina meðan á vinnuferli stendur.

3.14.2 Lokunarloki tengibúnaðar að framan notaður

Ef tengibúnaður að framan (valkvætt) er tengdur við lokana að aftan er dráttarvélin búin lokunarloka. Með lokunarlokanum er hægt að opna og loka fyrir olíurensli til tengibúnaðar að framan og þar með tengja tvö áhöld við sama lokann. Lokunarlokinn er staðsetur ofan á lokunum að aftan.



VARÚÐ: Þegar verið er að tengja tengibúnað að framan við afturloka skal ganga úr skugga um að ekkert álag sé á tengibúnaði að framan eða áhaldi að aftan sem tengt er við sama loka. Álagið á tengibúnað að framan eða áhald á afturloka afhleðst þegar stöng lokunarloka er snúið. Þetta getur valdið því að áhöldin hreyfist skyndilega.



1. Lokunarloki
 2. Lokunarlokastöng
 3. Stöng í stöðu fyrir tengibúnað að framan
 4. Stöng í stöðu fyrir loka að aftan
- Til að nota tengibúnað að framan:
 - Aftengdu hraðtengi frá þeim loka að aftan sem lokunarloki tengibúnaðar að framan er tengdur við.
 - Togaðu lokunarlokastöngina í lárétta stöðu.
 - Til að nota lokann að aftan skal ýta lokunarlokastönginni í efstu stöðu.

3.14.3 Tengt við lokana

3.14.3.1 Hraðtengi notuð

1. Ræstu hreyfilinn.
2. Losaðu byrðina af viðbótarvökvabúnaðinum (sérstaklega vökvatjökkunum).



VARÚÐ: Þegar verið er að tengja tengibúnað að framan við afturloka skal ganga úr skugga um að ekkert álag sé á tengibúnaði að framan eða áhaldi að aftan sem tengt er við sama loka. Álagið á tengibúnað að framan eða áhald á afturloka afhleðst þegar stöng lokunarloka er snúið. Þetta getur valdið því að áhöldin hreyfist skyndilega.

3. Stöðvaðu rennslið gegnum loka viðbótarvökvabúnaðar með því að setja stjórnstengurnar í miðstöðuna.
4. Virkjaðu fljótandi stöðuna á þeim lokum sem þarf.



VARÚÐ: Áður en þú tengir eða aftengir hraðtengin skaltu stilla lokana í fljótandi stöðu (dráttarvélin verður að vera í gangi og stöðuhemillinn tengdur).

ATHUGASEMD: Gakktu úr skugga um að það sé engin byrði á lokunum þar sem byrðin fellur niður þegar lokarnir eru settir í fljótandi stöðu.

Lokarnir fara í fljótandi stöðuna og þrýstingurinn tæmist úr hraðtengjunum.

5. Stöðvaðu hreyfilinn.
6. Afvirkjaðu fljótandi stöðuna á þeim lokum sem þarf.
7. Tengdu við eða losaðu hraðtengin.



HÆTTA: Þegar viðbótartjappar og vökvamótorar eru tengdir skaltu tryggja að slöngurnar séu tengdar við rétt tengi. Ef þú tengir slöngurnar rangt er aðgerðunum víxlað.

MIKILVÆGT: Notaðu aðeins tengi sem samræmast stöðlunum.

MIKILVÆGT: Hreinsaðu hraðtengin vandlega áður en þú tengir einhvern viðbótarvökvabúnað. Lokin á tengjunum verða að vera á þegar viðbótarbúnaðurinn er ekki tengdur við.

ATHUGASEMD: Þegar þú tengir áhöld við viðbótarvökvabúnaðinn skaltu tengja endurstreymistengi áhaldsins við endurstreymistengi dráttarvélarinnar.

ATHUGASEMD: Gakktu úr skugga um að hraðtengið leki ekki eftir að slangan er aftengd.


8. Ræstu hreyfilinn.



VARÚÐ: Flyttu ekki neitt á lokum viðbótarvökvabúnaðar þegar þú ekur á veginum. Byrðin, stýring vagntengis og þvíumlíkt verður að vera læst (til dæmis vélrænt).

3.14.3.2 Power Beyond-tengi notuð

Hægt er að ná mestu mögulegu vökvaafköstum með minnstri sóun með hjálp Power Beyond-tengja. Þetta er hentugt fyrir áhöld sem eru með álagsskynjunarleiðslu (LS) fyrir dráttarvélin. Kerfið inniheldur álagsskynjunartengi sem álagsskynjunarkerfi áhaldsins verður að tengjast við (álagsskynjunarleiðsla).



1. Bakrennslistengi (T2), karl-hraðtengi 1" (25 mm)
2. Þrýstingstengi, kven-hraðtengi 3/4" (20 mm)
3. Álagsskynjunartengi, kven-hraðtengi 3/8" (10 mm)
4. Laust bakrennslistengi (T1), karl-hraðtengi 1" (25 mm)
5. Aftöppunartengi af húsi (T0), kven-hraðtengi 1/2" (12.5 mm)

MIKILVÆGT: Notaðu aðeins tengi sem samræmast stöðlunum.

1. Tengdu tankslöngurnar.

MIKILVÆGT: Tengdu alltaf slöngur tanksins fyrst og taktu þær síðast í burtu til að forðast skemmdir á vökvabúnaðinum.

Veldu alltaf lausa bakrennslistengið T1 sem aðalop tanks. Veldu bakrennslisop T2 aðeins ef þörf er á tveimur bakrennslisopum; mótþrýstingurinn í bakrennslisopi T2 er 8 börum hærri við 150 l/mín. en í lausa bakrennslisopinu T1. Aftöppunartengi húss T0 er ekki með neinn mótþrýsting og er aðeins hægt að nota það sem aftöppunarleiðslu af húsi.

2. Tengdu slöngutengi álagsskynjunarleiðslu áhaldsins við álagsskynjunarleiðsluna.

Dæluþrýstingurinn jafnast niður á plan sem ákvarðast af álagsskynjunarþrýstingi áhaldsins. Þrýstingurinn í dráttarvélinni er ákvarðaður af því tæki sem er með hæsta álagsskynjunarþrýstinginn.

Ef áhaldið (eða eitthvert annað tæki) er ekki notað er aðeins biðþrýstingur á dæluleiðslunni af völdum dælustillisins (venjulega 20...25 bör). Þetta felur í sér eldsneytissparnað og lækkar hitastig olíu þar sem það er aðeins flæði þegar áhaldið þarfnast þess.

3.14.3.3 Vökvaloki notaður sem einvirkur loki

Hægt er nota vökvaloka sem einvirkan loka, til dæmis til að sturta.



VARÚÐ: Gakktu úr skugga um að lokinn til að sturta sé ekki með stöðulásinn á.

Þegar vökvaloki er notaður sem einvirkur loki skal tengja slönguna úr sturtubúnaðinum við (+) tengið á notaða lokanum.

1. Til að setja þrýsting á vinnubúnaðinn skal færa viðkomandi lokastjórnstöng í (+) áttina.
Sturtubúnaðurinn færir upp.
2. Til að taka þrýstinginn af vinnubúnaðinum skal færa viðkomandi lokastjórnstöng í (-) áttina.

Einnig er hægt að nota fljótandi stöðuna fyrir þessa aðgerð. Með þessu setur þú ekki þrýsting á vökvadæluna.
Sturtubúnaðurinn færir niður.

3.14.3.4 Ytri vökvamótor tengdur við viðbótarvökvabúnaðinn

Hægt er að tengja vökvamótor við viðbótarvökvabúnað dráttarvélarinnar. Hægt er að snúa mótornum í aðra eða báðar áttir.

- Til að snúa vökvamótornum í aðeins eina átt skal tengja bakrennlistengið við bakrennlistengi dráttarvélarinnar.

ATHUGASEMD:

Ef vökvamótorinn hefur verið tengdur við (-) opið er hægt að stöðva mótörinn á mýkri hátt með því að setja lokann í fljótandi stöðu.

- Til að snúa vökvamótornum í báðar áttir þegar þú tengir tengin við bæði (+) og (-) opin, skaltu setja aðskilda höggloka upp á vökvamótorinn ef þeir eru ekki þegar staðalbúnaður á vökvamótornum.


ATHUGASEMD: Gefðu gaum að hitastigi vökvabúnaði vegna þess að hátt hitastig getur stýtt endingartíma olíu eða skemmt vökvadæluna eða vökvamótorinn. Ef hitastig vökvakerfisolíu eykst of mikið birtist aðvörðun á mælaborðsskjánum. Stöðvaðu hreyfilinn ef hámarkshitastigi er náð.

3.15 Tengibúnaður að framan

3.15.1 Tengibúnaður að framan notaður tengdur við lokana að aftan

MIKILVÆGT: Áhöld, til dæmis ofan á löngu hliðarörmunum valda vindingsvægi, sérstaklega á grindina að framan. Hámarks vindingsvægi grindar að framan er 28 kNm. Ef vinnan veldur vindingsvægi sem er meira en þetta mælum við með að þú notir undirgrind.

MIKILVÆGT: Þú verður að taka ámoksturstæki að framan af áður en þú notar tengibúnað að framan.



1. Stjórnstöng fyrir loka viðbótarvökvabúnaðar að aftan
2. Lokunarloki
3. Lokunarlokastöng
4. Stöng í stöðu fyrir tengibúnað að framan
5. Stöng í stöðu fyrir loka að aftan

- Aftengdu hraðtengi frá þeim loka að aftan sem lokunarloki tengibúnaðar að framan er tengdur við.



VARÚÐ: Þegar verið er að tengja tengibúnað að framan við afturloka skal ganga úr skugga um að ekkert álag sé á tengibúnaði að framan eða áhaldi að aftan sem tengt er við sama loka. Álagið á tengibúnað að framan eða áhald á afturloka afhleðst þegar stöng lokunarloka er snúið. Þetta getur valdið því að áhöldin hreyfist skyndilega.

- Togaðu lokunarloka tengibúnaðar að framan í lárétta stöðu.
- Togaðu stjórnstöngina aftur á við til að færa tengibúnað að framan upp.
- Ýttu stjórnstönginni fram á við til að færa tengibúnað að framan niður.

- Ef áhaldið fylgir jörðinni skal nota fljótandi stöðuna.
 - Til að virkja fljótandi stöðuna skal ýta stjórnstöng umfram ýtrustu stöðu með auknum krafti.

Þetta læsir stönginni í fljótandi stöðu.
 - Til að afvirkja fljótandi stöðuna skal færa stjórnstöngina handvirkt aftur í miðstöðuna.

MIKILVÆGT: Notaðu alltaf fljótandi stöðu fyrir áhöld sem fylgja útlínum jarðar. Að öðrum kosti er hættu á að áhaldið skemmist eða framhjólin missi gripið.


3.15.2 Stöður lyftiarma tengibúnaðar að framan stilltar

Þú getur stillt lyftiarmana vélrænt í mismunandi stöður með því að breyta stöðum festiboltanna.



VIÐVÖRUN: Þegar ekið er á þjóðvegum, með eða án áhalds, skal alltaf lyfta tengibúnaði að framan að fullu upp.

MIKILVÆGT: Þegar ámoksturstæki að framan eru notuð verður að brjóta lyftiarma tengibúnaðar að framan saman í flutningsstöðuna.



1. Festigat 1
2. Festigat 2
3. Festigat 3

1. Settu lyftiarmana í óskaða stöðu og settu festiboltana í götin.

Staða lyftiarms	Staðsetning festibolta
Vinnur	Festiboltarnir eru settir í göt 1 og 2 eða 1 og 3.
Flutningur	Lyftiarmar eru brotnir saman til fulls og festiboltarnir eru settir í göt 1 og 3.
Fljótandi	Festiboltinn er aðeins settur í gat 1. ATHUGASEMD: Þegar vélræn fljótandi staða er notuð er hámarksálag á kúluhrækjutengin 25 kN.


2. Festu festiboltana með læsipinum.

3. Þegar þú ekur á þjóðvegum og það er áhald á tengibúnaði að framan sem er fyrir framljósunum skaltu kveikja á efri framljósunum (valkvæður búnaður).

3.15.3 Hraðtengi notuð fyrir lyftiarma




HÆTTA: Hreinsaðu hraðtengin og kúluliðina áður en þú tengir áhald við. Hætta er á að áhaldið sé ekki tengt almennilega við.




1. Stöng
2. Klemma


1. Togaðu í stöngina til að losa áhaldið.



2. Hægt er að skilja lásinn eftir opinn (til dæmis þegar verið er að taka áhald af).




3. Losaðu lásinn með því að toga stöngina fram á við.



Kúluliðirnir læsast sjálfvirkt þegar áhaldið er tengt við.
Þegar er læst sést klemman og stöngin er í lækka-stöðunni.

4. Til að tryggja læsingu við ýrtruðu aðstæður (til dæmis snjóskafli, leðju eða ytri hluti) skal setja upp M10x50 bolta og læsiró í gatið fyrir handvirka læsingu.



1. Gat fyrir handvirka læsingu

3.16 Aflúttak

3.16.1 Áhöld tengd við aflúttakið

Áður en þú tengir áhöld við aflúttak dráttarvélarinnar (PTO) skaltu ganga úr skugga um að áhaldið sé hannað fyrir snúningshraða aflúttaksins (540 s/mín eða 1.000 s/mín).




VIÐVÖRUN: Fylgdu öllum öryggisvarúðarráðstöfunum við allar aðgerðir sem snerta áhöld sem knúin eru af aflúttaki.



VARÚÐ: Stöðvaðu hreyfilinn og aftengdu aflúttakið áður en þú tengir áhald við dráttarvélinu. Athugaðu að vinnusvæði áhaldsins sé autt áður en þú tengir aflúttakið.




VARÚÐ: Þegar áhald sem knúið er aflúttaki er notað er engum starfsmönnum leyft að fara nálægt drifskafi aflúttaksins. Þjónustuvinnu við drifskafi aflúttaksins ætti að framkvæma með aflúttakið aftengt, stöðvaðan hreyfil og kveikjulykilinn tekinn úr kveikjurofanum.



VARÚÐ: Eftir að aflúttakið er aftengt heldur áhaldið áfram að snúast í dálítinn tíma (burtséð frá hemlun). Nálgastu ekki áhaldið fyrr en það hefur stöðvast að fullu.



VARÚÐ: Hlífin yfir enda drifskatts aflúttaksins ætti alltaf að vera tengd við þegar aflúttakið er ekki í notkun.



1. Hlíf aflúttaks

MIKILVÆGT:

Ef þú vinnur með áhöld sem snúast jafnvel eftir að þú stöðvar aflúttakið með aflúttaksrofanum mælum við með að þú notir skaft með liðamótum sem er með yfirkeyrslukúplingu. Þessi tegund skafts veitir aflúttakshemlinum vörn gegn sliti.

MIKILVÆGT: Gakktu úr skugga um að ekki sé farið umfram hallahorn hjöruliðsskaftsins.

MIKILVÆGT: Farðu ekki umfram hámarks úttaksendingu aflúttaksskaftsins.

- **Gakktu úr skugga um að lengd drifskafa aflúttaks sé rétt fyrir það aflúttaksknúna áhald sem nota á.**

Skaftið verður að geta unnið við fulla sveigju lóðrétt og lárétt.

MIKILVÆGT: Skaft sem er of langt getur valdið skemmdum.

- **Tengja aflúttaksknúið áhald við dráttarvélina.**

MIKILVÆGT: Tengdu áhaldið við dráttarvélina áður en þú tengir drifskaft aflúttaks milli dráttarvélarinnar og áhaldsins. Að öðrum kosti getur áhaldið byrjað að snúast með drifskafni aflúttaksins.

- **Settu drifskaft aflúttaks upp í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda.**



HÆTTA: Þegar þú festir drifskaft aflúttaks milli dráttarvélar og áhalds skaltu athuga að hlífina sé óskemmd. Tengdu hlífina við kyrrstæðan hluta dráttarvélagrindarinnar eða áhaldsins.

- **Tengdu aflúttakið á litlum snúningshraða hreyfils til að vernda aflúttakið.**
- **Þegar er frost skaltu tryggja að olía á skiptingu sé heit áður en þú tengir aflúttakið.**

Áður en aflúttakið er tengt í frosti:


- Láttu olíu á hreyfli og skiptingu hitna í smástund við lítinn snúningshraða hreyfils. Til að hraða upphitun olíu á skiptingu skaltu stilla snúningshraða hreyfils á 1.500 s/mín og hafa stýrishjólið í ytrustu stöðu.
- **Þegar aflúttakið er tengt og viðtengt áhald leyfir það skaltu bíða í um það bil 5 sekúndur þar til kúpling aflúttaksskaftsins er að fullu tengd áður en þú setur álag á það.**

3.16.2 Aflúttak að aftan

Þú getur notað aflúttak (PTO) til að flytja afl frá dráttarvélinni til áhalds.


Aflúttaksskaftið er drifskaft með rílum sem er auðvelt að tengja og aftengja.

Stjórnæki fyrir aflúttakið að aftan eru sem hér segir:



1. Hnappur fyrir sjálfvirka ræsingu/stöðvun aflúttaks að aftan
2. Hraðastjórnhnúður fyrir aflúttak að aftan
3. Rofi fyrir aflúttak að aftan

Kveikja/slökkva-þrýstihnappurinn fyrir aflúttak að aftan á aurhlífinni að aftan er valkvæður:




1. Kveikja/slökkva-þrýstihnappur fyrir aflúttak að aftan

Sigma Power

Í gerðum N134 A og N154e A er Sigma Power-stjórnkerfi aukabúnaður.

Sigma Power-stjórnkerfið gefur aukaafli fyrir vinnu með aflúttaki. Þegar þörf er á fyrir vinnu með aflúttaki veitir hreyfillinn sjálfkrafa allt að 30 hö. meira afl.

Sigma Power tengist sjálfvirkt þegar aflið sem flutt er gegnum aflúttakið eykst nógu mikið. Sem merki um þetta logar táknið fyrir Sigma Power á mælaborðinu.



1. Tákn fyrir Sigma Power

3.16.2.1 Ráðlögð sköft fyrir aflúttak að aftan

Hægt er að nota báða nafnhraða aflúttaks burtséð frá tegund skafts sem sett er upp á dráttarvélinni.

Áhöld fyrir 540 s/mín. (við snúningshraða hreyfils um það bil 1890 s/mín.)

Venjulega er mælt með 6-ríla skafti (valkvætt) með 35 mm þvermáli.

ISO-reglan takmarkar ekki afl 540 s/mín., 6-ríla aflúttaksskafts með 35 mm þvermáli.

MIKILVÆGT: Fyrir afl yfir 67 hö (50 kW) skal nota 1000 s/mín. úttak til að tryggja endingu aflúttaksskaftanna.

Áhöld fyrir 1000 s/mín. (við snúningshraða hreyfils um það bil 1900 s/mín.)

Mælt er með venjulegu 21-ríla skafti (valkvætt) með 35 mm þvermáli


Mikil notkun

Venjulega er mælt með 20-ríla skafti (valkvætt) með 45 mm þvermáli. Ef nauðsyn krefur ætti að nota kraftvægistakmarkandi kúplingu með 1000 Nm hámarkskraftvægi.

3.16.2.2 Aflúttak að aftan virkjað

Áður en þú getur ræst aflúttakið að aftan verður þú að virkja eitt af hraðasviðunum fyrir aflúttak að aftan sem tiltæk eru á dráttarvélinni þinni.

MIKILVÆGT: Farðu ekki umfram hámarkshraða aflúttaks fyrir áhaldið, sem skilgreindur er af framleiðanda áhaldsins.



1. Hraðastjórnhnúður fyrir aflúttak að aftan

- **Veldu hraða aflúttaks með hraðastjórnhnúðnum.**


Dráttarvélin er með einn af eftirfarandi hraðasviðsvalkostum fyrir aflúttak:

- 540/1000
- 540/540E/1000
- 540E/1000/1000E
- 540/1000/GSPTO
- 540E/1000/GSPTO
- 540E/1000E/GSPTO

MIKILVÆGT: Þegar hraði 540E er notaður er 540 s/mín hraða skafts náð með snúningshraða hreyfils upp á um það bil 1520 s/mín. Ef snúningshraði hreyfils er aukinn getur hraði skafts aflúttaks (PTO) náð allt að 800 s/mín.

- **Virkjaðu jarðhraða aflúttaks (valkvætt) með því að snúa hraðastjórnhnúðnum í stöðuna GSPTO.**

Ef kerfið getur ekki tengst óskaðu hraðasviði reynir það að tengjast aftur sjálfvirkt. Fyrst er annað hraðasvið tengt og síðan gerð ný tilraun við óskaða hraðasviðið. Ef það tengist samt ekki er hægt að endurræsa tengingaraðgerðina með því að snúa fyrst hraðavalshnúðnum í aðra stöðu og síðan aftur í óskaða stöðu.

Gaumljósið  á mælaborðinu er með fimm mismunandi hami til að lýsa notkun aflúttaks að aftan.

3. Notkun

- Ljósið logar þegar kveikt er á aflúttakinu eða hlutfallslegur jarðhraði aflúttaksins hefur verið tengdur.
- Ljósið blikkar hratt ef aflúttakið snýst en er ekki lengur tengt.
- Ljósið blikkar á eðlilegum hraða þegar aflúttakið snýst ekki og gírinn sem valinn er með hraðastjórnhnúðnum er tengdur.
- Ljósið blikkar hægt ef aflúttakið snýst ekki og gírinn sem valinn er með hraðastjórnhnúðnum er ekki tengdur.
- Ljósið logar ekki þegar ekki er kveikt á aflúttakinu og hraðastjórnhnúðurinn er í stöðunni N.

3.16.2.3 Aflúttak að aftan ræst

Þú getur ræst aflúttakið (PTO) eftir að þú hefur virkjað það með því að velja hraða aflúttaks með hraðastjórnunarhnúðnum.


Þú getur ræst aflúttakið að aftan á tvo vegu:

- Með því að nota rofann fyrir aflúttak að aftan. Rofinn fyrir aflúttak að aftan hefur tvær stöður, kveikt og slökkt og hann snýr sjálfvirktt aftur í miðstöðuna.
- Með því að nota kveikja/slökkva-þrýstihnapp fyrir aflúttak að aftan (valkvætt) á aurlíf að aftan.

Ef dráttarvél er búin aflúttaki að framan (valkvætt) er rofi fyrir aflúttak að framan á sætisarminum staðsettur fyrir framan rofa fyrir aflúttak að aftan.

- **Ræstu aflúttak að aftan með því að ýta rofanum niður og toga hann aftur á við.**


Gaumljósið á Proline-mælaborðinu logar.



1. Rofi fyrir aflúttak að aftan

- Til að ræsa aflúttak að aftan með kveikja/slökkva-þrýstihnappi fyrir aflúttak að aftan (valkvætt) á aurhlífinni skal halda hnappinum stöðugt niðri í að minnsta kosti 3 sekúndur.

Ræsing aflúttaks hefst eftir 0,5 sekúndur. Ef truflun verður meðan ýtt er á rofann í þessar 3 sekúndum stöðvast aflúttakið.



1. Kveikja/slökkva þrýstihnappur fyrir aflúttak að aftan

3.16.2.4 Aflúttak að aftan stöðvað tímabundið

Þú getur stöðvað aflúttak að aftan tímabundið á eftirfarandi vegu:

- Með því að nota rofann fyrir aflúttak að aftan.
- Með því að nota hraðastjórnhnúð fyrir aflúttak að aftan.
- Með því að nota kveikja/slökkva-þrýstihnapp fyrir aflúttak að aftan (valkvætt) á aurhlíf að aftan.



VARÚÐ: Þegar þú þarft ekki aflúttakið skaltu hafa rofa fyrir aflúttak í stöðunni N.




VARÚÐ: Notaðu stjórnhnúð fyrir hraða aflúttaks fyrir raunverulega aftengingu og tengingu aflúttaksins. Þegar til dæmis þú yfirgefur stýrishúsið skaltu færa hnúðinn í stöðuna N, nema þegar þú notar kveikja/slökkva-þrýstihnapp fyrir aflúttak á aurhlífinni (valkvætt).

MIKILVÆGT:


Ef þú vinnur með áhöld sem snúast jafnvel eftir að þú stöðvar aflúttakið með aflúttaksrofnum mælum við með að þú notir skaft með liðamótum sem er með yfirkeyslukúplingu. Þessi tegund skafts veitir aflúttakshemlinum vörn gegn sliti.

- Ýttu niður rofanum fyrir aflúttak að aftan og þrýstu honum fram á við.



1. Rofi fyrir aflúttak að aftan

- Ef aflúttakið er í notkun, þannig að gaumljósið á Proline-mælaborðinu logi, er einnig hægt að stöðva aflúttakið með því að ýta á rofann og toga hann aftur á við.
- **Snúðu hraðastjórnhnúð fyrir aflúttak í stöðuna N til að aftengja aflúttakið.**
Þetta er gagnlegt þegar þú verður að stöðva aflúttakið hratt, til dæmis í neyðartilfalli.
- **Ýttu einu sinni á kveikja/slökkva-þrýstihnappinn fyrir aflúttak að aftan á aurhlífinni að aftan.**
Eftir það vinnur kveikja/slökkva-þrýstihnappurinn fyrir aflúttak að aftan eins og ræsihnappur þegar ýtt er á hann í meira en 3 sekúndur.

Gaumljósið  á Proline-mælaborðinu blikkar og gefur til kynna að hraðastjórnhnúður fyrir aflúttak sé tengdur.

3.16.2.5 Afvirkja aflúttak að aftan




VARÚÐ: Þegar þú þarft ekki aflúttakið skaltu hafa rofa fyrir aflúttak í stöðunni N.




VARÚÐ: Notaðu stjórnhnúð fyrir hraða aflúttaks fyrir raunverulega aftengingu og tengingu aflúttaksins. Þegar til dæmis þú yfirgefur stýrishúsið skaltu færa hnúðinn í stöðuna N, nema þegar þú notar kveikja/slökkva-þrýstihnapp fyrir aflúttak á aurhlífinni (valkvætt).

- Ýttu niður rofa fyrir aflúttak að aftan og ýttu honum fram á við.



1. Rofi fyrir aflúttak að aftan

- Færðu stjórnhnúð fyrir hraða aflúttaks í stöðuna N (aflúttak afvirkjað).



1. Hraðastjórnhnúður fyrir aflúttak að aftan

Aflúttakið að aftan er afvirkjað og gaumljósið á mælaborðinu slokknar.


3.16.2.6 Aflúttak að aftan stöðvað í neyðartilfalli

Í neyðartilfalli er hægt að stöðva aflúttakið að aftan, annaðhvort með hraðastjórnhnúð fyrir aflúttak að aftan eða með neyðarstöðvunarinnstungu fyrir aflúttak á afturpílinu utan á stýrishúsinu.

Áður en þú byrjar að beita áhöldum sem knúin eru aflúttaki utan stýrishússins skaltu ganga úr skugga um að neyðarstöðvunarinnstungan sé innan seilingar. Ef

3. Notkun

Þú getur ekki náð til neyðarstöðvunarinnstungu aflúttaks úr vinnustöðu þinni er mælt með að þú tengir vír við innstunguna sem þú getur notað til að draga hana út úr fjarlægð.




1. Neyðarstöðvunarinnstunga aflúttaks

- Til að stöðva aflúttakið innan úr stýrishúsinu skaltu snúa hraðastjórnhnúðnum fyrir aflúttak að aftan í stöðuna N til að gera aflúttakið óvirkt.
- Til að endurræsa aflúttakið:
 - Virkjaðu hraðasvið aflúttaksins með hraðastjórnhnúð fyrir aflúttak að aftan.
 - Ræstu aflúttakið með rofa fyrir aflúttak að aftan.
- Til að stöðva aflúttakið utan stýrishússins skaltu toga út neyðarstöðvunarinnstungu fyrir aflúttak.
- Til að endurræsa aflúttakið eftir að hafa stöðvað það frá neyðarstöðvunarinnstungu aflúttaks:
 - Settu neyðarstöðvunarinnstungu aflúttaks í samband.
 - Stöðvaðu dráttarvélina og slökktu á rafmagninu.
 - Kveiktu á rafmagninu og endurræstu dráttarvélina.
 - Endurræstu aflúttakið.

3.16.2.7 Sjálfvirk ræsing/stöðvun aflúttaksins að aftan notuð

Sjálfvirk ræsing/stöðvun aflúttaks að aftan er gagnleg í beygjum á endasvæði, til dæmis, þar sem þarf að lyfta áhöldum tímabundið og láta þau svo síga aftur.



1. Rofi til að hækka/stöðva/lækka
2. Hnappur fyrir sjálfvirka ræsing/stöðvun aflúttaks að aftan

- **Virkjaðu sjálfvirka ræsing/stöðvun aflúttaks með því að ýta á hnapp fyrir sjálfvirka ræsing/stöðvun aflúttaks að aftan.**

Aðeins er hægt að virkja sjálfvirka ræsing/stöðvun aflúttaks ef aflúttakið er tengt og tengibúnaðurinn er ekki í flutningsstöðu.

Ljósið á hnappinum logar þegar sjálfvirk ræsing/stöðvun aflúttaks er virkjuð.

Aflúttakið stöðvast sjálfkrafa þegar þú hefur virkjað sjálfvirka ræsing/stöðvun og sett rofann fyrir hækka/stöðva/lækka í flutningsstöðuna og þegar tengibúnaðurinn hefur lyft beislisörmunum í stöðu sem er að minnsta kosti 70% af hámarkslyftihæð. Eftir sjálfvirka stöðvun byrja ljósið á hnappinum og táknið á skjánum að blikka, sem gefur til kynna að sjálfvirk ræsing aflúttaks sé í biðstöðu.

Sjálfvirk ræsing á sér aðeins stað ef aflúttakið hefur verið stöðvað með sjálfvirkri ræsing/stöðvun. Aflúttakið er ræst sjálfvirk ef aksturshraðinn er á milli 1 og 25 km/klst., tengibúnaðurinn er lækkaður með rofa fyrir hækka/lækka og beislisarmarnir hafa verið lækkaðir um 90% af hámarkslyftihæð.

- **Afvirkjaðu sjálfvirka ræsingu/stöðvun með einni af eftirfarandi leiðum:**
 - Ýttu á hnapp fyrir sjálfvirka ræsingu/stöðvun aflúttaks að aftan.
 - Notaðu rofann fyrir aflúttak að aftan.
 - Haltu tengibúnaðinum hækkuðum, það er, í biðstöðu í að minnsta kosti 90 sekúndur.

Sjálfvirk ræsing/stöðvun er einnig afvirkjuð ef aksturshraðinn þegar tengibúnaðurinn er lækkaður er utan hraðamarkanna 1–25 km/klst. Þegar sjálfvirk ræsing/stöðvun er afvirkjuð er ekki ljós á hnappinum.

3.16.2.8 Hlutfallslegur jarðhraði aflúttaks

Hlutfallslegur jarðhraði aflúttaks (GSPTO) er valkvæður.



VIÐVÖRUN: Þegar þú notar aflúttak með hlutfallslegum aksturshraða er hraði aflúttaksins breytilegur í samræmi við skiptingarhraða dráttarvélarinnar. Þegar dráttarvélinni er bakkað snýst aflúttaksskaftið einnig afturábak.

Hlutfallslegur jarðhraði aflúttaks er aðallega notaður á hraðasviðunum A og B. Hlutfallslegt GSPTO er hannað fyrir hæstu snúningsvægisgildi á hraðasviðum A og B. Á hraðasviðum C og D fer aksturshraði auðveldlega umfram hámarkssnúningshraða skaftsins. Í því tilfalli takmarka sjálfskiptingin aksturshraðann á virkan hátt við 15 km/klst. Snúningshraði hreyfils stillist á hægagang þangað til aksturshraðinn hefur minnkað niður fyrir mörkin. Hraðari snúningshraði gæti skemmt drifskafði á milli dráttarvélarinnar og áhaldsins. Vagninn ætti að vera búinn leiðum til að aftengja drifið frá vagninum.

MIKILVÆGT: Notaðu ekki skriðgírinn ásamt hlutfallslegum jarðhraða aflúttaks til að auka gripkraft. Hætta er á skemmdum á skiptingunni.

MIKILVÆGT: Ef jarðhraði aflúttaks er virkjaður og hraði aflúttaks fer umfram 1800 s/mín. varar hljóðgjafinn við og skilaboð “SLOW DOWN, PTO SPEED TOO HIGH!” eru sýnd á skjá mælaborðs. Gerist þetta skaltu samstundis minnka snúningshraðann til að koma í veg fyrir skemmdir á þeim hlutum aflúttaksins sem hreyfast.

Þegar hlutfallslegt GSPTO er virkjað er hámarkshraðinn takmarkaður við 15 km/klst.


Þú getur tengt hlutfallslegt GSPTO þegar aksturshraðinn er allt að um það bil 15 km/klst. (Hraði aflúttaks 1800 s/mín.). En ef aksturshraði er meiri en 2 km/klst. þegar þú tengið hlutfallslegt GSPTO verður hraði aflúttaks á dráttarvélinni og vagninum að vera innan við 100 s/mín. Ef vagninn er ekki samhæfur eða ef hjól dráttarvélarinnar skrika of mikið tengist hlutfallslegt GSPTO ekki.

Áður en þú notar vagn með knúnum öxli skaltu ganga úr skugga úr um að drifið sé samhæft aflúttaki dráttarvélarinnar. Hraði vagnsins ætti að vera 0-3% minni en aksturshraði dráttarvélarinnar.


Fyrir þunga hlutfallslega notkun er mælt með að nota 1³/₄” (45 mm) skaftið.

Hægt er að tengja jarðhraða aflúttaks með því að snúa hraðastjórnhnúðnum í stöðuna GSPTO og virkja hann með því að ýta á rofann fyrir aflúttak að aftan.

Virkun og afvirkjun jarðhraða aflúttaks er gefin til kynna á Proline-mælaborðinu.



1. Hraðastjórnhnúður fyrir aflúttak að aftan




1. Rofi fyrir aflúttak að aftan


3.16.2.9 Tenging aflúttaks að aftan stillt

Þegar unnið er með áhöld sem snúast mikið getur þú stillt tengingu aflúttaksins að aftan (PTO) á skjánum á A-stoð. Ekki þarf að breyta verksmiðjustillingu fyrir venjulega notkun aflúttaks.

MIKILVÆGT: Gakktu úr skugga um að aflúttaksskaftið henti fyrir mikla notkun.


3. Notkun

1. Ýttu á  til að virkja skjáinn á A-stoðinni
2. Ýttu á **SET** til að fara í stillingarvalmyndina.





Textinn “Ind” birtist.

3. Ýttu á **SET** til að fara í atriðalistann.
4. Flettu að færribreytunni sem breyta á með upp- eða niður-örinni.




Færribreytunúmerið fyrir tengingu aflúttaks að aftan er 90.

5. Ýttu á **SET**.
6. Ýttu á upp-örina eða niður-örina til að breyta gildi færribreytunnar.
Gildissviðið er á milli 0–5, þar sem:
 - 0 er fyrir létt eða venjuleg áhöld (verksmiðjustilling).
 - 5 er fyrir þung áhöld.
7. Ýttu á  til að vista gildið.
8. Ýttu á  til að fara úr stillingavalmynd og vista allar breytingar.


3.16.3 Aflúttak að framan

Aflúttak að framan er aðeins fánlegt með tengibúnaði að framan (aukabúnaður).



1. Aflúttak að framan

Skaft aflúttaks að framan er 35 mm í þvermál með 6 rílum.




MIKILVÆGT: Nafn-snúningshraði skafts aflúttaks að framan er 1000 s/mín og snúningsáttin er rangsælis séð framan frá. Athugaðu að áhaldið sé samhæft áður en þú tengir það við.

MIKILVÆGT: Hámarks leyfilegt inntakskraftvægi fyrir girkassa aflúttaks að framan er 759 Nm og nafnvægi er 692 Nm.

MIKILVÆGT: Gakktu alltaf úr skugga um að krosshjöruliðsskaftið snerti ekki vökvatenglana í neinni vinnustöðu.

3.16.3.1 Virkjun og afvirkjun aflúttaks að framan

Rofinn fyrir aflúttak að framan (PTO) snýr til baka með fjöður og er með tvær stöður, kveikja og slökkva.



1. Rofi fyrir aflúttak að framan


- Ræstu aflúttakið að framan með því að ýta niður rofanum fyrir aflúttak að framan og toga hann aftur á við.
- Gerðu aflúttakið að framan óvirkt með því að ýta niður rofanum fyrir aflúttak að framan og ýta honum fram á við.

3.17 Merkjatenging áhalds

3.17.1 Merkjatengill áhalds


Merkjatengill áhalds (aukabúnaður) samræmist staðlinum ISO 11786.

Tengillinn er staðsettur á hliðarborði í stýrishúsi.




1. Merkjatengill áhalds

Áhald sem tengist tenglinum getur notað eftirfarandi upplýsingar dráttarvélar:



1. Ratsjárhraði (valkvæður búnaður), 130 Hz/m/s
2. Hraði skiptingar (hjólakraði), 130 Hz/m/s
3. Hraði aflúttaks að aftan, (6 Hz/r/s)
4. Tengibúnaður að aftan, í vinnu ($\leq 1,5$ V) / utan vinnu ($\geq 6,3$ V)
5. Staða tengibúnaðar að aftan (0% = 0 V, 100% = 10 V)
6. Aflgjafi (+12V, háam. 5A) (gegnum kveikjurofann)
7. Jarðtenging (GND)




1. Gaumljós fyrir merkjatengil áhalds

Þegar gaumljós fyrir merkjatengil áhalds er grænt er merkjakerfi áhalds í lagi. Ef ljós leiftrar er villa í kerfinu.

3.17.2 Merkjatenging áhalds endurstíllt

Ef gaumljósið fyrir merkjatengingu áhalds (aukabúnaður) blikkar er kerfið í villuham og endurstílla verður tenginguna.



1. Gaumljós fyrir merkjatengingu áhalds

1. Stöðvaðu dráttarvélina.
2. Slökktu á rafmagni.
3. Kveiktu á rafmagni.
4. Ræstu dráttarvélina.
5. Ef gaumljósið heldur áfram að blikka skaltu hafa samband við viðurkennt Valtra-verkstæði.

3.18 Stjórnkerfi Isobus-áhalds


Valtra ISOBUS-stjórnkerfið fyrir áhöld (aukabúnaður) samræmist staðlinum ISO 11783.


Kerfið tengir saman dráttarvélina, áhaldið og ISOBUS-útstöðina og auðveldar upplýsingaskipti milli þessarra eininga.

Valtra ISOBUS-stjórnkerfið fyrir áhöld uppfyllir kröfur Class 2-staðalsins. Það sendir eftirfarandi upplýsingar til áhaldanna sem tengd eru við ISOBUS.

- Hraðaupplýsingar dráttarvélar (ratsjá, hjól og hreyfill)
- Vegalengd og stefnu
- Stöðu tengibúnaðar að aftan
- Stöðu og hraða aflúttaks
- Lýsingarstjórn

Valtra ISOBUS-stjórnkerfið fyrir áhöld veitir einnig rafmagn fyrir íhluti ISOBUS (25 A) og rafmagn fyrir hreyfiliða og áhöld (60 A). Valtra ISOBUS-stjórnkerfið fyrir áhöld getur viðhaldi rafmagni í að hámarki eina klukkustund ef áhald eða útstöð útheimtir það.

ATHUGASEMD: Kveikt er á aðalrafmagni dráttarvélarinnar í að hámarki eina klukkustund eftir að kveikjurofanum er snúið í stöðuna  (SLÖKKT).



1. Framlengingartengill ISOBUS-tengibrautar (undir hliðarspjaldinu)
2. Tengill ISOBUS-útstöðvar
3. ISOBUS-tengill fyrir áhöld
4. Valtra C1000 ISOBUS-útstöð

3.18.1 Tengill ISOBUS-útstöðvar

Tengill ISOBUS-útstöðvar er hluti af ISOBUS-stjórnkerfi fyrir áhöld (aukabúnaður). Tengillinn er notaður til að tengja útstöðina við ISOBUS-kerfið.

Tengillinn inniheldur bæði ISOBUS-gagnatengibraut og aflagjafa.

3.18.2 ISOBUS-tengill fyrir áhöld

ISOBUS-tengill fyrir áhöld er hluti af ISOBUS-stjórnkerfi fyrir áhöld (aukabúnaður). Tengillinn tengir ISOBUS-samhæft áhald við ISOBUS-kerfið.

3.18.3 Tenglar fyrir framlengingu tengibrautar

Tenglar fyrir framlengingu tengibrautar eru hluti af ISOBUS-stjórnkerfi fyrir áhöld (aukabúnaður). Venjulega eru tenglar fyrir framlengingu tengibrautar tengdir saman. Einnig er hægt að nota þá til að tengja viðbótar ISOBUS-tæki við ISOBUS (til dæmis ISOBUS GPS).

ATHUGASEMD: Ef tenglar framlengingar tengibrautar eru aftengdir er tengibraut ISOBUS-áhalds slitin og kerfið virkar ekki almennilega. Þegar viðbótar ISOBUS-tæki eru tengd skaltu athuga að tengibrautin haldist ósnert (tenglar framlengingar tengibrautar eru tengdir).

Tengillinn er staðsettur undir hliðarspjaldinu.

3.18.4 ISOBUS-útstöð

C1000 ISOBUS-útstöðin (aukabúnaður) er notuð til að stjórna ISOBUS-áhöldum og sjálfstýringarkerfinu.

Útstöðin uppfyllir grunnskilyrðum fyrir UT (Universal Terminal). Vegna frekari upplýsinga vísast til notandahandbókar fyrir C1000 ISOBUS-útstöð.

Einnig er innbyggð verkstýring í útstöðinni. Sjá notandahandbók um verkstýringu vegna frekari upplýsinga.

Útstöðin er einnig með tengil fyrir myndavél (aukabúnaður).

3.19 Auto-Guide Readiness


Auto-Guide Readiness gerir mögulegt að setja Auto-Guide 3000 stýringarkerfi upp á dráttarvélinni. Auto-Guide 3000 er byggt á hnattrænu gervihnattaleiðsögukerfi (GNSS) og er fært um að stýra dráttarvélinni sjálfvirkt. Auto-Guide Readiness er aukabúnaður. Sjá notandahandbók Auto-Guide 3000 til að fá frekari upplýsingar.

Auto-Guide Readiness samanstendur af eftirfarandi búnaði:

- Rafvökva-stýringarloka
- Festingu fyrir stjórneiningu sjálfvirks stýringarkerfis (á þakinu)
- Kveikja/slökkva-hnappi fyrir Auto-Guide-móttakara
- Kveikja/slökkva-hnappi fyrir Auto-Guide-stýringarloka
- Hnappi fyrir fjarvirkjun Auto-Guide

3.19.1 Auto-Guide notað

Áður en hægt er að nota Auto-Guide 3000 stýringarkerfið og sjálfvirka stýringin er virkjuð verður að kveikja á móttakaranum og stýrislokanum. Sjá notandahandbók fyrir Auto-Guide 3000 til að fá frekari upplýsingar um stillingar móttakarans.




1. Kveikja/slökkva-hnappur fyrir Auto-Guide-stýringarloka
2. Kveikja/slökkva-hnappur fyrir Auto-Guide-móttakara
3. Hnappur fyrir fjarvirkjun Auto-Guide


- Ýttu á kveikja/slökkva-hnapp Auto-Guide-móttakara á hliðarborðinu til að kveikja eða slökkva á Auto-Guide-móttakaranum.

Pegar kveikt er, er táknið á þrýstihnappinum grænt.

Ef slökkt er á móttakaranum slekkur það einnig á Auto-Guide-stýringarlokanum ef kveikt var á honum.

ATHUGASEMD: Kveikt kann að vera á móttakaranum jafnvel þótt slökkt sé á rafmagni dráttarvélarinnar. Sjá notandahandbók fyrir Auto-Guide 3000 til að fá frekari upplýsingar um stillingar tímastillis. Kveikt er á aðalrafmagni dráttarvélarinnar í að hámarki eina klukkustund eftir að kveikjurofanum er snúið í stöðuna  (SLÖKKT).

- Ýttu á kveikja/slökkva-hnapp Auto-Guide-stýringarloka á hliðarborðinu til að kveikja eða slökkva á Auto-Guide-stýringarlokunum.

Þegar kveikt er, er ljósið á þrýstihnappinum grænt og táknið  er birt á Proline-mælaborðinu.

Sjálfkrafa er slökkt á stýringarlokunum þegar ökumaðurinn yfirgefur sæti ökumanns í meira en fimm sekúndur.

Ef kveikt er á stýringarlokunum kveikir það einnig á Auto-Guide-móttakanum ef slökkt var á honum.

ATHUGASEMD: Þegar kveikt er á stýringarlokunum er aksturshraði takmarkaður við 25 km/klst. Ekki er mögulegt að kveikja á stýringarlokunum þegar hraðinn er meiri en 25 km/klst.

- Ýttu á hnapp fyrir fjarvirkjun Auto-Guide til að virkja eða afvirkja sjálfvirku stýringuna.


Þegar Auto-Guide er tilbúið til stýringar virkjar það sjálfvirku stýringuna að ýta á hnapp fyrir fjarvirkjun Auto-Guide.

Ef sjálfvirk stýring er þegar virk afvirkjar það stýringuna að ýta á hnappinn. Ef stýrishjólinu er snúið afvirkjar það einnig sjálfvirku stýringuna.

Sjá notandahandbók fyrir Auto-Guide 3000 vegna frekari upplýsinga um þær kröfur sem þarf að uppfylla áður en virkjun er möguleg.

3.19.2 Auto-Guide notað með QuickSteer

Ef þú vilt nota Auto-Guide með QuickSteer skaltu kveikja á Auto-Guide-móttakanum og gera QuickSteer virkt.



1. Stjórnhnúður QuickSteer
2. Virkjunarhnappur QuickSteer
3. Kveikja/slökkva-hnappur fyrir Auto-Guide-móttakara

1. Ýttu á kveikja/slökkva-hnapp Auto-Guide-móttakara á hliðarborðinu til að kveikja á Auto-Guide-móttakanum.

2. Ýttu á virkjunarhnapp QuickSteer til að virkja stýringarlokann.

Ljósið á virkjunarhnappi QuickSteer logar grænt og QuickSteer-táknið birtist á Proline-mælaborðinu. Þegar QuickSteer er notað skal ekki kveikja á Auto-Guide-stýringarloknum.

3. Snúðu stjórnhnúði QuickSteer til að stilla stýringarhraðann.

Til að gera QuickSteer óvirkt skaltu ýta aftur á virkjunarhnapp QuickSteer.

3.19.3 Auto-Guide-stýringarlokinn endurstilltur

Ef ljósið á kveikja/slökkva-hnappi stýringarloka Auto-Guide leiftrar er bilun í stýringarloknum. Villukóðinn er sýndur á skjánum á A-stoð. Endurstilltu stýringarlokann til að endurheimta úr biluninni.

- Ýttu einu sinni á kveikja/slökkva-hnapp stýringarlokans.

Slökkt er á stýringarloknum og síðan kveikir kerfið á loknum aftur.

Ef ljósið leiftrar enn er bilunin enn til staðar. Í því tilfalli skal hafa samband við viðurkennt Valtra-verkstæði.

3.20 Dráttarbúnaður

3.20.1 Nordic-gripkrækja


Nordic-gripkrækjan er valkostur með fastri vagnkrækju.



VARÚÐ: Þegar eftirvagn eða áhald eru tengd við skal ekki fara umfram hámarksþyngd á afturöxli eða hámarksálag á tegund hjólbarða. Sjá tæknilysingar í þessari handbók vegna leyfilegs hámarksþyngdar og álags.



VARÚÐ: Gakktu úr skugga um að ekki sé farið umfram leyfilegan draganlegan massa. Athugaðu með leyfilegan draganlegan massa á auðkennisplötu dráttarvélarinnar. Fylgdu gildum lögum og reglugerðum.



1. Nordic-gripkrækja

3.20.2 Euro-gripkrækja


Euro-gripkrækjan er valkvæð með fjórum breytanlegum áhöldum.



VARÚÐ: Þegar eftirvagn eða áhald eru tengd við skal ekki fara umfram hámarksþyngd á afturöxli eða hámarksálag á tegund hjólbarda. Sjá tæknilýsingar í þessari handbók vegna leyfilegs hámarksþyngdar og álags.




VARÚÐ: Gakktu úr skugga um að ekki sé farið umfram leyfilegan draganlegan massa. Athugaðu með leyfilegan draganlegan massa á auðkennisplötu dráttarvélarinnar. Fylgdu gildum lögum og reglugerðum.



1. Euro-gripkrækja
2. K80 kúluþrækja með stýrikúlum (valkvætt)
3. Vagnþrækja
4. K80 kúluþrækja (valkvætt)
5. Dráttarþeisli (valkvætt)

Þegar vagnþrækja eða dráttarþeisli er ekki í notkun er hægt að festa þau við festingu sína.



1. Festing

3.20.3 Vökvagripkrækja


Vökvagripkrækjan með vökvallengingu er valkvæð með fjórum breytanlegum áhöldum.



VARÚÐ: Þegar eftirvagn eða áhald eru tengd við skal ekki fara umfram hámarksþyngd á afturöxli eða hámarksálag á tegund hjólbarða. Sjá tæknilýsingar í þessari handbók vegna leyfilegs hámarksþyngdar og álags.




VARÚÐ: Gakktu úr skugga um að ekki sé farið umfram leyfilegan draganlegan massa. Athugaðu með leyfilegan draganlegan massa á auðkennisplötu dráttarvélarinnar. Fylgdu gildum lögum og reglugerðum.



3. Notkun

1. Vökvagripkrækja
2. K80 kúlukrækja með stýrikúlum (valkvætt)
3. Vagnkrækja
4. K80 kúlukrækja (valkvætt)
5. Dráttarbeisli (valkvætt)

Þegar vagnkrækja eða dráttarbeisli er ekki í notkun er hægt að festa þau við festingu sína.




1. Festing

3.20.4 Gripkrækjan notuð

3.20.4.1 Gripkrækjunni aflæst



VARÚÐ: Aflæstu aldrei gripkrækjunni í akstri.



1. Rofi til að hækka/lækka
2. Losunarstöng vagnkrækju

1. Ýttu á táknhlið rofans til að hækka/lækka til að lyfta tengibúnaðinum til fulls.
2. Togaðu í læsingarhandfang krækju til að aflæsa henni.
Haltu handfanginu uppi.

3. Ýttu á gagnstæða hlið við táknið á rofa til að hækka/lækka til að lækka tengibúnaðinn.
4. Slepptu læsingarhandfangi krækju þegar krækjan er komin framhjá læsiklinkunni.

3.20.4.2 Nordic- og Euro-gripkrækju krækt aftur



HÆTTA: Gakktu úr skugga um að að minnsta kosti 20% af sameinaðri heildarþyngd hvíli á framhjólunum. Þegar þörf er á skal nota nægilegan fjölda kjölfestulóða að framan.



VARÚÐ: Þegar einhver áhöld eru tengd við skaltu athuga að dráttarbeislisaugað tengist vagnkróknum rétt.



VARÚÐ: Þegar eftirvagn eða áhald eru tengd við skal ekki fara umfram hámarksþyngd á afturöxli eða hámarksálag á tegund hjólbarða. Sjá tæknilýsingar í þessari handbók vegna leyfilegs hámarksþyngdar og álags.




VARÚÐ: Gakktu úr skugga um að ekki sé farið umfram leyfilegan draganlegan massa. Athugaðu með leyfilegan draganlegan massa á auðkennisplötu dráttarvélarinnar. Fylgdu gildum lögum og reglugerðum.



VARÚÐ: Tengdu dregin farartæki á einum öxli við gripkrækjuna. Þegar ekið er með vagn og dráttarvélin hallandi í aðra hvora áttina í brekku verður dráttarbeislisaugað að vera af tegund sem snýst til að koma í veg fyrir brotskemmdir.

MIKILVÆGT: Notaðu aðeins dráttarbeislisaugu sem fylgja reglugerðunum og eru óskemmd. Þegar notuð eru önnur dráttarbeislisaugu en leyft er fellur ábyrgðin úr gildi og ábyrgð framleiðandans er ekki lengur gild.



1. Rofi til að hækka/lækka
2. Þrýsthnappur til að hækka
3. Þrýsthnappur til að lækka

1. Bakkaðu dráttarvélinni að vagni/áhalði.

2. Samstilltu krók gripkrækjunnar eða dráttarbeislispinnann við augað á bita vagns/áhalds.

3. Ýttu á táknhliðina á hækka/lækka-rofanum eða þrýstihnapp til að lækka þar til krækjan læsist.

Þú heyrir smell og losunarstöng vagnkrækju kippist til.

4. Ýttu á gagnstæða hlið við tákníð á rofa til að hækka/lækka eða á þrýstihnapp til að lækka til að lækka tengibúnaðinn aðeins.



VARÚÐ: Þegar þú notar vagn skaltu ganga úr skugga um að krækjuklinkan sé læst.


Tryggðu að krækjan sé studd af klinkunni og lækki ekki með tengibúnaðinum.

5. Athugaðu stöðu tengibúnaðar.

MIKILVÆGT: Stilltu tengibúnaðinn svo að hann rekist ekki undir neinum kringumstæðum í dreginn búnað eða aflúttaksskaftið.

3.20.4.3 Vökvagripkrækjan lengd

Þegar rammi dráttarbúnaðarins er lækkaður getur þú lengt hann aftur á við með vökvastýringu til að auðvelda að tengja vagnkrækju/dráttarbeisli/Ø80 mm kúlukrækju við dráttarbeisli augað. Tjakkur vökvalengingarinnar er varanlega tengdur við kveikja/slökkva-loka að aftan.



1. Rofi fyrir kveikja/slökkva-loka að aftan

1. Lengdu dráttarbúnaðinn.

Ýttu niður gagnstæðri hlið við táknið á rofa fyrir kveikja/slökkva loka að aftan.

2. Dragðu inn dráttarbúnaðinn.

Ýttu niður táknhliðinni á rofa fyrir kveikja/slökkva loka að aftan.

3.20.4.4 Vökvagripkrækju krækt aftur



HÆTTA: Gakktu úr skugga um að að minnsta kosti 20% af sameinaðri heildarþyngd hvíli á framhjólunum. Þegar þörf er á skal nota nægilegan fjölda kjölfestulóða að framan.



VARÚÐ: Þegar einhver áhöld eru tengd við skaltu athuga að dráttarbeislisaugað tengist vagnkróknum rétt.



VARÚÐ: Þegar eftirvagn eða áhald eru tengd við skal ekki fara umfram hámarksþyngd á afturöxli eða hámarksálag á tegund hjólbarða. Sjá tæknilýsingar í þessari handbók vegna leyfilegs hámarksþyngdar og álags.




VARÚÐ: Gakktu úr skugga um að ekki sé farið umfram leyfilegan draganlegan massa. Athugaðu með leyfilegan draganlegan massa á auðkennisplötu dráttarvélarinnar. Fylgdu gildum lögum og reglugerðum.



VARÚÐ: Tengdu dregin farartæki á einum öxli við gripkrækjuna. Þegar ekið er með vagn og dráttarvélin hallandi í aðra hvora áttina í brekku verður dráttarbeislisaugað að vera af tegund sem snýst til að koma í veg fyrir brotskemmdir.

MIKILVÆGT: Notaðu aðeins dráttarbeislisaugu sem fylgja reglugerðunum og eru óskemmd. Þegar notuð eru önnur dráttarbeislisaugu en leyft er fellur ábyrgðin úr gildi og ábyrgð framleiðandans er ekki lengur gild.



1. Kveikja/slökkva-lokarofi
2. Rofi til að hækka/lækka
3. Þrýsthnappur til að hækka
4. Þrýsthnappur til að lækka

1. Bakkaðu dráttarvélinni að vagni/áholdi.
2. Ýttu á gagnstæða hlið við táknið á rofa til að hækka/lækka eða á þrýstihnapp til að lækka til að lækka tengibúnaðinn.
3. Ýttu á gagnstæða hlið við táknið á kveikja/slökkva-lokarofa til að lengja dráttarbúnaðinn aftur á við.
4. Samstilltu krók gripkrækjunnar eða dráttarbeislispinnann við augað á bita vagns/áhalds.
5. Ýttu á táknhliðina á hækka/lækka-rofanum eða þrýstihnapp til að lækka þar til krækjan læsist.
Þú heyrir smell og losunarstöng vagnkrækju kippist til.
6. Ýttu á gagnstæða hlið við táknið á rofa til að hækka/lækka eða á þrýstihnapp til að lækka til að lækka tengibúnaðinn aðeins.



VARÚÐ: Þegar þú notar vagn skaltu ganga úr skugga um að krækjuklinkan sé læst.

Tryggðu að krækjan sé studd af klinkunni og lækki ekki með tengibúnaðinum.

7. Ýttu á táknhlið kveikt/slökkt lokarofa til að draga dráttarbúnaðinn inn.

Vökvastýrða lengingin læsist og þú heyrir smell þegar krækjan læsist í lengdarstefnu.



VARÚÐ: Gakktu úr skugga um að smellur heyrst í læsingunni vegna þess að það er eina merkið um að vökvastýrða lengingin sé læst. Ef ekki heyrst hljóð er mögulegt að lengingin sé ekki læst.

8. Tryggðu að framlenging dráttarbúnaðar sé læst.

- Ýttu á gagnstæða hlið við táknið á kveikja/slökkva lokarofanum. Tryggðu að vökvastýrða lengingin lengist ekki.
- Ýttu á táknhliðina á kveikja/slökkva lokarofanum.

9. Tryggðu að dráttarbúnaðurinn sé að fullu læstur.

Dráttarbúnaðurinn er að fullu læstur þegar eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt samtímis:

- Dráttarbúnaðurinn er í efstu stöðu og studdur af klinkunni.
- Læsingarstaða gripkrækjunnar í lengdarstefnu hefur verið athuguð með því að reyna að færa lenginguna fram og aftur.


10. Athugaðu stöðu tengibúnaðar.

MIKILVÆGT: Stilltu tengibúnaðinn svo að hann rekist ekki undir neinum kringumstæðum í dreginn búnað eða aflúttaksskaftið.

3.20.5 Skipt um áhald með gripkrækju

3.20.5.1 Skipt um Euro-gripkrækjuáhald

Hægt er að skipta um Euro-gripkrækjuáhald þegar vagnkrækjan eða dráttarbeislið er ekki í notkun getur þú fest það við festinguna að aftan.



1. Læsipinnar
2. Skrúfa og skinna
3. Læsingarplata

1. Tryggðu að gripkrækjan sé í læsingarstöðunni.


Ef ekki skaltu lyfta henni í læsingarstöðuna.

2. Fjarlægðu skrúfunu og skinnuna.

3. Ýttu læsingarplötunni fram á við og togaðu til hliðar til að fjarlægja hana.
4. Fjarlægðu læsingarpinnana með því að toga.
Styddu við gripkrækjuáhaldið með hendinni á meðan þú fjarlægir læsingarpinnana.
5. Togaðu áhaldið út.
6. Tengdu gripkrækjuáhaldið.
7. Settu læsipinnana í.
8. Festu læsingarplötuna og togaðu hana aftur á við á sinn stað.
9. Festu skrúfuna og skinnuna.
Hersluátak er 23 Nm.

3.20.5.2 Skipt um vökvagripkrækjuáhald

Hægt er að skipta um vökvagripkrækjuáhald. Þegar vagnkrækjan eða dráttarbeislið er ekki í notkun getur þú fest það við festinguna að aftan.




1. Læsipinni
2. Læsihringur

1. Lækkaðu og teygðu úr dráttarbúnaðinum.
2. Lyftu dráttarbúnaðinum í læsta stöðu.
3. Fjarlægðu læsihringinn.
4. Fjarlægðu læsingarpinnann með því að toga.
Styddu við gripkrækjuáhaldið með hendinni á meðan þú fjarlægir læsingarpinnann.
5. Togaðu út gripkrækjuáhaldið.
6. Tengdu við gripkrækjuáhaldið.
7. Tengdu læsihringinn.

8. Dragðu inn dráttarbúnaðinn.

3.20.6 Dráttarbeisli fyrir landbúnað

Dráttarbeisli fyrir landbúnað (valkvætt) er notað án gripkrækjunnar.



1. Dráttarbeisli fyrir landbúnað


Dráttarbeisli fyrir landbúnað er notað til að draga áhöld þegar aðeins hluti af þyngd áhaldsins er á dráttarbeislinu, til dæmis bindivélar. Sjá tæknilýsingar í þessari handbók vegna hámarksþyngdar á dráttarbeislisáhaldið.

Dráttarbeisli fyrir landbúnað:

- Stillanlegt í þrjár mismunandi fjarlægðir frá skafti aflúttaks.
- Í öllum stöðum er einnig hægt að stilla dráttarbeislið $\pm 21^\circ$ til hvorrar hliðar.

3.20.6.1 Dráttarbeisli fyrir landbúnað stillt

Hægt er að stilla dráttarbeisli fyrir landbúnað í mismunandi fjarlægðar- og hliðarstöður.



1. Pinni
2. Pinni sem fjaðrar til baka
3. Dráttarbeisli
4. Hringpinni

1. Til að stilla fjarlægð dráttarbeislis:
 - Festu pinnann með hendinni og togaðu út hringpinnann.
 - Stilltu fjarlægð dráttarbeislisins.
 - Settu pinnann og hringpinnann í til að festa dráttarbeislið.



VARÚÐ: Gakktu úr skugga um að læsingarpinnarnir séu rétt settir í.

2. Til að stilla hliðarstöðuna.
 - Festu pinnana með hendinni og togaðu út fjaðurlæsipinnana.
 - Stilltu stöðu dráttarbeislis í hvora átt.
 - Settu í pinnana og fjaðurlæsipinnana til að festa þá.



VARÚÐ: Gakktu úr skugga um að læsingarpinnarnir séu rétt settir í.

Settu beina hlutann á fjaðurlæsipinnanum í gegnum gatið og sveigjuna sem samsvarar pinnaboganum.


3.20.7 Rammar dráttarbúnaðar

Fáanlegir valkostir um ramma dráttarbúnaðar eru:

- Stuttur rammi dráttarbúnaðar (notaður með gripkrækju)
- Rammi dráttarbúnaðar (notaður með gripkrækju eða dráttarbeisli fyrir landbúnað)
- Rammi fyrir alhliða dráttarbúnað sem hægt er að nota dráttarbeisli með
- Rammi dráttarbúnaðar með föstu 80–mm kúlutengi og dráttarbeislinu.
- Rammi dráttarbúnaðar með föstum Piton-Fix pinna og dráttarbeislinu.



VARÚÐ: Samkvæmt lögum verður stjórnandinn að tryggja að gripið sé til allra viðeigandi varúðarráðstafana (læsingar tryggar, o.s.frv.).



1. Stuttur rammi dráttarbúnaðar
2. Rammi dráttarbúnaðar
3. Rammi fyrir alhliða dráttarbúnað
4. Rammi dráttarbúnaðar með föstu 80–mm kúlutengi
5. Rammi dráttarbúnaðar með föstum Piton-Fix pinna
6. Dráttarveisli (valkvætt)
7. Dráttarveislispinnalæsing
8. Læsing

Læsing vagnsins verður að vera trygg.


3.20.7.1 Hæð kjafts stillt

Hæð vélræns- og sjálfvirks kjafts er stillt á sama hátt.



VARÚÐ: Ekki er hægt að breyta hæð kjafts ef stöngin er brotin eða óhrein. Kjafturinn verður að vera læstur og fastur í hvert sinn sem hæð er breytt.

3. Notkun



1. Stöng

1. Togaðu stöngina upp á við og snúðu henni rangsælis.

2. Færðu kjaftinn í óskaða hæð.


3. Slepptu stönginni.

Læsipinnarnir læsa stönginni í réttri stöðu með hjálp fjaðrar sem snýr til baka.

Einnig er hægt að lyfta kjaftinum upp úr rammanum með sömu stöng.

3.20.7.2 Tengt við vélræna kjaftinn

Þú getur tengt vagn við vélræna kjaftinn með tengistönginni.



1. Hringur
2. Tengistöng
3. Dráttarpinni


1. Togaðu upp hringinn efst á tengistönginni til að lyfta dráttarpinnanum upp.



VARÚÐ: Eftir að hafa hengt vagninn við skaltu athuga að dráttarpinninn sé alveg niðri og læstur.

3.20.7.3 Tengt við vélræna kjaftinn K80

Hægt er að tengja vagn við vélræna kjaftinn K80.



1. Pinni
2. Læsipinni
3. Læsing


1. Fjarlægðu læsipinnann.
2. Togaðu pinnann af og opnaðu læsinguna.
3. Tengdu vagninn við kjaftinn.
4. Lokaðu læsingunni og settu pinnann í.
5. Settu læsipinnann í.



VARÚÐ: Gakktu úr skugga um að læsingarpinnarnir séu rétt settir í.

3.20.7.4 Tengt við fasta Piton-Fix/fastu Ø80 mm kúluhrækju

Hægt er að tengja vagn við fasta Piton-Fix eða fastan K80-kjaft.



1. Pinni
2. Læsipinni
3. Læsing

1. Fjarlægðu læsipinnann.
2. Togaðu pinnann af og opnaðu læsinguna.
3. Tengdu vagninn við kjaftinn.
4. Lokaðu læsingunni og settu pinnann í.
5. Settu læsipinnann í.




VARÚÐ: Gakktu úr skugga um að læsingarpinnarnir séu rétt settir í.

3.20.7.5 Tengt við sjálfvirka kjaftinn

Þú getur tengt vagn við sjálfvirka kjaftinn með stöngunum til að opna og loka.

Notaðu gegnheilt beisli vegna kjafts sem snýst.

MIKILVÆGT: Notaðu aðeins dráttarbeislisaugu sem fylgja reglugerðunum og eru óskemmd. Þegar notuð eru önnur dráttarbeislisaugu en leyft er fellur ábyrgðin úr gildi og ábyrgð framleiðandans er ekki lengur gild.



1. Losunarstöng vagnkrækju (valkvætt)
2. Kapall fyrir losunarstöng vagnkrækju (valkvætt)
3. Læsisstöng dráttarpinna
4. Opunarstöng dráttarpinna
5. Stillingarhluti
6. Fjaðurlæsipinni

1. Athugaðu að stillingarhlutarnir passi fyrir vagninn sem á að tengja.

Með stillingarhlutunum getur þú stillt bil dráttaraugans.

- Togaðu fjaðurlæsipinnana af og togaðu stillingarhlutina af til að fjarlægja þá.
- Settu upp stillingarhlutana og settu upp fjaðurlæsipinnana til að festa þá.

Settu beina hlutann á fjaðurlæsipinnanum í gegnum gatið og sveigjuna sem samsvarar pinnaboganum.


2. Lyftu dráttarpinnanum upp eða togaðu niður losunarstöng vagnkrækju (valkvætt).

Til að lyfta pinnanum með opunarstönginni skaltu snúa henni í efri stöðuna.

3. Tengdu vagninn við tengið.

Þegar dráttaraugun ná botni dráttarbilsins fer dráttarpinninn sjálfvirkt niður. Þú getur einnig lækkað dráttarpinnann með því að ýta læsisstönginni niður á við.

4. Athugaðu að dráttarpinninn sé læstur.



1. Dráttarpinni ekki læstur
2. Dráttarpinni læstur




VARÚÐ: Dráttarpinninn er læstur í niður-stöðunni þegar öryggishnúðurinn er úti. Þegar vagninn er tengdur við verður læsipinni dráttar að vera fastur.

3.21 Loftþrýstingskerfi

Þú getur fengið þrýstiloft (8 bör) fyrir ytri notkun, til dæmis til að fylla í hjólbarða, frá loftþrýstingskerfinu (aukabúnaður).

MIKILVÆGT: Ekki sjóða eða bora í þrýstigeyminn.

Þrýstistillirinn er búinn innbyggðum þrýstiafléttiloka sem vinnur ef þrýstingurinn hækkar upp í 12-14 bör. Til dæmis getur bilaður þrýstistilliloki eða frosin eða stífluð sía valdið þessum kringumstæðum.




1. Þrýstimælir loftþrýstingskerfis



VARÚÐ: Þrýstingur loftþrýstingskerfisins verður að vera í hámarki, 7-8 bör, áður en dráttarvél með vagni sem búinn er loftþrýstum hemlum er ekið.

Þegar umhverfishiti er undir +5°C verður að fylla frostlagarílátíð af frostlagarvökva sem inniheldur smurefni. Vökvastreymislokin verður að vera í opinni stöðu. Ílátíð og streymislokin eru staðsett ofan á hægri öxulhúsi.



1. Frostlagarílát
2. Vökvastreymisloki
3. Opin staða

Þegar umhverfishiti er yfir +5°C er hægt að hafa vökvastreymislokann lokaðan.

3.22 Vagn

Nokkrir þættir hafa áhrif á samhæfni vagns.

Tegund vagns sem hægt er að tengja við dráttarvélinu fer, ásamt öðrum hlutum, eftir:

- Hemlunaraflí dráttarvélarinnar.
- Hvort hemlar séu á vagninum.
- Hversu mikið af þyngd vagnsins hvílir á dráttarbúnaðinum.
- Hvort vagninn sé með einn eða fleiri öxla.
- Tegund dráttarbeislisauga vagnsins

Heildarþyngd vagns er hlasið að viðbætti þyngd tóms vagns.






VARÚÐ: Ef dráttarbúnaðurinn er slitinn eða á annan hátt skemmdur þannig að dráttarbeislið losni verður að endurnýja dráttarbúnaðinn.

MIKILVÆGT: Þegar dráttarbúnaður er hlaðinn verða að minnsta kosti 20% af þunga dráttarvélarinnar að vera á framhjólunum.

MIKILVÆGT: Ekki má fara umfram hámarks leyfilegt álag á hjól eða dráttarbúnað.

3.22.1 Stefnumerki vagns

Þegar stefnumerki eru notuð á meðan vagn er dreginn blikkar stefnumerkjavísir fyrsta vagns  á mælaborðinu.

Þegar tveir vagnar eru dregnir blikka stefnumerkjavísar beggja vagna,  og , á mælaborðinu.

Ef stefnumerkjavísar vagnsins blikka ekki eins og nefnt var er ein eða fleiri perur vagnsins bilaðar.

MIKILVÆGT:

Bilunarstjórn stefnumerkjá dráttarvélarinnar fyrir vagn/a er hönnuð fyrir vagna sem eru með eitt par af stefnumerkjum. Athugaðu ástand stefnumerkjanna áður en þú ekur af stað. Það er á ábyrgð ökumannsins að athuga að öll stefnumerki virki rétt.


Ef stefnumerkjavísar beggja vagna blikka hvor á eftir öðrum á mælaborðinu er skammhlaup í einni stefnumerkjaleiðslunni í ökutækjasamstæðunni. Í því tilfalli er slökkt á leiðslunni og þetta stefnumerki hættir að blikka. Eftir 12 sekúndur reynir rafleiðinn að kveikja aftur á stefnumerkjaleiðslunni. Til að hraða endurheimtinni getur þú slökkt og kveikt aftur á stefnumerkjunum. Ef bilunin helst enn skaltu hafa samband við viðurkennt Valtra-verkstæði.

Bilun í stefnuljósum dráttarvélarinnar virkar einnig á LED-stefnuljós vagnsins, eins og áskilið er samkvæmt lögum, þegar þau innihalda Hella-bilunarstýringu stefnuljósá.

3.22.2 Loftþrýstingshemlar vagns

Þegar vagn er dreginn er hægt að auka hemlunarkraftinn með loftþrýstingshemlum vagns.

Loftþrýstingshemlakerfi vagnsins (valkvæður búnaður) er stjórnað með hemlum dráttarvélarinnar. Hemlar vagnsins virka einnig þegar stöðuhemillinn er notaður.




1. Leiðslutengi hemla með svörtu loki
2. Leiðslutengi hemla með gulu loki
3. Leiðslutengi geymis með rauðu loki

Í tveggja-slöngu kerfi er vagninn tengdur við tvö tengi:

- Leiðsla geymis með rauðu loki
- Leiðslutengi hemla með gulu loki

Í einnar-slöngu kerfi er vagninn tengdur við leiðslutengi hemla með svörtu loki.

Duo-Matic-kerfið er aðeins með eitt tengi til að tengja.



1. Duo-Matic-vagntengi



VARÚÐ: Prófaðu alltaf virkni vagnhemlanna á öruggu undirlagi eftir að þú tengir við vagn með hemlum.



VARÚÐ: Þegar dráttarvél dregur vagn verða hemlafótstigin að vera læst saman. Ekki á að nota hemlana hvorn um sig til að stýra.




VARÚÐ: Þrýstingur loftþrýstingskerfisins verður að vera í hámarki, 7-8 bör, áður en dráttarvél með vagni sem búinn er loftþrýstum hemlum er ekið.

Þegar vagn tengin eru ekki í notkun verður að loka þeim.

3.22.3 Vökvaheamlaloki vagns

Vökvaheamlaloki vagns (valkvæður búnaður) vinnur með þrýstingi vökvabúnaðar dráttarvélarinnar sem hemlar dráttarvélarinnar stjórna.

Hemlar vagnsins eru tengdir dráttarvélinni með hraðtengi aftan á dráttarvélinni.



1. Hraðtengi fyrir hemla vagns (ISO 5676)



HÆTTA: Vökvaemlar vagns tengjast ekki þegar stöðuhemillinn er tengdur.



HÆTTA: Þegar hreyfillinn er ekki í gangi virka hemlar vagnsins ekki.



HÆTTA: Hraðtengið fyrir vökvaemla vagns verður að vera tengt þegar hemlarnir eru lofttæmdir. Ef hraðtengið er ekki tengt lofttæmast hemlarnir ekki. Þetta veldur því að hemlarnir bila.



VARÚÐ: Þegar dráttarvél dregur vagn verða hemlafótstigin að vera læst saman. Ekki á að nota hemlana hvorn um sig til að stýra.



VARÚÐ: Prófaðu alltaf virkni vagnhemlanna á öruggu undirlagi eftir að þú tengir við vagn með hemlum.

4 Viðhald

Reglubundið viðhald þarf að fara fram á dráttarvélinni. Rétt viðhald á réttum tíma er frumskilyrði til að tryggja áreiðanlega notkun dráttarvélarinnar.

Viðhaldskostnaður er lítill í samanburði við viðgerðarkostnað sem stafar af skorti á viðhaldi. Mikilvægustu aðgerðirnar eru þær sem þú getur sjálf/ur framkvæmt, þar með talið smurning og ýmsar athuganir og stillingar.

4.1 Viðhaldsáætlun

Þú verður að velja viðhaldsáætlun fyrir dráttarvélin á grundvelli klukkustunda í keyrslu eða árlega.

Í báðum viðhaldsáætlunum eru viðhaldsverk framkvæmd í samræmi við töflu yfir reglubundið viðhald.

Stjórnandinn verður að framkvæma venjulega, daglega og vikulega þjónusturúttínu í samræmi við töflu yfir reglubundið viðhald.

Viðhald á grundvelli klukkustunda í keyrslu

Nota verður viðhaldsáætlun á grundvelli klukkustunda í keyrslu fyrir allar dráttarvélar sem keyrðar eru meira en 600 klukkustundir á ári. Þanta ætti viðhaldið hjá viðurkenndu Valtra-verkstæði. Í því tilfalli er viðhaldið framkvæmt af þjónustustarfsfólki sem er viðurkennt og þjálfað af Valtra.

Árlegt viðhald

Nota verður árlega viðhaldsáætlun fyrir dráttarvélar sem keyrðar eru minna en 600 klukkustundir á ári. Þanta ætti viðhaldið hjá viðurkenndu Valtra-verkstæði. Í því tilfalli er viðhaldið framkvæmt af þjónustustarfsfólki sem er viðurkennt og þjálfað af Valtra.

4.2 Þjónustueftirlit

Þjónustueftirlit er áskilið fyrir allar nýjar dráttarvélar eftir 50 klukkustunda keyrslu.

Þjónustueftirlitið er skylda til að viðhalda ábyrgðinni. Þjónustan er framkvæmd af staðbundnum söluaðila.

ATHUGASEMD: Dráttarvélin er könnuð samkvæmt leiðbeiningum framleiðandans áður en hún er afhent viðskiptavini.

Hreyfill

Eftirlit með hreyfli inniheldur eftirfarandi þjónustu:

- Skipt um hreyfilólíu og síu
- Skipt um forsíu eldsneytiskerfis
- Skipt um eldsneytissíu
- Skipt um síu kælivökva

Aflskipting

Eftirlit með aflskiptingu inniheldur eftirfarandi þjónustu:

- Skipt um lágþrýstingssíu og smursíu

Framöxull og stýriskerfi

Eftirlit með framöxli og stýriskerfi inniheldur eftirfarandi þjónustu:

- Skipt um olíu á mismunadrifi
- Skipt um olíu í hjólnöfum

Vinnuvökvabúnaður

Eftirlit með vinnuvökvabúnaðarkerfi inniheldur eftirfarandi þjónustu:

- Skipt um bakrennslissíu vökvabúnaðar

Önnur atriði

Eftirlitið inniheldur einnig eftirfarandi þjónustu:

- Smurningu í samræmi við viðhaldstöflu
- Athugun á herslu rammabolta ámoksturstækja að framan (ámoksturstæki að framan er valkvæður búnaður)
- Keyrslu sjálfvirkrar kvörðunar skiptingar
- Prufukeyrslu dráttarvélarinnar

Við prufukeyrslu eru allar aðgerðir stjórnstækja og mæla athugaðar. Eftir prufukeyrslu er athugað með olíuleka, stöðu kælivökva og eldsneytiskerfi.

4.3 Viðhaldsverk framkvæmd

Fylgdu þessum leiðbeiningum við viðhald.

- Reynsluaktu dráttarvélinni og prófaðu hvort öll mæli- og stjórnstæki virki almennilega.
- Stöðvaðu alltaf hreyfilinn áður en þú hefur vinnu.
- Leggðu dráttarvélinni á jafnsléttu, sérstaklega þegar þú athugar með olíu.
- Settu stöðuhemilinn á til að tryggja að dráttarvélina geti ekki hreyfst.

ATHUGASEMD: Ef undirlagið er ójafnt skaltu setja kubba fyrir hjólin.

- Þvoðu dráttarvélina svo þjónustuvinnu megi framkvæma á auðveldari og hraðari máta.

Taktu eftir að ef dráttarvélina er með aukabúnað eins og dráttarbúnað, loftræstingu, þrýstiloftshemla og þvíumlíkt, að einnig verður að framkvæma reglubundið viðhald og athuganir á þeim.

Fylgdu leiðbeiningunum sem varða almenn þjónustuverk:

- **Auðsýndu ýtrasta hreinlæti við alla viðhaldsvinnu.**

Þurrkaðu vandlega af áfyllingarlokum og töppum, jafnt sem aðliggjandi hlutum dráttarvélarinnar áður en þú fyllir á eldsneyti eða olíu.



VIÐVÖRUN: Haltu yfirborði hreyfils hreinu til að forðast hættuna á eldi.

- **Athugaðu olíustöðuna.**
Gættu þess að hreyfill og olía hafi kólnað áður en olíustaðan er athuguð. Olían verður að hafa runnið niður á botn olíupönnunnar fyrir aðgerðina.
- **Opnaðu vatnskassalokið gætilega þegar hreyfillinn er heitur þar sem kælikerfið er undir þrýstingi.**



VARÚÐ: Kælivökvi kann að vera heitur og undir miklum þrýstingi.

- **Alltaf skal aftengja neikvæða (-) rafgeymakapalinn þegar rafkerfið er þjónustað eða gert við það.**

MIKILVÆGT: Gakktu úr skugga um að slökkt sé á aðalrafmagninu áður en rafgeymirinn er aftengdur eða tengdur.

- **Þegar skipt er um olíu og síur skal athuga hvernig þau líta út.**

Mikil óhreinindi (til dæmis verulega stíflaðar síur) geta bent til bilunar sem gæti valdið umtalsverðum og kostnaðarsömum viðgerðum ef hún er ekki lagfærð í tíma.



VARÚÐ: Þegar þú skiptir um olíu skaltu muna að olían getur verið mjög heit þegar henni er tappað af dráttarvélinni.



VARÚÐ: Forðastu að snerta útblásturssoggreinina, hverfilforþjöppuna og aðra heita hluti hreyfilsins.

- **Notaðu rétta hanska og aðrar hlífar gagnvart eitruðu efnunum.**

Eldsneyti, smurólía og kælivökvi valda ertingu í húð ef þú ert í snertingu við þau um lengri tíma.

- **Fargaðu úrgangsolíu, fljótandi úrgangi, olíusíum og rafgeymum á réttan hátt og meðhöndlaðu þau af varkárni.**

ATHUGASEMD: Eftir að þjónustuvinnu er lokið skaltu setja aftur á allar hlífar og lok.

4.3.1 Dráttarvélina hreinsuð

Hreinsaðu dráttarvélina reglulega.



VARÚÐ: Haltu dráttarvélinni hreinni til að minnka hættuna á eldsvoða. Neistar geta til dæmis valdið eldsvoða ef þeir komast í snertingu við þurr hey eða olíublauta fleti á eða í kringum dráttarvélina.

Snúðu kveikjulyklinum í stöðuna  (SLÖKKT) fyrir þvott.

ATHUGASEMD:

Verndaðu umhverfið með því að fylgja umhverfisreglugerðum. Þvottastaðurinn verður að hafa aðskilið útrennsli þegar hreinsiefni eru notuð.

Best er að þvo nýju dráttarvélina í fyrsta sinn viku eftir upphaf notkunar. Forðastu að nudda yfirborð dráttarvélarinnar of fast fyrstu mánuðina.

ATHUGASEMD: Bónaðu ekki lakk nýju dráttarvélarinnar áður en hún er þvegin í fyrsta sinn.

- **Þvoðu dráttarvélina með þrýstipvotti.**

Haltu stút þrýstisprautunnar að minnsta kosti 30 cm frá þéttistöðum og lakki. Hitastig þvottavatsins má ekki vera hærra en 50°C.

ATHUGASEMD:

Notaðu ekki sérstaka stúta, eins og þrýstistúta, þegar þú þværð. Fylgdu leiðbeiningunum frá framleiðanda þrýstisprautunnar.

- **Láttu ekki vatn komast inn í loftsíu stýrishúss þegar þú þværð hliðar stýrishússins.**

Loftsía stýrishúss er í hliðarplötu þaksins, venjulega til vinstri.

- **Þvoðu ekki stýrishúsið að innan með þrýstipvotti eða rennandi vatni.**
- **Beindu ekki þrýstisprautunni í átt að rafbúnaði, rafmagnstenglum, gegnumleiðistöðum, legum, þéttingum og lásnum.**

Notaðu lítinn þrýsting (6,5 MPa / 65 bör) og beindu vatninu skáhallt að ofangreindum stöðum. Beindu ekki þrýstisprautunni í átt að ratsjárskynjaranum (lágmarksfjarlægð 1 m og hámarksþrýstingur 6,5 MPa / 65 bör).

- **Þegar notaður er kaldur feitarhreinsir skal ekki hafa dráttarvélina í sólskini.**
Lakkið kann að skemmast ef málaði flöturinn er heitur.
- **Bónaðu máluðu fletina.**

Eftir þvott skaltu smyrja smurstaðina og liðamótin og smyrja legurnar með olíu.

4.3.1.1 Hreyfilrýmið hreinsað

Haltu yfirborði hreyfils hreinu til að forðast hættuna á eldi.

ATHUGASEMD:

Verndaðu umhverfið með því að fylgja umhverfisreglugerðum. Þvottastaðurinn verður að hafa aðskilið útrennsli þegar hreinsiefni eru notuð.

- **Láttu hreyfilinn kólna í nokkrar mínútur fyrir þvott.**

MIKILVÆGT: Til að forðast hættu á eldi skal ekki þvo hreyfilinn þegar hann er heitur.

- Þvoðu hreyfilinn varlega með þrýstipvotti.

Haltu stút þrýstisprautunnar að minnsta kosti 30 cm frá þéttistöðum og lakki. Hitastig þvottavatnsins má ekki vera hærra en 50°C.

- Notaðu lítinn þrýsting, 6,5 MPa / 65 bör.
- Beindu vatnsbununni skáhallt að hreyflinum.

ATHUGASEMD:

Notaðu ekki sérstaka stúta, eins og þrýstistúta, þegar þú þværð. Fylgdu leiðbeiningunum frá framleiðanda þrýstisprautunnar.

- Notaðu ekki mikinn þrýsting til að þvo rafmagns- og eldsneytisbúnað eða vatnskassann.

Þessir íhlutir skemmast auðveldlega. Þvoðu viðkvæma hreyfilhluti í höndunum.

- Láttu hreyfilinn þorna áður en þú ræsir hann.

4.3.1.2 Pólýkarbónat-gluggar hreinsaðir

Hreinsa verður pólýkarbónat-gluggana reglubundið til að halda þeim björtum eins lengi og mögulegt er.

- Þvoðu gluggana í höndunum eða með þrýstisprautu.

ATHUGASEMD:

Notaðu ekki sérstaka stúta, eins og þrýstistúta, þegar þú þværð. Fylgdu leiðbeiningunum frá framleiðanda þrýstisprautunnar.

Beindu ekki þrýstisprautunni í átt að hliðarþéttingunum eða gegnumleiðþéttingunum. Mögulega getur hreinsiefni náð til glerhlutanna sem ekki eru húðaðir.

- Þurrkaðu blettina með því að nota hreinsiefni eða mikið vatn.

Húðuðu hlutar gluggans þola vel mismunandi hreinsiefni.

ATHUGASEMD: Notaðu ekki hreinsiefni með svarfefnum og nuddaðu ekki gluggana þurra.


- Notaðu ekki rúðupurrku á þurran glugga.

Tryggðu að það sé nægur vökvi í rúðusprautugeyminum.

- Hreinsaðu aldrei pólýkarbónat-glugga með beittu verkfæri eins og íssköfu.

4.3.1.3 Útblástursrör eldsneytisknúna hitarans hreinsað

Meðan á hitunartímabilinu stendur skaltu hreinsa útblástursrör eldsneytisknúna hitarans (valkvæður búnaður) daglega til að forðast hættu á eldi.




1. Útblástursrör
2. Útblástursrör með botnplötunni

1. Fjarlægðu öll óhreinindi og hey úr útblástursrörinu.
2. Burstaðu óhreinindin af útblástursrörinu og umhverfi þess.
Ef dráttarvélin er búin botnplötu skal einnig hreinsa hana.

4.3.1.4 Eldsneytisknúni hitarinn og umhverfi hans hreinsað


Meðan á hitunartímabilinu stendur skal hreinsa eldsneytisknúna hitarann (valkvæður búnaður) og umhverfi hans mánaðarlega til að forðast hættu á eldi. Við rykugar aðstæður skal hreinsa oftar.

1. Opnaðu rafgeymaumbúnaðinn.



1. Lás rafgeymaumbúnaðar
2. Hurð rafgeymaumbúnaðar

2. Losaðu rafmagnsmiðstöð hreyfils frá rafgeymaumbúnaðinum.



1. Festiklemma rafmagnsmiðstöðvar hreyfils
2. Festiskrúfa rafgeymaumbúnaðar
3. Festiskrúfa aðalrafmagnsmiðstöðvar

Láttu rafmagnsmiðstöðina hanga í leiðslukerfinu.


3. Losaðu aðalrafmagnsmiðstöðina frá rafgeymaumbúnaðinum.

Losaðu festiskrúfur aðalrafmagnsmiðstöðvarinnar. Láttu rafmagnsmiðstöðina hanga í leiðslukerfinu.

4. Losaðu festiskrúfur rafgeymaumbúnaðarins.

Festiskrúfurnar eru þrjár.


5. Aftengdu slöngurnar og rafmagnstenglana frá vökvageymi fyrir rúðusprautu framrúðu.



1. vökvaslaga fyrir rúðusprautu framrúðu
2. Rafmagnstengill fyrir rúðusprautu framrúðu

6. Fjarlægðu rafgeymaumbúnaðinn.

7. Fjarlægðu öll óhreinindi og hey frá eldsneytisknúna hitaranum og umhverfi hans.



1. Eldsneytisknúinn hitari
2. Hljóðdeyfir

8. Hreinsaðu eldsneytisknúna hitarann og umhverfi hans með bursta eða þrýstilofti.

Gakktu úr skugga um að yfirborð hljóðdeyfisins sé hreint. Ef dráttarvélin er búin botnplötu skal einnig hreinsa hana.

9. Settu í rafgeymaumbúnaðinn.
10. Tengdu slöngurnar og rafmagnstenglana við vökvageymi fyrir rúðusprautu framrúðu.
11. Tengdu aðalrafmagnsmiðstöðina við rafgeymaumbúnaðinn.
Hertu festiskrúfurnar fjórar.
12. Tengdu rafmagnsmiðstöð hreyfils við rafgeymaumbúnaðinn.
13. Lokaðu rafgeymaumbúnaðinum.

4.3.2 Smurstaðir búnir smurkoppum smurðir

1. Hreinsaðu alltaf smurkoppa áður en þú beitir smursprautunni.
2. Dældu feiti gegnum koppa þar til feiti lekur út (nema annað hafi verið fyrirskipað).
ATHUGASEMD: Helst ætti að framkvæma smurningu með legustaðina og liðamót án álags og með legurnar í mismunandi stöðum.
3. Þurrkaðu alla umframfeiti sem þrýst hefur út á smurstöðunum.

4.3.3 Stutt við dráttarvélina


Fylgdu þessum leiðbeiningum þegar stutt er við dráttarvélina.

- Gakktu úr skugga um að yfirborðið undir dráttarvélinni sé flatt og hart.
- Gakktu úr skugga um að tjakkurinn sem þú notar sé fullnægjandi og að þú getir lyft dráttarvélinni með honum.
- Settu hentuga kubba eða standa sem stoðir undir dráttarvélina.

4. Viðhald


- Gakktu úr skugga um að stoðmar séu undir réttum stuðningspunktum á grindinni.

Aftan



1. Aðalstuðningsstaður
2. Aukastuðningsstaður

Framan



1. Aðalstuðningsstaður
2. Aukastuðningsstaður

4.4 Ráðlagt eldsneyti og smurefni

4.4.1 Eldsneyti

Gakktu úr skugga um að rétt eldsneyti sé notað.

Eiginleikar létrar eldsneytisolíu sem er eingöngu ætluð til hitunar stenst ekki kröfur nútíma-dísilhreyfla og ekki er hægt að nota hana sem eldsneyti.

Háþrýstidæla forðargreinarkerfisins útheimtir að eldsneytið hafi nægilega smurhæfni, vegna þess að hún er ekki með sérstaka olíusmurningu. Bannað er að bæta olíu við dísileldsneyti vegna þess að það veldur uppsöfnun kolefnis og ef olía blandast saman við jafnvel lítið magn vatns stíflar það síuna.

Til viðbótar verður að taka með í reikninginn ýmsar kröfur um gæði eldsneytis sem lagðar eru á með skattalagningu og árstíðabundnar breytingar.

4.4.1.1 Gæðakröfur fyrir eldsneyti hreyfils

Eldsneytið verður að samræmast staðlinum EN 590:2009.

Eldsneyti sem stenst ekki kröfur getur valdið bilunum í innsprautunarkerfi eldsneytis og eftirmeðferðarkerfi. Bilunin getur einnig valdið alvarlegum vandamálum í öðrum íhlutum hreyfilsins og stytt endingartíma hreyfilsins. Einnig mun hreyfillinn ekki standast losunarkröfur ef eldsneytið er ekki leyft fyrir hreyfilinn.

Eldsneytið verður að standast kröfur um brennisteinsinnihald, kröfur um lífdísil og staðla eins og fram kemur í EN 590 (2009 eða nýrra). Dísileldsneyti með mjög lágt brennisteinsmagn (≤ 15 mg/kg) sem uppfyllir kröfur EN 590 (2009 eða nýrra) er leyft. Viðbótaríbætiefni eða íblöndunarefni eru ekki leyfð. Eldsneyti eða blöndur sem innihalda til dæmis etanól, bensín eða steinolíu eru ekki leyfð þar sem þau geta stytt endingartíma hreyfilsins og valdið alvarlegri kerfisbilun.

Setantala verður að vera að lágmarki 43. Setantala 47 er æskileg, sérstaklega fyrir hitastig undir -20° Celsius og 1500 metra hæð eða meira yfir sjávarmál.

MIKILVÆGT: Ekki er leyfilegt að blanda eldsneyti við nein íblöndunar- eða aukefni.

4.4.1.2 Eldsneyti geymt

Geyma verður eldsneyti í þurru og hreinu umhverfi.

- **Hagaðu aðstæðum við geymslu og dreifingu eldsneytis þannig að ekkert vatn eða óhreinindi komist í geymslutankana.**

Setja verður geymslutankana upp í hallandi stöðu þannig að vatn og óhreinindi safnist upp í gagnstæðum enda við sogrör dælnnar. Sogrör dælnnar má ekki ná niður á botn í tankinum.

- **Tappaðu vatni reglubundið af tankinum til að koma í veg fyrir vandamál.**



VIÐVÖRUN: Fylltu ekki eldsneyti á dráttarvélinu um leið og verið er að fylla á geymslutankinn.

- Fylltu tankinn af eldsneyti af vetrargæðum áður en kuldatímabilið hefst.

4.4.1.3 Að geyma AdBlue/DEF

Til að tryggja stöðugleika AdBlue/DEF (samkvæmt staðlinum DIN 70070), ætti að fylgja eftirfarandi ráðleggingum um geymslu:

- **Notaðu upprunalega ílátíð til geymslu.**
- **Hafðu ílátíð almennilega lokað og á svölu, vel loftræstu svæði.**

MIKILVÆGT: AdBlue/DEF frýs við -11 °C. Gríptu til nauðsynlegra varúðarráðstafana við geymslu til að koma í veg fyrir að varan frjósi og til að tryggja að alltaf sé hægt að fylla á ökutækið.

- **Haltu ílátinu frá hita og beinu sólarljósi.**

Ef AdBlue/DEF er geymt við hátt hitastig kann lausnin að kristallast og gefa frá sér ammoníakslykt.

- **Settu tappa í loftgat AdBlue/DEF-tanksins ef dráttarvélin er í geymslu um langan tíma.**

4.4.1.4 Lífdísileldsneyti

Fyrstu kynslóðar lífdísilolía með lífdísilinnihaldi undir 10% af fitusýrumetýlesterum (FAME) / fitusýrueinalkýlesterum (FAAE) útheimtir ekki breytingar á hreyflinum eða viðhaldi hans. Eldsneytisblöndur með hærri lífdísilinnihaldi en 10% eru ekki leyfðar.

Leyft eldsneyti	Hámark leyft af fyrstu kynslóð	Staðall fyrir lífdísileldsneyti
EN 590 - Evrópa	0-10% fitusýrumetýlesterar (FAME / fitusýrueinalkýlesterar (FAAE))	EN 14214
ASTM D 975 - Norður-Ameríka		ASTM D 6751
TS 15940 EU BTL		EN 14214

4.4.1.5 AdBlue/DEF

Ráðlagða íblöndunarefnið er vökvi á karbamíð-grunni, seldur undir vörumerkinu AdBlue/DEF. AdBlue/DEF er litlaus vökvi sem inniheldur karbamíð og eimað vatn.

Styrkur karbamíðs í AdBlue/DEF er 32.5%. AdBlue/DEF-íblöndunarefnið verður að fylgja staðlinum DIN 70070.

AdBlue/DEF er ekki hættuleg vara, en verður samt að meðhöndlust af gætni. Ef AdBlue/DEF hellist niður á ökutækið skal skola það af með vatni og þurrka með pappír eða klút.

MIKILVÆGT: Geymdu AdBlue/DEF við hitastig undir 30°C. Geymdu það ekki í beinu sólarljósi.

MIKILVÆGT: AdBlue/DEF frýs við -11 °C. Gríptu til nauðsynlegra varúðarráðstafana við geymslu til að koma í veg fyrir að varan frjósi og til að tryggja að alltaf sé hægt að fylla á ökutækið.

MIKILVÆGT: Ef AdBlue/DEF-íblöndunarefninu er breytt eða annar vökvi sem ekki fylgir stöðlunum ISO 22241-1 eða DIN 70070 er notaður í staðinn, er hætt á að hann bjóði ekki upp á tilætlaðan árangur og það kann að skemma hreyfilinn.

4.4.2 Feiti

Notaðu rétta feiti fyrir smurstaðina.

ATHUGASEMD: Notaðu alltaf rétta feiti. Hver smurstaður útheimtir sína eigin tegund feitar.

ATHUGASEMD: Forðastu endurtekna snertingu húðar við feitina.

ATHUGASEMD: Verndaðu náttúruna og sjáðu fyrir tómum umbúðum.

4.4.2.1 Universal Grease - NLGI2 alhliða feiti

Notaðu Universal Grease til að smyrja til dæmis hjólalegur, vatnsdælur undirvagns, skriðbeltakefli.

Universal Grease:

- Er alhliða feiti á lítium-grunni
- Hentar til að smyrja allar þungavinnuvélar
- Þolir hitasviðið -25°C...+130°C

Feitin er límkennd, verndar gegn tæringu og veitir viðnám gegn vatni og breytilegu hitastigi.

4.4.2.2 Calcium LF - NLGI2 kalsíumfeiti LF

Notaðu Calcium LF feiti fyrir smurstaði sem eru óvarðir fyrir vatni. Calcium LF er langtrefja, hágæða, alhliða feiti á kalsíum-grunni fyrir notkun í ökutækjum.

Calcium LF:

- Hentar til að smyrja allar þungavinnuvélar
- Er langtrefjafeiti
- Er rauð á lit
- Þolir hitasviðið -25°C...+80°C

Calcium LF feitin er ætluð til notkunar á undirvagn, vatnsdælur, pinna og sérstaklega á smurstaði sem eru óvarðir fyrir vatni. Feitin er límkennd, verndar gegn tæringu og veitir viðnám gegn vatni og breytilegu hitastigi.

4.4.2.3 Grease Moly - NLGI2 moly-feiti

Notaðu Grease Moly fyrir hjólalegur, vatnsdælur undirvagns, skriðbeltakefli, o.s.frv. Grease Moly er hágæða, alhliða feiti á lítium-grunni til notkunar í ökutækjum.

Grease Moly:

- Er alhliða feiti á lítium-grunni
- Hentar til að smyrja allar þungavinnuvélar
- Þolir hitasviðið -25°C...+130°C

Feitin er límkennd, verndar gegn tæringu og veitir viðnám gegn vatni og breytilegu hitastigi.

Molybdenum-súlfíð sem íblöndunarefni (1-3%) bætir smurningu á stöðum sem eru óvarðir gegn höggálagi.

4.5 Dráttarvélin geymd

4.5.1 Dráttarvélin geymd í styttri tíma en tvo mánuði

Þegar dráttarvélin er geymd í styttri tíma en tvo mánuði skal athuga eftirfarandi atriði.

- Dráttarvélinni hefur verið reglulega viðhaldið.
- Dráttarvélin er hrein og hefur verið þvegin.
- Styrkur frostpols/glýkóls í kælivökvanum er nægur.
- Eldsneytistankurinn er fullur.
- AdBlue/DEF-tankurinn er fullur.
- Rafgeymirinn er aftengdur með kaplaskaut og rafgeymapóla hreinsaða.
- Loftræstingin er látin ganga í nokkrar mínútur að minnsta kosti einu sinni í mánuði.

MIKILVÆGT: Láttu hreyfilinn ganga í að minnsta kosti 15 mínútur. Styttri gangtími skemmir hreyfilinn.

4.5.2 Dráttarvélin geymd í lengri tíma en tvo mánuði

Þegar dráttarvélin er geymd í lengri tíma en tvo mánuði skal framkvæma eftirfarandi viðhald.

- Hreinsaðu, þvoðu og framkvæmdu almenna smurvinnu við dráttarvélina.
- Gakktu úr skugga um að styrkur frostpols/glýkóls í kælivökvanum sé nægur.
- Lækkaðu vökvalyftuna í lægstu stöðu.

- Þjónustaðu eldsneytistankinn.
 - Tæmdu tankinn af eldsneyti.
 - Hreinsaðu tankinn.
 - Fylltu eldsneytistankinn af eldsneyti.
 - Skiptu um forsíuna í eldsneytiskerfinu.
 - Skiptu um eldsneytissíuna og lofttæmdu eldsneytiskerfið.
- Þjónustaðu AdBlue/DEF-tankinn.
 - Tæmdu tankinn af AdBlue/DEF.
 - Skolaðu með heitu vatni.
- Þjónustaðu hreyfilinn.
 - Skiptu um hreyfilolíu og olíusíu.
 - Láttu hreyfilinn ganga þar til hann er allur orðinn heitur.
- Aftengdu rafgeyminn.

Hreinsaðu kapalskaut og skautpóla rafgeymisins og geymdu rafgeyminn á svölum og þurrum stað þar sem hitastig er stöðugt. Hladdu rafgeyminn annan hvern mánuð.

MIKILVÆGT: Gakktu úr skugga um að slökkt sé á aðalrafmagninu áður en rafgeymirinn er aftengdur eða tengdur.
- Slakaðu á viftureiminni.
- Verndaðu berskjaldaða hluti gegn tæringu með því að bera á tæringarvarnarolíu.
- Settu fyrir loftinntaksrör að lofthreinsara og útblástursrörið.

Notaðu plastpoka eða eitthvað svipað.
- Láttu loftræstinguna ganga í nokkrar mínútur að minnsta kosti einu sinni í mánuði.

MIKILVÆGT: Láttu hreyfilinn ganga í að minnsta kosti 15 mínútur. Styttri gangtími skemmir hreyfilinn.

4.6 Dráttarvélin tilkeyrð eftir geymslu

4.6.1 Dráttarvélin tilkeyrð eftir minna en tveggja mánaða geymslutímabil

Eftir geymslutímabil styttra en tvo mánuði verður að tilkeyra dráttarvélina.

- **Settu rafgeyminn aftur í (fullhlaðinn).**

MIKILVÆGT: Gakktu úr skugga um að slökkt sé á aðalrafmagninu áður en rafgeymirinn er aftengdur eða tengdur.
- Athugaðu olíustöðu á hreyflinum.
- Athugaðu olíustöðu skiptingar og vökvabúnaðar.
- Athugaðu stöðu kælivökva í vatnskassanum.
- Framkvæmdu almenna smurningu.


- Lofttæmdu eldsneytiskerfið ef þörf er á.
- Athugið þrýsting í hjólbörðum.
- Ræstu hreyfilinn án þess að gefa inn.
- Reynsluaktu dráttarvélinni.

4.6.2 Dráttarvélina tilkeyrð eftir meira en tveggja mánaða geymslutímabil

Þú verður að tilkeyra dráttarvélina eftir meira en tveggja mánaða geymslutímabil.

- Athugaðu loftþrýsting í hjólbörðum.
 - Fjarlægðu verndarhlífar af útblástursröri og loftinntaksröri.
 - Snúðu viftu vatnskassa varlega fram og til baka svo að ásinn virki laus (hann kann að vera fastur við þéttihring kælivökvaðælunnar).
 - Athugaðu að loftsíur hreyfils séu óskemmdar.
 - Þvoðu af alla ryðvarnarolíu sem borin var á ytra byrði dráttarvélarinnar.
 - Athuga stífnir reima.
 - Athugaðu olíustöðu á hreyflinum.
 - Athugaðu olíustöðu skiptingar og vökvabúnaðar.
 - Athugaðu stöðu kælivökva í vatnskassanum.
 - Fylltu á AdBlue/DEF-tankinn með nýju AdBlue/DEF.
 - Skiptu um aðalsíu aðfærslueiningar kerfisins Sértek afoxun með hvötum (SCR)
 - Tæmdu loft af eldsneytiskerfinu.
 - Settu rafgeyminn aftur í (fullhlaðinn).
- MIKILVÆGT:** Gakktu úr skugga um að slökkt sé á aðalrafmagninu áður en rafgeymirinn er aftengdur eða tengdur.
- Ræstu hreyfilinn án þess að gefa inn.
 - Reynsluaktu dráttarvélinni.

4.7 Reglubundið viðhald



1. Notandasýn fyrir reglubundið viðhald

Notandasýn fyrir reglubundið viðhald sýnir hvenær framkvæma verður þjónusta á dráttarvélinni.

ATHUGASEMD: Þegar notandasýn fyrir reglubundið viðhald er sýnd á skjánum þarf að framkvæma þjónustuvinnu áður en sýnin er hreinsuð burt.

ATHUGASEMD: Hreinsaðu dráttarvélina fyrir viðhald.

4.7.1 Tafla fyrir reglubundið viðhald

Þú verður að fylgja þjónustutímabilunum í töflunni fyrir reglubundið viðhald.

MIKILVÆGT: Þegar þjónusta er framkvæmd verður þú að fylgja þjónustutímabilunum, það er að segja, þú verður að framkvæma allar áður áskildar aðgerðir sem nefndar eru í töflu fyrir reglubundið viðhald. Til dæmis, þegar þú framkvæmir þjónustu fyrir 2400 klst. verður þú einnig að framkvæma þjónustu sem áskilin er fyrir 1200 klst., 600 klst., vikulega og daglega.

ATHUGASEMD: Þjónustutímabil sem sýnd eru eiga við um venjulegar notkunaraðstæður en við harðari aðstæður ætti að framkvæma þjónustu oftár.

Viðhaldsáætlun á grundvelli klukkustunda í keyrslu

- Dálkurinn 10 klst. sýnir verkefni sem verður að framkvæma daglega eða á 10 klukkustunda fresti.
- Dálkurinn 50 klst. sýnir verkefni sem verður að framkvæma vikulega eða á 50 klukkustunda fresti.
- Dálkurinn 600 klst. sýnir verkefni sem verður að framkvæma á 600 klukkustunda fresti.
- Dálkurinn 1200 klst. sýnir verkefni sem verður að framkvæma á 1200 klukkustunda fresti.
- Dálkurinn 2400 klst. sýnir verkefni sem verður að framkvæma á 2400 klukkustunda fresti.

Árlega viðhaldsáætlun

- Dálkurinn 10 klst. sýnir verkefni sem verður að framkvæma daglega eða á 10 klukkustunda fresti.
- Dálkurinn 50 klst. sýnir verkefni sem verður að framkvæma vikulega eða á 50 klukkustunda fresti.
- Dálkurinn 600 klst. sýnir verkefni sem verður að framkvæma árlega.
- Dálkurinn 2400 klst. sýnir verkefni sem verður að framkvæma annað hvert ár.

Gátstaður viðhalds	10 klst.	50 klst.	600 klst.	1200 klst.	2400 klst.
Athuga olíustöðu hreyfils.	•	•	•	•	•
Athuga stöðu kælivökva	•	•	•	•	•
Athuga og hreinsa vatnskassarif og hlífðargrill hreyfils.	•	•	•	•	•
Athuga olíustöðu í skiptingar- og vökvakerfinu.	•	•	•	•	•
Athuga með olíu- og eldsneytisleka.	•	•	•	•	•
Smyrja tengibúnað að aftan.		•	•	•	•
Athuga og smyrja gripkrækjuna.		•	•	•	•
Athuga og smyrja tengibúnað að framan.		•	•	•	•
Athuga aflúttak að framan.		•	•	•	•
Smyrja hemlabúnaðinn.		•	•	•	•
Smyrja festilegur framöxuls.		•	•	•	•
Athuga strekkingu reimarinnar.		•	•	•	•
Athuga loftþrýsting í hjólbörðum.		•	•	•	•
Athuga neyðarhemilinn.		•	•	•	•
Athuga stöðu rúðuvökva framrúðu.		•	•	•	•
Athuga magn frostlagar í loftþrýstingskerfinu.		•	•	•	•
Athuga, hreinsa og smyrja rafgeymaskautin.			•	•	•
Skipta um hreyfilolíu og síu.			• ¹⁾	•	•
Skipta um loftsíu viðrunar í stýrishúsi.			• ²⁾	•	•
Skipta um hringrásarloftsíu.			•	•	•
Athuga herslu rammabolta ámoksturstækja að framan.			• ³⁾	•	•
Athuga herslu felguróa.			•	•	•
Athuga fríhreyfingu hemlafótstigs.			•	•	•
Athuga stöðuhemilinn.			•	•	•
Skipta um olíusíur skiptingar og vökvakerfis.			•	•	•
Athuga öndunarkerfi hreyfils.			•	•	•
Athuga olíustöðu á mismunadri framöxuls og hjólnöfum.			•	•	•
Skipta um olíu á aflúttaki að framan og þvo olíusíuna.			•	•	•
Athuga tengi aflúttaks að framan.			•	•	•
Smyrja gúmmifleti á hraðtengjum fyrir vagn.			•	•	•
Athuga heildstæðni loftþrýstingskerfis.			•	•	•
Athuga sjálfvirka vatnstæmingu loftþrýstingskerfisins.			•	•	•
Fylla á ílát frostlagar í loftþrýstingskerfi.			•	•	•
Uppfæra hugbúnaðinn og kvarða dráttarvélina.			• ⁴⁾	•	•
Stilla ventla hreyfils.			• ⁵⁾		•
Skipt um olíu á vökvakerfinu.				•	•
Tafla heldur áfram á næstu síðu					

Gátstaður viðhalds	10 klst.	50 klst.	600 klst.	1200 klst.	2400 klst.
Skipta um olíu á mismunadrifi framöxuls og á hjólnöfum.				•	•
Skipta um eldsneytissíu og forsíu.			(•) ^{6) 7)}	•	•
Skipta um loftsiur hreyfils.				• ⁸⁾	•
Skipta um aðalsíu aðfærslueiningar kerfisins Sértek afoxun með hvötum.			(•) ⁶⁾	• ⁹⁾	•
Athuga innskeifni framhjóra.				•	•
Skipta um öndun vökvabúnaðar.				•	•
Athuga virkni vendigírs.				•	•
Skipta um síu kælivökva.				•	•
Skipta um olíu á skiptingarkerfi.					•
Skipta um öndun skiptingar.					•
Hreinsa sogsigtið.					•
Lofttæma hemlakerfið.					•
Athuga kælikerfið.					• ¹⁰⁾
Skipta um lok á þenslutanki kælivökva.					•
Athuga festingar stýrishúss.					•
Viðhalda lofræstingunni.					•
Framkvæmdu eftirlitið með hverfilforþjöppunni og millikælinum ¹¹⁾					


- 1) **ATHUGASEMD:** Við sérstaklega rykugar aðstæður skal skipta um olíu og síur á 250 klst. fresti.
- 2) **ATHUGASEMD:** Við sérstaklega rykugar aðstæður verður að hreinsa loftsiu viðrunar í stýrishúsi oft.
- 3) **MIKILVÆGT:** Athuga verður herslu rammabolta ámoksturstækja að framan á 50 klst. fresti ef ámoksturstækkin að framan eru notuð óslitið með þungan farm.
- 4) **ATHUGASEMD:** Uppfæra verður hugbúnaðinn og kvarða dráttarvélina eftir 600 notkunarstundir. Eftir fyrstu uppfærslu og kvörðun skal endurtaka leikinn við 1800 klukkustundir og eftir það á 1200 klukkustunda fresti.
- 5) **ATHUGASEMD:** Stilla verður ventla hreyfils eftir 600 notkunarstundir. Eftir fyrstu stillingu skal stilla ventlana við 2400 klukkustundir og eftir það á 2400 klukkustunda fresti.
- 6) **MIKILVÆGT:**
Framkvæmdu þetta við 600 klukkustundir aðeins ef þú fylgir árlegri viðhaldsáætlun.
- 7) **MIKILVÆGT:**
Við sérstaklega rykugar eða kaldar aðstæður skal skipta um eldsneytissíu og forsíu á 600 klst. fresti.
- 8) **ATHUGASEMD:** Við sérstaklega rykugar aðstæður verður að skipta oftar um loftsiur hreyfils.
- 9) **ATHUGASEMD:** Við sérstaklega rykugar aðstæður verður að skipta oftar um öndun fyrir kerfið Sértek oxun með hvötum.
- 10) **ATHUGASEMD:** Hreinsaðu kælikerfið og skiptu reglulega um kælivökva.
 - Skiptu um rauða kælivökvann (ASTM D6210 Type I-FF (OAT-tækni)) á 5 ára fresti.
 - Skiptu um bláa kælivökvann (ASTM D3306) á 2 ára fresti.
- 11) **ATHUGASEMD:**
Viðurkennt Valtra-verkstæðu framkvæmir eftirlitið á 3600 klukkustunda fresti. Við eftirlitið gengur þjónustustarfsfólkið úr skugga um að hverfilforþjappan sé rétt uppsett við útblástursoggreinina. Þjónustustarfsfólkið þarf einnig að ganga úr skugga um að samskeyti inntaks- og útblástursoggreina séu tryggilega tengd.

4.7.2 Daglegt viðhald

4.7.2.1 Athuga olíustöðu á hreyfli

Athugaðu reglubundið stöðu hreyfilolíu.

Athuga verður stöðu olíu á hreyfli þegar olían hefur kólnað og hefur haft tíma til að renna niður á botn olíupönnunar.



1. Olíuáfallingarlok
2. Kvarði

1. Stöðvaðu hreyfilinn og láttu standa í nokkrar mínútur.

Leggðu dráttarvélinni á sléttu undirlagi.

2. Togaðu kvarðann út.

Olíustaðan verður að vera milli hámarks- og lágmarksmerkjanna á kvarðanum.

3. Bættu á olíu gegnum olíuáfallingarlokið ef nauðsyn krefur.


4. Kannaðu með leka frá olíupönnu og hreyfli.

4.7.2.2 Staða kælivökva athuguð

Athugaðu reglubundið stöðu kælivökva.

ATHUGASEMD: Hreinsaðu kælikerfið og skiptu reglulega um kælivökva.

- Skiptu um rauða kælivökvann (ASTM D6210 Type I-FF (OAT-tækni)) á 5 ára fresti.
- Skiptu um bláa kælivökvann (ASTM D3306) á 2 ára fresti.



1. Lok á þenslutanki kælivökva
2. Stöðumerki fyrir kaldan vökva

1. Stöðvaðu hreyfilinn og láttu standa í nokkrar mínútur.

Athugunin verður að fara fram þegar vökvinn er kaldur. Staða heits vökva er hærrí en kalds.

2. Athugaðu að vökvastaða í þenslutankinum sé í samræmi við stöðumerki fyrir kaldan vökva.

3. Bættu meiri kælivökva í tankinn ef nauðsyn krefur.

MIKILVÆGT: Notaðu aldrei aðeins vatn sem kælivökva.

- **Athugaðu frostmark kælivökvans.**

Í upphafi kuldatímabilsins er mikilvægt að mæla frostmarkið.


- **Ef frostmarkið er of hátt skaltu tappa af svolitlu af kælivökvanum og bæta á frostlegi.**
- **Láttu hreyfilinn ganga um stund.**

Frostlögurinn verður að blandast kælivökvanum.

- **Athugaðu aftur frostmark kælivökvans.**

4. Kannaðu með leka frá þenslutankinum.


MIKILVÆGT: Það er tæmigat undir kælivökvadælunni sem ekki má stíflast. Ef kælivökvi lekur út úr gatinu er þétting dælnnar skemmd og verður að endurnýja hana. Í nýjum hreyfli er mögulegt að leki svolítið á meðan dælan er að laga sig að honum.



1. Tæmigat kælivökvadælu

4.7.2.3 Hreinsun vatnskassa

Hreinsaðu reglubundið allar hólfaplötur vatnskassans.



1. Olúkælir skiptingar
2. Handfang olúkælis skiptingar
3. Kælir fyrir loftræstingu (aukabúnaður)
4. Handfang kælis loftræstingar
5. Klinka olúkælis skiptingar
6. Festiskrúfa kælis loftræstingar

Eldsneytiskæling er felld inn í olúkæli skiptingar.


1. **Opnaðu hreyfilhlífina.**
2. **Lyftu olúkæli skiptingar í efri stöðuna.**
Haltu í handfang olúkælis skiptingar og losaðu klinku olúkælis skiptingar. Komdu í veg fyrir að olúkælir skiptingar lyftist og snúðu klinkunni til hliðar. Olúkælir skiptingar lyftist í efri stöðuna.
3. **Lyftu kæli loftræstingar (aukabúnaður) í efri stöðuna.**
Kælir loftræstingar er festur með tveimur skrúfum.

4. Hreinsaðu vatnskassana með þrýstilofti eða skolaðu þá með vatni.
Þegar þú hreinsar skaltu nota loftþrýsting, vatnsslöngu (ekki þrýstisprautu) eða mjúkan burstu. Gættu þess að skemma ekki kjarnana.
5. Beindu úðanum á móti stefnu loftstraumsins.
6. Láttu kæli loftræstingar síga í neðri stöðuna.
Hertu festiskrúfurnar tvær.
7. Láttu olúkæli skiptingar síga í neðri stöðuna.
8. Lokaðu klinku olúkælis skiptingar.
9. Lokaðu hreyfilhlífinni.

4.7.2.4 Olíustaða í skiptingarkerfinu athuguð

Athugaðu reglulega olíustöðu á skiptingarkerfinu.

Stýring og skipting deila sama olúkerfinu.



1. Olíuáfyllingartappi skiptingar
2. Olíustöðumælir skiptingar

1. Stöðvaðu hreyfilinn og láttu standa í nokkrar mínútur.
2. Athugaðu olíustöðuna á olíustöðumælinum.
Olíustaðan verður að vera milli hámarks- og lágmarkslínanna.
3. Bættu á olíu ef nauðsyn krefur.


4.7.2.5 Olíustaða í vökvakerfinu athuguð

Athugaðu reglubundið olíustöðu í vökvakerfinu.

1. Hækkaðu tengibúnað að framan og lækkaðu ámoksturstæki að framan og tengibúnað að aftan.

Hámarks magn af olíu rennur aftur í vökvakerfisolíugeyminn.

2. Stöðvaðu hreyfilinn og láttu standa í nokkrar mínútur.
3. Athugaðu olíustöðuna á olíustöðumælinum.




1. Stöðumælir vökvakerfisolíu

Olíustaðan verður að vera milli hámarks- og lágmarkslínanna.

4. Bættu á olíu ef nauðsyn krefur.

Fylltu á með dælu gegnum bakrennslistengi vökvabúnaðar.




1. Vökvaendurstreymistengi

MIKILVÆGT:

Ef ekki er hægt að bæta á olíu gegnum bakrennslistengi vökvabúnaðar er hægt að bæta á olíu gegnum áfyllingartappa vökvakerfisolíu. Ekki er mælt með þessu og ætti aðeins að gera í neyðartilvikum.


- Opnaðu þrepin.



1. Festiskrúfa

Losaðu festiskrúfurnar tvær.

- Bættu á olíu gegnum áfyllingartappa vökvakerfisolíu.




1. Áfyllingartappi vökvakerfisólíu

MIKILVÆGT: Hreinsaðu áfyllingartappann áður en fyllt er á olíu. Gakktu úr skugga um að engin óhreinindi séu í olíunni áður en þú fyllir á.

- **Lokaðu þrepunum.**
Festu þrepin með festiskrúfunum tveimur.

5. Athugaðu olíulekageyminn fyrir hraðtengin og tæmdu hann af og til.



1. Olíulekageymir


4.7.3 Vikulegt viðhald

4.7.3.1 Tengibúnaður að aftan smyrður

Smyrðu reglubundið tengibúnað að aftan.

ATHUGASEMD: Notaðu alhliða feiti þegar þú smyrð.


1. Smyrðu lyftiarmana.



1. Lyftiarmur
2. Vökvalyftiarmur
3. Smurkoppur

Einn smurkoppur er á venjulegum lyftiarmi. Enginn smurkoppur er á vökvalyftiarmi.


2. Smyrðu yfirtengið.



1. Yfirtengi
2. Yfirtengi með kúlukrækju
3. Vökvayfirtengi
4. Vökvayfirtengi með kúlukrækju
5. Smurkoppur

Tveir smurkoppur eru á yfirtengi.


3. Smyrðu lyftitjakkapinnana.



1. Smurkoppur efri pinna
2. Smurkoppur neðri pinna

Tveir smurkoppur eru á lyftitjakknum.

4. Smyrðu mismunadrifsöxulinn.




1. Smurkoppur

Smurkopparnir eru tveir.

4.7.3.2 Gripkrækjan athuguð

Athugaðu gripkrækjuna reglubundið.



1. Fjarlægð milli gripkrækju og snertiflatar
2. Hreyfing gripkrækju
3. Læsiklinka

- **Gakktu úr skugga um að læsiklinkan hreyfist í ytrustu stöðu í báðar áttir.**
Þegar læsiklinkunni er snúið upp á við verður Nordic- og Euro-gripkrækjan að hreyfast upp um 6-8 mm og vökvagripkrækjan verður að hreyfast upp um 8-10 mm.
- **Athugaðu slit gripkrækjunnar.**

Fjarlægðin milli gripkrækju og snertiflatar verður að vera minni en 10 mm.




VARÚÐ: Þegar gripkrækjan hefur slitnað niður í 44 mm þar sem hún er þynnst verður að endurnýja hana.

4.7.3.3 Nordic- og Euro-gripkrækjur smurðar

Smyrðu gripkrækjuna reglulega.

ATHUGASEMD: Notaðu alhliða feiti þegar þú smyrð.

- Bættu feiti á smurkoppana.



1. Smurkoppur


4.7.3.4 Vökvagripkrækjan smurð

Smyrðu vökvagripkrækjuna reglubundið.

ATHUGASEMD: Notaðu alhliða feiti þegar þú smyrð.

4. Viðhald

- Bættu feiti á smurkoppa.




1. Smurkoppur

4.7.3.5 Tengibúnaður að framan athugaður og smurður

Athugaðu og smyrðu tengibúnað að framan reglubundið.


- Athugaðu reglubundið að allar skrúfur og rær séu hertar.



1. Skrúfur og rær

- Hertu allar skrúfur og rær tengibúnaðar að framan eftir fyrstu 15-25 klukkustundirnar í keyrslu.
- Athugaðu að enginn leki sé frá vökvatengingum.

- Smyrðu pinna lyftitjakkis og skaft lyftiarma.



1. Smurkoppur

Það er auðveldara að smyrja koppana þegar lyftiörmunum er lyft upp.


4.7.3.6 Aflúttak að framan athugað

Athugaðu reglubundið aflúttak að framan.

- Hertu allar festiskrúfurnar eftir fyrstu 10 notkunarstundirnar.
- Athugaðu reglulega að allar festiskrúfur séu hertar.
- Kannaðu með olíuleka frá aflúttakinu að framan.

4.7.3.7 Hemlabúnaðurinn smurður

Smyrðu hemlabúnaðinn reglubundið. Notaðu Calcium LF feiti þegar þú smyrð hemlabúnaðinn.




1. Smurkoppur
2. Rennifletir

1. Smyrðu koppana báðum megin á þenjaranum.
2. Smyrðu rennifletina á hemlabúnaðinum.

4.7.3.8 Festilegur framöxuls smurðar

Þú verður að smyrja festilegur framöxulsins reglulega.

ATHUGASEMD: Notaðu alhliða feiti þegar þú smyrð.



1. Smurkoppur

1. **Lyftu framenda dráttarvélarinnar lítillega.**

Lyftu ekki framöxlinum eða festingu lóðs að framan.

2. **Smyrðu í koppna á báðum legum.**

Hallaðu öxlinum til að tryggja að feitin fari jafnt inn í legurnar.


4.7.3.9 Festilegur fjaðrandi framöxuls smurðar

Smyrðu reglubundið festilegur fjaðrandi framöxuls.

ATHUGASEMD: Notaðu alhliða feiti þegar þú smyrð.

1. **Athugaðu oft hvort allar skrúfur og rær séu fastar.**

2. Bættu feiti á smurkoppana.



1. Smurkoppur

4.7.3.10 Strekking reima athuguð

Athugaðu reglubundið strekkingu reima.

ATHUGASEMD: Vertu alltaf með varaviftureim tiltæka.

Ef skipt er um reim rafals þegar enginn valkvæður búnaður er til staðar útheimtir það sérstök verkfæri. Hafðu samband við viðurkennt Valtra-verkstæði ef þörf er á að skipta um þessa reim.

1. Athugaðu heildarástand reimanna.

Slök, slitin eða olíublaut reim getur valdið vandamálum við hleðslu rafgeymis og við kælikerfið.


2. Athugaðu strekkingu reimar.

Snúðu reiminni frá lengsta lausa hluta sínum með fingrunum. Reimin ætti að snúast um 90 gráður en ekki meira.

3. Stilltu eða skiptu um reimina ef þörf krefur.


4.7.3.11 Skipt um viftureimina

Skiptu um viftureimina ef þörf er á.



1. Viftureim

1. Fjarlægðu gömlu reimina með því að skera hana.



1. Sjálfvirkur reimarstrekki
2. 1/2" skúflykill


Losaðu sjálfvirka reimarstrekkiarann með 1/2" skúflykli.

2. Settu á nýju viftu- og rafalsreimina.

Losaðu sjálfvirka reimarstrekkiarann með 1/2" skúflykli.

4.7.3.12 Skipt um rafalsreimina


Skiptu um rafalsreimina ef þörf er á.



1. Reim fyrir rafal og þjöppu loftræstingar (valkvæður búnaður)
2. Reim fyrir rafal, þjöppu loftræstingar (valkvæður búnaður) og þjöppu loftþrýstings (valkvæður búnaður)
3. Rafalsreim

Ef skipt er um reim rafals þegar enginn valkvæður búnaður er til staðar útheimtir það sérstök verkfæri. Hafðu samband við viðurkennt Valtra-verkstæði ef þörf er á að skipta um þessa reim.

1. Losaðu festibolta lausahjólsins.



1. Topplykill
2. Festibolti lausahjóls
3. Lausahjól
4. Úrrek eða skrufjárn (8 mm þvermál)

2. Settu úrrekið inn í gatið á laushjólstoðinni.


Notaðu topplykilinn til að snúa lausahjólinu frá.

3. Fjarlægðu festibolta lausahjólsins.

4. Fjarlægðu úrrekið.

Notaðu topplykilinn til að halda lausahjólinu á sínum stað.

5. Mjakaðu lausahjólinu varlega upp að reimskífu þjöppu loftræstingar með topplyklinum.



1. Lausahjól
2. Reimskífa þjöppu loftræstingar

Láttu lausahjólíð ekki rekast í reimskífu þjöppu loftræstingar.

6. Fjarlægðu gömlu reimina.
7. Settu í nýju rafalsreimina.
8. Snúðu lausahjólinu aftur í venjulega stöðu.
9. Settu úrrekið inn í gatið á laushjólstoðinni.
Notaðu topplykilinn til að snúa lausahjólinu frá.
10. Settu festibolta lausahjólansins í.
11. Fjarlægðu úrrekið.
12. Hertu festibolta lausahjólansins.

4.7.3.13 Loftþrýstingur í hjólbörðum athugaður

Athugaðu reglubundið loftþrýsting í hjólbörðum, sérstaklega eftir að skipt hefur verið um hjólbarða.

MIKILVÆGT: Skiptu um hjólbarða og felgur á faglegu hjólbarðaverkstæði.

- Athugaðu þrýstinginn í hjólbörðunum með þrýstingsmæli.
- Bættu við þrýstinginn, ef þörf krefur.



VARÚÐ: Forðastu að blása of miklu lofti í hjólbarða þar sem óhóflegur þrýstingur getur valdið því að hann springi.

4.7.3.14 Neyðarhemilinn athugaður

Athugaðu neyðarhemilinn reglubundið.

1. Notaðu neyðarhemilinn til að athuga að hann virki.

Hægt er að prófa neyðarhemilinn við venjulegar hemlunaraðstæður.



VARÚÐ: Athugaðu neyðarhemilinn á litlum aksturshraða (um það bil 10 km/klst.). Notkun neyðarhemilsins getur leitt til þess að hjólin læsist.




VARÚÐ: Notkun neyðarhemils losar gripið.

2. Stilltu stöðuhemilinn ef nauðsyn krefur.

Venjulega er engin þörf á að stilla vegna þess að stöðuhemilinn er stilltur þegar aksturshemlar eru stilltir.

4.7.3.15 Magn rúðusprautuvökva framrúðu athugað

Athugaðu reglubundið magn rúðusprautuvökva framrúðu.



1. Lok á geymi fyrir rúðusprautuvökva framrúðu

Geymir fyrir rúðusprautuvökva er sameiginlegur fyrir rúðusprautur á fram-, aftur- og hliðargluggum. Rúðusprauta fyrir aftur- og hliðarglugga er aukabúnaður.


1. Athugaðu magn rúðusprautuvökva framrúðu.

2. Bættu á meiri rúðusprautuvökva ef nauðsyn krefur.

ATHUGASEMD: Þegar hitastigið er undir 0°C skal hafa frostlög í vökvanum.

4.7.3.16 Magn frostlagar í loftþrýstingskerfi athugað

Athugaðu reglubundið magn frostlagar í loftþrýstingskerfinu.



1. Ílát frostlagar í loftþrýstingskerfi

1. Athugaðu magn frostlagar í loftþrýstingskerfi.
2. Bættu við meiri frostlegi, ef nauðsyn krefur.


ATHUGASEMD: Notaðu frostlagarvökva á glýkól- eða alkóhól-grunni fyrir loftbúnað.

4.7.4 Viðhald á 600 klukkustunda fresti

4.7.4.1 Rafgeymaskautin athuguð, hreinsuð og smurð


Athugaðu, hreinsaðu og smyrðu rafgeymaskautin reglubundið.

1. Opnaðu rafgeymaumbúnaðinn.



1. Lás rafgeymaumbúnaðar
2. Hurð rafgeymaumbúnaðar

2. Hreinsaðu rafgeymaskautin.



1. Rafgeymaskaut

Hreinsaðu einnig umhverfi rafgeymisins.

3. Athugaðu festingar rafgeymakaplanna við strýtulaga skautpóla rafgeymisins.
4. Athugaðu að hlífðarplastið hylji plúskapalinn.

5. Athugaðu ástand rafgeymakaplanna.
6. Athugaðu festingu rafgeymisins í rafgeymaumbúnaðinum.
7. Smyrðu rafgeymaskautin.
ATHUGASEMD: Notaðu alhliða feiti þegar þú smyrð.
8. Lokaðu rafgeymaumbúnaðinum.


4.7.4.2 Skipt um hreyfilolíu og olíusíu

Skiptu reglubundið um olíusíu hreyfils.

Notaðu alltaf upprunalegar AGCO-olíusíur hreyfils.

ATHUGASEMD: Við sérstaklega rykugar aðstæður skal skipta um olíu og síur á 250 klst. fresti.

ATHUGASEMD: Ef fjöldi vinnustunda er lífill verður að skipta um olíu og síur að minnsta kosti einu sinni á ári.




1. Olíusía
2. Áfyllingargat
3. Kvarði
4. Tæmitappi

1. Athugaðu að dráttarvélin standi á jafnsléttu.
2. Stöðvaðu hreyfilinn og láttu standa í nokkrar mínútur.
3. Taktu tæmitappann úr botnskál hreyfils.
4. Tappaðu olíunni af hreyflinum í aðskilið ílát.
Ef hreyfillinn er heitur rennur olían betur.
5. Hreinsaðu tæmitappann, settu hann aftur í og hertu.
6. Losaðu olíusíuna.
7. Smyrðu gúmmípakkninguna á nýju síunni.
Notaðu hreina mótrolíu.
8. Festu nýju síuna.
Hertu nýju síuna með hendinni (ekki of þétt).
9. Fylltu á ráðlagðri olíu í gegnum áfyllingargatið.
10. Athugaðu olíustöðuna með kvarðanum.
Olíunni er fyllt á þar til efra merkinu á kvarðanum er náð.
11. Þurrkaðu alla olíu sem hefur runnið niður á undirvagninn.
12. Ræstu hreyfilinn.
13. Láttu hreyfilinn ganga og athugaðu með mögulega leka.
14. Láttu hreyfilinn ganga í smástund og athugaðu olíustöðuna.

4.7.4.3 Skipt um loftsíu viðrunar í stýrishúsi

Skiptu reglubundið um loftsíu viðrunar í stýrishúsi.



1. Lúga loftsíuhúss
2. Stuðningsrammi loftsíu viðrunar
3. Krækja stuðningsramma loftsíu viðrunar

4. Viðhald


1. Opnaðu loftsíuhúsið úr efra horni stýrishúspaksins vinstra megin.
2. Opnaðu krækju stuðningsrammans.
3. Dragðu stuðningsrammann út.
 - Lækkaðu stuðningsrammann aðeins.
 - Togaðu stuðningsrammann út á við.
4. Endurnýjaðu loftsíu viðrunar.

Skiptu oftár um loftsíu viðrunar ef nauðsyn krefur.
5. Settu stuðningsrammann í.
 - Þrýstu stuðningsrammanum inn í loftsíuhúsið.
 - hækkaðu stuðningsrammann aðeins.
6. Lokaðu krækju stuðningsrammans.
7. Lokaðu loftsíuhúsinu.

4.7.4.4 Skipt um loftsíu í Skyview-búnaði fyrir viðrun stýrishúss


Skiptu reglubundið um loftsíu í Skyview-búnaði fyrir viðrun stýrishúss.

1. Opnaðu loftsíuhúsið úr efra horni stýrishúspaksins vinstra megin.



1. Lúga loftsíuhúss
2. Skrúfa með gáróttum haus

2. Endurnýjaðu loftsíu viðrunar.




1. Loftsía viðrunar

Skiptu oftár um loftsíu viðrunar ef nauðsyn krefur.

3. Lokaðu loftsíuhúsinu.

4.7.4.5 Skipt um hringrásarsíuna

Skiptu reglubundið um hringrásarsíuna.



1. Síueining
2. Festiklemma grills

1. Opnaðu grillið.
2. Dragðu út síueininguna.
3. Skiptu um síueininguna.


Gakktu úr skugga um að þéttingin umhverfis síueininguna passi í raufarnar í loftgöngunum.

ATHUGASEMD: Skiptu oftár um síuna ef nauðsyn krefur.

4.7.4.6 Skiptu um hringrásarsíu í Skyview-búnaði stýrishúss


Skiptu reglubundið um hringrásarsíu í Skyview-búnaði stýrishúss.

1. Opnaðu grillið.



1. Festiklemma grills
2. Grill

2. Dragðu út síueininguna.



1. Síueining

3. Skiptu um síueininguna.

Gakktu úr skugga um að þéttingin umhverfis síueininguna passi í raufarnar í loftgöngunum.

ATHUGASEMD: Skiptu oftari um síuna ef nauðsyn krefur.


4. Lokaðu grillinu.

4.7.4.7 Hersla rammabolta ámoksturstækja að framan athuguð

Athugaðu reglubundið herslu rammabolta ámoksturstækja að framan.

MIKILVÆGT: Athuga verður herslu rammabolta ámoksturstækja að framan á 50 klt. fresti ef ámoksturstækin að framan eru notuð óslitið með þungan farm.

1. Opnaðu rafgeymaumbúnaðinn.
2. Losaðu rafmagnsmiðstöð hreyfils frá rafgeymaumbúnaðinum.



1. Festiklemma rafmagnsmiðstöðvar hreyfils
2. Festiskrúfa rafgeymaumbúnaðar
3. Festiskrúfa aðalrafmagnsmiðstöðvar

Láttu rafmagnsmiðstöðina hanga í leiðslukerfinu.

3. Losaðu aðalrafmagnsmiðstöðina frá rafgeymaumbúnaðinum.


Losaðu festiskrúfur aðalrafmagnsmiðstöðvarinnar. Láttu rafmagnsmiðstöðina hanga í leiðslukerfinu.

4. Losaðu festiskrúfur rafgeymahússins.

Festiskrúfurnar eru þrjár.


4. Viðhald

5. Aftengdu slöngurnar og rafmagnstenglana frá vökvageymi fyrir rúðusprautu framrúðu.



1. vökvaslaga fyrir rúðusprautu framrúðu
2. Rafmagnstengill fyrir rúðusprautu framrúðu


6. Fjarlægðu rafgeymaumbúnaðinn.
7. Hertu rammabolta ámoksturstækja að framan hægra megin.



1. Rammabolti ámoksturstækja að framan

Hersluátakið er 600 Nm.


8. Settu í rafgeymaumbúnaðinn.
9. Tengdu slöngurnar og rafmagnstenglana við vökvageymi fyrir rúðusprautu framrúðu.
10. Tengdu aðalrafmagnsmiðstöðina við rafgeymaumbúnaðinn.
Hertu festiskrúfurnar fjórar.
11. Tengdu rafmagnsmiðstöð hreyfils við rafgeymaumbúnaðinn.
12. Lokaðu rafgeymaumbúnaðinum.
13. Fjarlægðu klinkuna af loftinntaksrörinu.



1. Klinka
2. Festiskrúfa
3. Stoð loftinntaksrörs

Losaðu festiskrúfuna og fjarlægðu klinkuna.

14. Fjarlægðu klemmuna af loftinntaksrörinu.




1. Klemmuskrúfa
2. Klemma
3. Gúmmípinni

15. Fjarlægðu loftinntaksrörið.

Togaðu gúmmípinnann af festingunni.


16. Fjarlægðu hlífðarplötuna af AdBlue-tankinum.



1. Festiskrúfa
2. Hlífðarplata


Hlífðarplatan er fest með 6 skrúfum.

17. Losaðu festiskrúfurnar á festingu hreyfilstjórneiningar.




1. Festing fyrir stjórneiningu hreyfils
2. Festiskrúfa

18. Snúðu festingu hreyfilstjórneiningar til hliðar.



1. Festing fyrir stjórneiningu hreyfils


19. Aftengdu rafmagnstengilinn og slöngurnar frá skynjaraloki tankhitara.



1. Slöngur skynjaraloks tankhitara
2. Rafmagnstengill

Settu tappa í slöngurnar.

20. Losaðu festiskrúfur AdBlue-tanksins.




1. Festiskrúfa

AdBlue-tankurinn er festur með 3 skrúfum.

21. Færðu AdBlue-tankinn þannig að þú náir til rammabolta á móksturstækja að framan.

22. Hertu rammabolta ámoksturstækja að framan vinstra megin.



1. Rammabolti ámoksturstækja að framan

Hersluátakið er 600 Nm.

23. Settu AdBlue-tankinn í.
24. Tengdu rafmagnstengilinn og slöngurnar við skynjaraloka tankhitara.
25. Settu á festingu hreyfilstjórneiningar.
26. Hertu festiskrúfur AdBlue-tanksins.
27. Settu hlífðarplötuna á AdBlue-tankinn.
28. Settu á loftinntaksrörið.

4.7.4.8 Hersla rammabolta ámoksturstækja að framan með skógarvinnubúnaði athuguð


Athugaðu reglubundið herslu rammabolta ámoksturstækja að framan.

MIKILVÆGT: Athuga verður herslu rammabolta ámoksturstækja að framan á 50 klst. fresti ef ámoksturstækjin að framan eru notuð óslitið með þungan farm.

Skógarvinnubúnaður er valkvæður búnaður.

1. Hertu rammabolta ámoksturstækja að framan hægra megin.


2. Fjarlægðu klinkuna af loftinntaksrörinu.



1. Klinka
2. Festiskrúfa
3. Stoð loftinntaksrörs

Losaðu festiskrúfuna og fjarlægðu klinkuna.

3. Fjarlægðu klemmuna af loftinntaksrörinu.




1. Klemmuskrúfa
2. Klemma
3. Gúmmípinni

4. Fjarlægðu loftinntaksrörið.

Togaðu gúmmípinnann af festingunni.


5. Fjarlægðu hlífðarplötuna af AdBlue-tankinum.



1. Festiskrúfa

Hlífðarplatan er fest með 4 skrufum.


6. Losaðu festiskrúfurnar á festingu hreyfilstjórneiningar.



1. Festiskrúfa

7. Snúðu festingu hreyfilstjórneiningar til hliðar.

8. Hertu rammabolta ámoksturstækja að framan vinstra megin.



1. Rammabolti ámoksturstækja að framan

Hersluátakið er 600 Nm.

9. Settu á festingu hreyfilstjórneiningar.

10. Settu hlífðarplötuna á AdBlue-tankinn.

11. Settu á loftinntaksrörið.


4.7.4.9 Hersla felguróa athuguð

Athugaðu reglubundið herslu felguróa til að forðast ónauðsynlega áhættu.

- Athuga herslu felguróa.
- Athuga herslu bolta í hjóladiskum/felgum.

4.7.4.10 Fríhreyfing hemlafótstigs athuguð

Athugaðu reglulega fríhreyfingu hemlafótstigs.



1. Fríhreyfing fótstigsins

1. Athugaðu fríhreyfingu hemlafótstigs.

Fríhreyfing fótstigs verður að vera 50-60 mm. Athugaðu með bæði fótstig krækt saman.

ATHUGASEMD: Fríhreyfingin kann að vera meiri ef dráttarvélin er búin loftþrýstingshemlum fyrir vagn eða vökvahemaloka fyrir vagn.

2. Stilltu fríhreyfinguna ef nauðsyn krefur.


4.7.4.11 Fríhreyfing hemlafótstigs stillt

Stilltu hreyfingu hemlafótstiga þegar þörf er á.

1. Gakktu úr skugga um að dráttarvélin geti ekki hreyfst af sjálfu sér.
2. Lyftu afturhjólanum frá jörðu.
3. Ræstu dráttarvélina.
4. Færðu vendigírsstöngina í miðstöðu (N).

5. Hertu hemlastillingarrænar.

Stilltu rænar með átakslykli að 20 Nm.



1. Stilliró

6. Slakaðu á rónum.

Slakaðu á rónum um 4,3 snúninga.

7. Athugaðu að hjólin geti snúist frjáslega.

8. Athugaðu að bæði hemlafótstig virki hvort um sig með því að aka.

Athugaðu að hemlun sé sú sama á báðum hjólum þegar ekið er með bæði fótstig krækt saman.

9. Athugaðu að fríhreyfing fótstigs sé sú sama á báðum hjólum.

Fríhreyfing fótstigs verður að vera 50-60 mm. Athugaðu með bæði fótstig krækt saman.

Ef fríhreyfing fótstigs er ekki rétt verður að endurstilla hreyfinguna.

10. Athugaðu fríhreyfinguna á fótstigi afturhemla.

Kerfi fyrir akstur afturábak er aukabúnaður.

Fríhreyfing fótstigs verður að vera 65-75 mm.

Ef fríhreyfing fótstigs er ekki rétt verður að lofttæma hemlana.

4.7.4.12 Stöðuhemillinn athugaður

Athugaðu stöðuhemilinn reglubundið.

1. Tengdu stöðuhemilinn.
2. Athugaðu að stöðuhemilinn virki.
3. Losaðu stöðuhemilinn.
4. Athugaðu að hemlarnir hafi verið losaðir.
5. Stilltu stöðuhemilinn ef nauðsyn krefur.


4.7.4.13 Stöðuhemilinn stilltur

Stöðuhemilinn er stilltur í verksmiðju og ekki er þörf á endurstillingu nema skipt hafi verið um hluti í hemlabúnaðinum. Stilling aksturshemlana hefur áhrif á stöðuhemilinn.

Stöðuhemlinum er stjórnað með þrýstistrokki sem snýr til baka með fjöður og hann er tengdur við aksturshemlabúnaðinn með kapli.

MIKILVÆGT: Stilltu alltaf aksturshemlana áður en þú stillir stöðuhemilinn.

1. Ræstu dráttarvélina.
2. Settu kubba fyrir framan framhjólín til að koma í veg fyrir að dráttarvélín hreyfist.
3. Færðu vendigírsstöngina í hlutlausan (miðstaða).
4. Togaðu fríbil vírsins að enda hans.




1. Vír
2. Fríbil
3. Stilliró
4. Læsiró

5. Opnaðu læsiróna.
6. Stilltu fríbilið gegnum stilliróna þannig að það sé 1-2 mm.
7. Hertu læsiróna.

MIKILVÆGT: Þegar vír fyrir stöðuhemil er settur upp verður endinn sívalningsmegin að vera settur upp í samræmi við vökmörkin. Þetta ætti aðeins að framkvæma á viðurkenndu Valtra-verkstæði.

4.7.4.14 Skipt um olúsiur skiptingar

Skiptu reglubundið um olúsiur skiptingar.



1. Smursía skiptingar
2. Lágþrýstingssía skiptingarkerfisins


Olúsiurnar eru staðsettar hægra megin á dráttarvélinni undir stýrishúsinu. Smursían er gefin til kynna með textanum LUB á festistykkinu ofan á henni. Lágþrýstingssían er gefin til kynna með textanum TRANS á festistykkinu ofan á henni.

1. Settu hentugt flát undir síuna.
2. Hreinsaðu síuhúsið og svæðið umhverfis.
3. Fjarlægðu síuhúsið og síueininguna.
4. Þvoðu síuhúsið úr hreinu díseildsneyti.
5. Smyrðu þéttinguna á nýju síueiningunni.
6. Settu nýju síuna á sinn stað.
7. Settu síuhúsið aftur á.

Skrúfaðu húsið alla leið með hendinni og skrúfaðu síðan fjórðung úr hring til baka.

4.7.4.15 Skipt um olíusíu vökvakerfis

Skiptu reglulega um olíusíu vökvakerfisins.



1. Bakrennslisolíusía viðbótarvökvakerfis


Olíusíurnar eru staðsettar hægra megin á dráttarvélinni undir stýrishúsinu. Bakrennslisolíusían er merkt með HYD á festistykkinu ofan á henni.

1. Settu hentugt ílát undir síuna.
2. Hreinsaðu síuhúsið og svæðið umhverfis.
3. Fjarlægðu síuhúsið og síueininguna.
4. Þvoðu síuhúsið úr hreinu díseldsneyti.
5. Smyrðu þéttinguna á nýju síueiningunni.
6. Settu nýju eininguna á sinn stað.
7. Settu síuhúsið aftur á.

Skrúfaðu húsið alla leið með hendinni og skrúfaðu síðan fjórðung úr hring til baka.

4.7.4.16 Öndunarkerfi hreyfils athugað

Athugaðu öndunarkerfi hreyfils reglulega.




1. Öndunarpop

- Athugaðu að öndunaropið sé ekki stíflað.

4.7.4.17 Olíustaða á mismunadrifi framöxuls athuguð

Athugaðu reglulega olíustöðu á mismunadrifi framöxuls.




1. Könnunargat

1. Athugaðu að olían sé í flútti við könnunargatið.

2. Bættu á meiri olíu ef nauðsyn krefur.

4.7.4.18 Olíustaða á hjólnöfum framöxuls athuguð

Athugaðu reglubundið olíustöðu á hjólnöfum framöxuls.




1. Vísilína fyrir yfirborð olíu

1. Snúðu hjólinu þar til vísilína fyrir yfirborð olíu er lárétt.
2. Athugaðu að yfirborð olíu sé í flútti við gatið.
3. Bættu á meiri olíu ef nauðsyn krefur.

4.7.4.19 Skipt um olíu á aflúttakshúsi að framan og olíusía þvegin

Skiptu reglubundið um olíuna á aflúttakshúsi að framan og þvoðu olíusíuna.



1. Endaplata
2. Læsihringur
3. Þéttihringur
4. Sía
5. Olíustöðugat
6. Öndun
7. Festiskrúfa aflúttakshúss að framan

1. Opnaðu tappagat olíustöðu.
2. Tappaðu olíunni af með því að opna tvær festiskrúfur aflúttakshúss, neðan á húsinu.
3. Leystu síuna með því að losa læsihringinn og endaplötuna.
4. Hreinsaðu síuna með dísilolíu.
5. Þurrkaðu síuna með þrýstiloftri.
6. Tengdu síuna og hlutana í öfugri röð.
Athugaðu að þéttihringurinn passi í raufina á endaplötunni.
7. Hertu tvær festiskrúfur aflúttakshúss, neðan á húsinu.

8. Fylltu húsið af olíu upp að gatinu.


Hægt er að losa öndunina til að loftæma. Athugaðu að öndunin sé ekki stífluð. Þegar fyllt er á þarf dráttarvélin að standa á jafnsléttu.

9. Settu tappa í gat olíustöðu.

10. Notaðu aflúttakið að framan eitt augnablik og athugaðu olíuna.

4.7.4.20 Skipt um olíu á aflúttakshúsi að framan og þvottur olíusíu með tengibúnaði að framan sem snýst

Skiptu reglubundið um olíuna á aflúttakshúsi að framan og þvoðu olíusíuna.



- 1. Endaplata
- 2. Læsihringur
- 3. Þéttihringur
- 4. Sía
- 5. Olíustöðugat
- 6. Öndun
- 7. Festiskrúfa aflúttakshúss að framan


1. Opnaðu öndunina.

2. Tappaðu olíunni af með því að opna tvær festiskrúfur aflúttakshúss, neðan á húsinu.
3. Leystu síuna með því að losa læsihringinn og endaplötuna.
4. Hreinsaðu síuna með dísilolíu.
5. Þurrkaðu síuna með þrýstilofti.
6. Tengdu síuna og hlutana í öfugri röð.
Athugaðu að þéttihringurinn passi í raufina á endaplötunni.
7. Hertu tvær festiskrúfur aflúttakshúss, neðan á húsinu.
Hersluáttak fyrir skrúfurnar er 42 Nm.
8. Fylltu húsið af olíu upp að gatinu.
Hægt er að losa öndunina til að lofttæma. Athugaðu að öndunin sé ekki stífluð. Þegar fyllt er á þarf dráttarvélin að standa á jafnsléttu.
9. Notaðu aflúttakið að framan eitt augnablik og athugaðu olíuna.

4.7.4.21 Tengingar aflúttaks að framan athugaðar

Athugaðu tengingar aflúttaks að framan reglubundið.

- Athugaðu að allar festiskrúfur séu hertar.
- Athugaðu með slit í gúmmítengingunum.



1. Gúmmítenging

- Skiptu um gúmmítenginguna þegar þörf er á.
Mælt er með að láta viðurkennt Valtra-verkstæði skipta um tenginguna.

4.7.4.22 Loftþrýstingshemlakerfi vagns athugað og smurt


Athugaðu reglubundið og smyrðu loftþrýstingshemlakerfi vagns.

1. Smyrðu gúmmifleti hraðtengja vagnsins með Calcium LF feiti.
2. Athugaðu heildstæðni kerfisins.

Kerfið verður að vera loftþétt þannig að þrýstingurinn minnki ekki meira en 0,15 bör á 10 mínútum (2%) eftir að hreyfillinn er stöðvaður. Gerðu við leka þegar þess þarf.

4.7.4.23 Athuga sjálfvirka vatnstæmingu loftþrýstingskerfisins

Ef dráttarvélin er búin loftþrýstingskerfi (aukabúnaður) er þrýstiloftsgeymir undir stýrishúsinu. Ef dráttarvélin er búin lofthemlum (aukabúnaður) eru 2 þrýstiloftsgeymar undir stýrishúsinu. Geymarnir eru með sjálfvirka loka fyrir vatnstæmingu. Athuga verður virkni lokanna oft.



1. Þrýstiloftsgeymir loftþrýstingskerfis
2. Þrýstiloftsgeymir lofthemla
3. Sjálfvirkur vatnstæmingarloki

1. Ýttu rúnnuðum teini gegnum gatið í tæmingarlokanum.

MIKILVÆGT: Teinninn má ekki vera beittur vegna þess að hann getur skemmt lokann.


Ef loftið sem kemur út er laust við vatn virkar sjálfvirki vatnsaftöppunarlokinn rétt.

2. Ef vatn kemur út með loftinu skaltu ýta teininum gegnum gatið á lokanum þar til enginn þrýstingur er í geyminum.
3. Opnaðu lokann og hreinsaðu þéttinguna inni í honum.

4. Settu lokann aftur upp.
5. Ef lokinn virkar ekki rétt eftir hreinsun skal endurnýja hann.
6. Fylgdu sama verklagi við hinn þrýstiloftsgeyminn.

4.7.4.24 Fyllt á ílát frostlagar í loftþrýstingskerfi

Fylltu reglubundið á ílát frostlagar í loftþrýstingskerfi.



1. Ílát frostlagar í loftþrýstingskerfi

1. Fylltu á ílát frostlagar í loftþrýstingskerfi.

ATHUGASEMD: Notaðu frostlagarvökva á glýkól- eða alkóhól-grunni fyrir loftbúnað.

4.7.4.25 Ventlar hreyfils stilltir

Hafðu samband við viðurkennt Valtra-verkstæði til að láta stilla ventla hreyfilsins.

ATHUGASEMD: Stilla verður ventla hreyfils eftir 600 notkunarstundir. Eftir fyrstu stillingu skal stilla ventlana við 2400 klukkustundir og eftir það á 2400 klukkustunda fresti.

4.7.4.26 Hugbúnaður uppfærður og dráttarvélin kvörðuð

Hafðu samband við viðurkennt Valtra-verkstæði til að uppfæra hugbúnaðinn og kvarða dráttarvélin.


ATHUGASEMD: Uppfæra verður hugbúnaðinn og kvarða dráttarvélin eftir 600 notkunarstundir. Eftir fyrstu uppfærslu og kvörðun skal endurtaka leikinn við 1800 klukkustundir og eftir það á 1200 klukkustunda fresti.

4.7.5 Viðhald á 1200 klukkustunda fresti

4.7.5.1 Skipt um olíu á vökvakerfinu

Hægt er að nota bæði vökvakerfis- og skiptingarolíu í vökvakerfinu. Notkun skiptingarolíu er ráðlögð þar sem vökvakerfisolía kann að blandast olíum úr öðrum dráttarvélum gegnum áhöld og þar af leiðandi skemma aðrar dráttarvélar. Vökvakerfið er fyllt skiptingarolíu í verksmiðjunni.


1. Láttu dráttarvélin ganga og hækkaðu og lækkaðu vökvalyftuna (eða t.d. ámoksturstækin að framan) þar til olían er svolítið heit.
2. Hækkaðu tengibúnað að framan og lækkaðu ámoksturstæki að framan og tengibúnað að aftan.
Hámarks magn af olíu rennur aftur í vökvakerfisolíugeyminn.
3. Fjarlægðu tæmitappann undir húsinu.



1. Tæmitappi vökvakerfisolíu

4. Tappaðu olíunni af í hentugt ílát.
5. Hreinsaðu tappa og settu hann aftur í.
Endurnýjaðu koparskinnuna.


6. Fylltu aftur á dæluna gegnum vökvaendurstreymistengið.



1. Vökvaendurstreymistengi

Olían verður að fara í gegnum endurstreymissíuna svo engin óhreinindi komist inn í kerfið.

7. Athugaðu olíustöðuna á olíustöðumælinum.




1. Stöðumælir vökvakerfisolíu

Gakktu úr skugga um að eftir áfyllingu sé olíustaðan á milli lágmarks- og hámarksmerkjanna.

8. Ræstu hreyfilinn og athugaðu olíustöðuna.

4.7.5.2 Skipt um olíu á mismunadrifi framöxuls

Skiptu reglulega um olíu á mismunadrifi framöxuls.




1. Tæmitappi
2. Könnunargat

1. Losaðu tæmitappann.
2. Tappaðu olíunni af í hentugt ílát.
3. Hreinsaðu tappann og settu hann aftur í.
4. Fylltu á nýrri olíu gegnum könnunargatið upp að brún gatsins.

4.7.5.3 Skipt um olíu á hjólnöfum framöxuls

Skiptu reglulega um olíu á hjólnöfum framöxuls.



1. Könnunargat

1. Snúðu hjólinu þar til eftirlitsgatið vísar niður á við.
2. Losaðu tappann og tappaðu olíunni af í hentugt ílát.
3. Snúðu stýrinu þar til lína eftirlitsgatsins er lárétt.
4. Fylltu af olíu upp að gatinu.

5. Hreinsaðu tappann og settu hann aftur í.

4.7.5.4 Skipt um eldsneytissíuna


Skiptu reglubundið um eldsneytissíuna.

Notaðu alltaf upprunalegar AGCO-eldsneytissíur.

MIKILVÆGT: Notkun annarra eldsneytissía en upprunalegra, jafnvel í stuttan tíma, kann að valda minnkuðum afköstum og dýrum skemmdum.

ATHUGASEMD: Við sérstaklega rykugar eða kaldar aðstæður skal skipta um eldsneytissíu og forsíu á 600 klst. fresti.

1. Hreinsaðu síuna og umhverfi hennar.



1. Eldsneytissía

2. Snúðu eldsneytissíunni rangsælis og fjarlægðu hana úr festingunni.

Notaðu eldsneytissíulykil, pöntunarnúmer ACV0047940.

3. Smyrðu þéttihringina með eldsneyti.

4. Fylltu nýju síuna með eldsneyti.

Helltu eldsneytinu inn í ytri skel síunnar.

5. Hertu eldsneytissíuna með lyklinum ACV0047940 þar til plastkraginn snertir festinguna.

Lofttæmdu eldsneytiskerfið.


4.7.5.5 Skipt um eldsneytisforsíu

Skiptu reglubundið um eldsneytisforsíu.

Notaðu alltaf upprunalegar AGCO-eldsneytissíur.

MIKILVÆGT: Notkun annarra eldsneytissía en upprunalegra, jafnvel í stuttan tíma, kann að valda minnkuðum afköstum og dýrum skemmdum.

ATHUGASEMD: Við sérstaklega rykugar eða kaldar aðstæður skal skipta um eldsneytissíu og forsíu á 600 klst. fresti.



1. Eldsneytisforsía
2. Vatnsskynjari

1. Hreinsaðu síuna og umhverfi hennar.
2. Aftengdu vatnsskynjaravírin.
3. Settu hentugt ílát undir síuna.

MIKILVÆGT: Tappaðu ekki eldsneyti á jörðina!

4. Snúðu eldsneytissíunni rangsælis og fjarlægðu hana úr festingunni.
Notaðu eldsneytissíulykil, pöntunarnúmer ACV0047940.
5. Færðu vatnsskynjarann frá gömlu síunni á nýju síuna.
6. Smyrðu þéttihringina með eldsneyti.

7. Fylltu nýju síuna með eldsneyti.

Helltu eldsneytinu inn í ytri skel síunnar.


8. Hertu eldsneytissíuna með lyklinum ACV0047940 þar til plastkraginn snertir festinguna.

9. Tengdu vatnsskynjaravírin.

Lofttæmdu eldsneytiskerfið.

4.7.5.6 Skipt um loftsiur hreyfils

Skiptu reglubundið um aðalloftsíu og öryggissíu.



1. Aðalloftsía
2. Öryggisloftsía

Öryggissían verndar hreyfilinn ef aðalloftsían skemmist.

MIKILVÆGT: Láttu dráttarvélina aldrei ganga án öryggissíunnar.


ATHUGASEMD: Hreinsaðu ekki síurnar. Skiptu alltaf um síurnar í samræmi við viðhaldsáætlunina.

ATHUGASEMD: Við sérstaklega rykugar aðstæður verður að skipta oftar um loftsiur hreyfils.

ATHUGASEMD: Opnaðu ekki hlífina á loftsiuhúsinu nema það sé nauðsynlegt.

1. Opnaðu loftsiuhúsið.


2. Taktu aðalsíuna út.



1. Aðalloftsía

3. Fjarlægðu öryggissíuna.

MIKILVÆGT: Auðsýndu ytrustu aðgát þegar þú fjarlægir öryggissíuna svo að engin óhreinindi fari inn í inntaksrörið.



1. Öryggisloftsía

4. Athugaðu að þéttingar síanna séu í góðu ástandi

5. Athugaðu að þéttfletir loftsúhússins séu hreindir.

6. Settu nýju öryggissíuna aftur á sinn stað.

Gakktu úr skugga um að hún sé rétt staðsett í húsinu.

7. Settu nýju aðalsíuna á sinn stað.

Gakktu úr skugga um að hún sé rétt staðsett í húsinu.

8. Festu hlífina á loftsúhúsinu.

4.7.5.7 Skipt um öndun og aðalsíu aðfærslueiningar kerfisins Sértek af oxun með hvötum.

ATHUGASEMD: Við sérstaklega rykugar aðstæður verður að skipta oft um öndun fyrir kerfið Sértek oxun með hvötum.


MIKILVÆGT: Athuga verður hvort sprungur séu á svæðinu í kringum síuhlífina. Engar sprungur eru leyfðar í efninu. Ef sprungur eru í húsinu verður að endurnýja alla aðfærslueininguna. Ef sprungur eru í síuhlífinni verður að endurnýja hana.

MIKILVÆGT: Allir þéttifletir á síuhlífinni, jöfnunareiningunni, síueiningunni og húsi aðfærslueiningar verða að vera algjörlega hreinir og óskemmdir.

MIKILVÆGT: Ekki skal setja notaða eða blauta síu upp í jöfnunareiningunni. Hætta á skemmdum á hreyfli og léleg síun.

MIKILVÆGT: Ekki skal nota jarð- eða sílikonolíur eða feiti þegar síuþéttingarnar eru settar saman. Allar þéttingar eru með húð sem ekki loðir við.

1. Skiptu um öndunina.




1. Festiskrúfa
2. Öndun

Losaðu festiskrúfuna og togaðu öndunina til hliðar. Settu öndunina á aftur eftir skipti og hertu festiskrúfuna.

4. Viðhald

2. Opnaðu þrepin.




1. Festiskrúfa

Losaðu festiskrúfurnar tvær.

3. Hreinsaðu síuhlífina og umhverfi hennar.

4. Fjarlægðu síuhlífina.



1. Sía
2. Jöfnunareining
3. Síuhlíf

Notaðu 27 mm lykil.

5. Togaðu út síuhlutana.

6. Settu í nýju síueiningarnar.

7. Settu síuhlífina á.

Hersluátakið er 20-25 Nm.

8. Lokaðu þrepunum.

Festu þrepin með festiskrúfunum tveimur.

4.7.5.8 Athuga innskeifni framhjóra

Athugaðu reglulega innskeifni framhjóra.

1. Gerðu lóðrétt merki á afturbrún beggja hjólbarða að framan, í miðju mynstrinu í flútti við hjólnafirnar.
2. Mældu fjarlægðina á milli merkjanna.
3. Láttu dráttarvélina rúlla áfram þannig að merkin séu aftur í flútti við hjólnafirnar, í þetta sinn við fremri brúnina.
4. Mældu aftur fjarlægðina á milli merkjanna.
Mælingin verður að vera 0-2 mm stærri við aftari brúnina.
5. Stilltu innskeifnina ef nauðsyn krefur.


4.7.5.9 Innskeifni framhjóra stillt

Stilltu innskeifni framhjóra ef þörf er á.

Áður en þú stillir innskeifnina skaltu athuga að það sé ekkert hlaup í kúluliðum stýrisarmsins og millistangarinnar.

ATHUGASEMD: Til að takmarka ekki hreyfingu stýringar verður að stilla báðar tengistengur.

1. Miðjustilltu hjólin.
2. Losaðu læsiró millistangar.



1. Læsiró
2. Stilliskrúfa

3. Snúðu stilliskrúfunni í rétta átt.
4. Mældu báðar millistengur.


MIKILVÆGT: Báðar tengistengurnar verða að vera af sömu lengd eftir stillinguna.

5. Hertu læsiróna þegar réttu bili hefur verið náð.
6. Athugaðu innskeifnina.

4.7.5.10 Skipt um öndun vökvabúnaðar

Skiptu reglulega um öndun vökvabúnaðar.

MIKILVÆGT: Ef dráttarvélin er notuð stöðugt við rykugar aðstæður verður að skipta oft um öndunina.



1. Öndun vökvabúnaðar
2. Festingarær öndunar vökvabúnaðar
3. Slanga fyrir öndun vökvabúnaðar

1. Losaðu festingarrær öndunar vökvabúnaðar.
2. Togaðu festingu öndunar vökvabúnaðar til hliðar.
Hægt er að toga öndun vökvabúnaðar til hliðar frá slöngu fyrir öndun vökvabúnaðar.
3. Losaðu gömlu öndunina.
4. Hertu öndunina með hendinni.
5. Festu festingu öndunar vökvabúnaðar.
6. Hertu festingarrær öndunar vökvabúnaðar.
Hersluátak fyrir rærnar er 10 Nm.

4.7.5.11 Virkni vendigírs athuguð

Hafðu samband við viðurkennt Valtra-verkstæði til að láta athuga virkni vendigírs.
ATHUGASEMD: Athuga verður virkni vendigírs eftir 1200 vinnustundir.


4.7.6 Viðhald á 2400 klukkustunda fresti

4.7.6.1 Skipt um olíu á skiptingarkerfinu

Skiptu reglulega um olíu á skiptingarkerfi.


1. Láttu dráttarvélina ganga þar til olían í skiptingarkerfinu er heit.
Þetta hraðar aftöppun olíunnar og mestöll óhreinindin koma út með olíunni.

2. Fjarlægðu tæmitappana undir gírkassanum og ásdrifunum.



1. Tæmitappar ásdrifa
2. Tæmitappi gírkassa

3. Tappaðu olíunni af í hentugt ílát.
4. Hreinsaðu tappa og settu þá aftur í.
5. Hreinsa sogsigtíð.
6. Skiptu um olíusúr skiptingar.
7. Bættu á olíu gegnum áfyllingarlokið.



1. Olíuáfyllingartappi skiptingar
2. Olíustöðumælir skiptingar


8. Athugaðu að olíustaðan sé á milli merkjanna.

9. Ræstu hreyfilinn og athugaðu olíustöðuna.

4.7.6.2 Skipt um öndun skiptingar

Skiptu reglulega um öndun skiptingar.

MIKILVÆGT: Ef dráttarvél er notuð stöðugt við rykugar aðstæður verður að skipta oftar um öndunina.




1. Öndun

1. Losaðu gömlu öndunina.
2. Smyrðu þéttinguna á nýju önduninni.
3. Hertu öndunina með hendinni.

4.7.6.3 Sogsigtið hreinsað

Tappaðu olíunni af skiptingunni.




1. Hlíf sogsigtis
2. Sogsigti

1. Fjarlægðu hlíf sogsigtis.
2. Þurrkaðu alla olíu sem hefur runnið niður á undirvagninn.
3. Hreinsaðu sogsigtið í díseldsneyti.
Endurnýjaðu sogsigtið ef það er skemmt.
4. Þurrkaðu sogsigtið með þrýstilofti.
5. Settu aftur í sogsigti, pakkingar og hlíf.

Fylltu skiptinguna af olíu.

4.7.6.4 Hemlakerfið lofttæmt


Hemlakerfið notar sömu olíu og skiptingarkerfið. Ekki er skipt um olíuna í hemlarásunum þegar skipt er um olíu á skiptingunni. Þar að leiðandi verður að skipta um olíuna í hemlarásinni með lofttæmingu eftir hver skipti á skiptingarolíunni. Einnig verður að fylla á kerfið og lofttæma það á sama hátt þegar gert er við.



1. Lofttæminippill hemladælu dráttarvélar
2. Lofttæminippill vökvahemlaloða dráttarvélar fyrir vagn

Báðar hemlafótstigsrásir hemladælu dráttarvélar, hægri og vinstri, eru með sinn eigin lofttæminippil. Niplarnir eru settir á lofttæmiplötu ofan á vinstra öxulhúsi.


Nippill vökvahemlaloða dráttarvélar fyrir vagn (aukabúnaður) er einnig settur á lofttæmiplötuna ofan á vinstra öxulhúsi.



1. Lofttæminippill fyrir loftþrýstingshemla vagns

Stjórnlokin fyrir loftþrýstingshemla vagns (aukabúnaður) er staðsettur hægra megin undir stýrishúsinu á loftþrýstingsgeyminum.

1. Tengdu vagn eða hraðtengi með tappa við hraðtenginguna fyrir vökvahemla vagnsins (valkvætt).



1. Hraðtengi fyrir hemla vagns (ISO 5676)



HÆTTA: Hraðtengið fyrir vökvahemla vagns verður að vera tengt þegar hemlarnir eru lofttæmdir. Ef hraðtengið er ekki tengt lofttæmast hemlarnir ekki. Þetta veldur því að hemlarnir bila.

2. Ræstu dráttarvélina og láttu hana ganga í um það bil þrjár mínútur. Þetta tryggir að olía úr dælunni er fullkomlega laus við loft.
3. Læstu saman hemlafótstigunum.
4. Opnaðu lofttæminiplana.
Ráðlagt er að nota slöngur frá lofttæminiplunum í hentugt ílát.
ATHUGASEMD: Láttu olíuna ekki renna á jörðina.
5. Dældu hægt með fótstigunum þar til það eru engar loftbólur í olfunni.
6. Lokaðu lofttæminiplunum.
7. Athugaðu að fríhreyfing fótstigs sé sú sama á báðum hjólum.
Athugaðu fríhreyfinguna á akstri með fótstigin krækt saman.
8. Athugaðu fríhreyfinguna á fótstigi afturhemla.
Kerfi fyrir akstur afturábak er aukabúnaður.

4.7.6.5 Kælikerfið athugað

Athugaðu kælikerfið reglulega.

ATHUGASEMD: Hreinsaðu kælikerfið og skiptu reglulega um kælivökva.

- Skiptu um rauða kælivökvann (ASTM D6210 Type I-FF (OAT-tækni)) á 5 ára fresti.
- Skiptu um bláa kælivökvann (ASTM D3306) á 2 ára fresti.

Ef vandamál koma upp með kælikerfið getur það verið merki um að hreinsa þurfi allt kerfið vandlega.

1. Athugaðu frostmark kælivökvans.

2. Ef frostmarkið er of hátt skaltu tappa af svolitlu af kælivökvanum og bæta á frostlegi.
3. Láttu hreyfilinn ganga um stund.
4. Athugaðu aftur frostmark kælivökvens.


4.7.6.6 Kælikerfið hreinsað

ATHUGASEMD: Hreinsaðu kælikerfið og skiptu reglulega um kælivökva.

- Skiptu um rauða kælivökvan (ASTM D6210 Type I-FF (OAT-tækni)) á 5 ára fresti.
- Skiptu um bláa kælivökvan (ASTM D3306) á 2 ára fresti.

Ef vandamál koma upp með kælikerfið getur það verið merki um að hreinsa þurfi allt kerfið vandlega.

1. Stöðvaðu hreyfilinn.
2. Opnaðu lokið á þenslutankinum.




1. Lok á þenslutankinum
2. Stöðumerki fyrir kaldan vökva



VIÐVÖRUN: Opnaðu lokið á þenslutankinum varlega. Þegar dráttarvélin er í gangi er 1,0 bars yfirþrýstingur á þenslutankinum.


3. Tengdu slöngu frá tæmihana vatnskassans í hreint flát og opnaðu tappann.



1. Tæmihani vatnskassa

4. Opnaðu tæmihanann á strokkblokkinni og opnaðu tæmitappann á olúkælinum.

MIKILVÆGT: Tappaðu ekki kælivökva á jörðina!




1. Tæmihani á strokkblokkinni
2. Tæmitappi olúkælisins

Kælirinn er staðsettur á milli hreyfilblokkar og olíusíu.

5. Snúðu hitastýringunni í stýrishúsinu réttisælis.

6. Tappaðu af kælivökvaðælunni með því að snúa hreyflinum nokkra snúninga með fjarlægða tæmitappa.
7. Hreinsaðu kælikerfið með sérstöku hreinsiefni sem fánlegt er hjá söluaðilanum.
Fylgdu leiðbeiningum framleiðandans.
8. Lokaðu tæmihana vatnskassans.
9. Lokaðu tæmihana strokksamstæðunnar.
10. Lokaðu tæmitappa olfukælisins.
11. Losaðu slönguna sem sett er á milli hitastillishússins og þenslutanksins.



1. Slanga

12. Athugaðu að gatið á takmarkaranum (\varnothing um 2 mm) í múffutenginu sé opið.
13. Festu slönguna aftur.
14. Fylltu kerfið að vökvastöðumerkinu á þenslutankinum.

Blandaðu saman frostlegi og vatni í samræmi við leiðbeiningar framleiðandans.

ATHUGASEMD: Notaðu alltaf ráðlagðan kælivökva.

MIKILVÆGT: Fylltu aldrei á með köldum vökva þegar hreyfillinn er heitur.

MIKILVÆGT: Notaðu aldrei aðeins vatn sem kælivökva.

Þegar skipt hefur verið um vökvann skaltu láta hreyfilinn ganga um stund og athugaðu stöðu vökvans.

4.7.6.7 Loftræstingunni viðhaldið

Haltu loftræstingunni reglubundið við.

MIKILVÆGT: Ef loftræstingarkerfið hefur ekki verið notað í einhvern tíma skal losa þjöppuna fyrir ræsingu hreyfilsins með því að snúa reimskífurónni með lykli.



VIÐVÖRUN: Reyndu ekki að fjarlægja neinn hluta loftræstingarkerfisins.

ATHUGASEMD: Gakktu úr skugga um að þjappan fari í gang. Við lágt hitastig kemur hitastillirinn í veg fyrir að þjappan fari í gang.

- Reyndu ekki að gera við loftræstingarkerfið.
Hafðu samband við viðurkennt Valtra-verkstæði ef vandamál kemur upp.
- Hreinsaðu eimsvalann með reglulegu millibili til að fjarlægja ryk, skordýr og aðrar agnir.
- Athugaðu að það sé enginn leki frá eimsvala, eimi, slöngum og tengjum.
- Athugaðu hreinleika úttaksrörs þéttingarrörs.
- Forðastu snertingu við kælimiðilinn.



VARÚÐ: Ef kælimiðill lendir í augum þínum skaltu samstundis hafa samband við lækni. Ekki skal logsjóða nálægt loftræstingarkerfinu, þar sem eittraðar lofttegundir kunna að losna. Hámarks leyfilegur umhverfishiti fyrir rör kælimiðils er 80°C.

- Ef loftræstingin virkar ekki almennilega skaltu hafa samband við viðurkennt Valtra-verkstæði vegna athugunar á kerfinu.

4.8 Athuganir og stillingar

4.8.1 Skipt um hjólbarða



VARÚÐ: Þegar diskarnir eru logsoðnir verður að taka hjólbarðana af felgunni/diskinum. Hætta er á sprengingu.

Þegar þú velur hjólbarða skaltu alltaf hafa samband við söluaðilann til að tryggja rétt skiptingarhlutfall fyrir fjórhjóladrif (4WD).

1. Skiptu um hjólbarðana.

MIKILVÆGT: Skiptu um hjólbarða og felgur á faglegu hjólbarðaverkstæði.


2. Athugaðu loftþrýsting í hjólbörðum.
3. Þegar stærri hjólbarðar eru settir að framan skaltu athugga og stilla beygjuhorn báðum megin með hámarkshalla framöxulsins.
4. Settu færíbreytu fyrir hjólbarða.
5. Kvarðaðu hraðaskynjarana.
6. Hertu felgurærnar eftir nokkurra klukkustunda akstur.


4.8.1.1 Færibreyta fyrir hjólbarða stillt

Þú getur stillt færibreytu fyrir hjólbarða í samræmi við óskir þínar gegnum stillingar skjás á A-stoð.

Vísirinn ákvarðar kvörðun tækisins á hjólbörðunum. Gildissviðið er á milli 700... 1000.


ATHUGASEMD: Ef hjólbarðar af annarri stærð eru settir á dráttarvélina eftir afhendingu verður að endursetja færibreytu hjólbarða.

1. Ýttu á  til að virkja skjáinn á A-stoðinni
2. Ýttu á **SET** til að fara í stillingarvalmyndina.



Text "Ind" is shown.


3. Ýttu á **SET** til að fara í atriðalistann.





Fyrri helmingur neðstu línunnar logar til að gefa til kynna að færibreytunúmerið sé sýnt.

4. Viðhald

4. Ýttu á upp-örina eða niður-örina til að velja færribreytuna sem á að breyta. Færribreytunúmerið fyrir færribreytu hjólbarða er 1.
5. Ýttu á **SET**.



Seinni helmingur neðstu línunnar logar til að gefa til kynna að gildi færribreytu sé sýnt.

6. Ýttu á upp-örina eða niður-örina til að breyta gildi færribreytunnar.
7. Ýttu á  til að vista gildið.
8. Ýttu á  til að fara úr stillingavalmynd og vista allar breytingar.

4.8.1.2 Færribreytur hjólbarða

Hjólbarði	Gildi færribreytu
18.4R38 MICHELIN AGRIBIB	837
18.4-38/14 NOKIAN TR FOREST	820
20.8R38 MICHELIN AGRIBIB	871
20.8-38/14 NOKIAN TR FOREST	859
460/85R38 MITAS AC85	840
460/85R38 TRELLEBORG TM600	837
520/70R38 MITAS HC70	833
520/70R38 MICHELIN OMNIBIB	832
520/70R38 TRELLEBORG TM700	820
520/85R38 MITAS AC85	878
520/85R38 TRELLEBORG TM600	877
540/65R38 MITAS AC65	799
540/65R38 MICHELIN MULTIBIB	790
540/65R38 TRELLEBORG TM800	797
540/80R38 NOKIAN TRI2	880
580/70R38 MITAS HC70	875
580/70R38 MICHELIN OMNIBIB	866
580/70R38 TRELLEBORG TM700	856

Tafla heldur áfram á næstu síðu

Hjólbarði	Gildi færíbreytu
600/65R38 MITAS AC65	836
600/65R38 MITAS SST	830
600/65R38 MICHELIN MULTIBIB	832
600/65R38 TRELLEBORG TM800	829
600/65R38 NOKIAN MULTIPLUS	842
650/60R38 MICHELIN XEOBIB	813
650/65R38 MITAS AC65	862
650/65R38 MITAS SST	863
650/65R38 MICHELIN MULTIBIB	856
650/65R38 TRELLEBORG TM800	859
650/65R38 TRI2 NOKIAN	877
650/65R38 MULTIPLUS NOKIAN	874
650/65R38 NOKIAN FOREST RIDER	878
710/60R38 MICHELIN XEOBIB	852

ATHUGASEMD:

Ef dráttarvélín er á hjólbörðum sem ekki eru taldir upp í töflunni er hægt að reikna færíbreytu hjólbarðans með eftirfarandi formúlu:

$$X = Y / (2\pi)$$

X = Færíbreyta hjólbarða

Y = Veltiummál hjólbarða

Dæmi:

Veltiummál hjólbarðans er 5420 mm.

$$X = 5420 / (2\pi) = 863$$

Færíbreyta hjólbarða fyrir hjólbarðann er 863.

4.8.2 Sporvíddir

Sporvíddin er mæld á milli miðju hjólbarðanna. Ef þörf er á skal stilla sporvíddirnar.

MIKILVÆGT: Hámarks leyfileg breidd dráttarvélarinnar er 2550 mm (ef meiri breidd er ekki leyfð í landinu).

Við margskonar vinnuáðstæður er ráðlegt að stilla sporvídd þannig að förin sem hjólbarðarnir að framan mynda séu hulin af förinum eftir hjólbarðana að aftan.

Þegar mjó sporvídd er notuð fyrir afturöxulinn skaltu athuga að beislisarmarnir snerti ekki hjólbarðana. Þegar þörf er á skal læsa hliðarstillunum.

MIKILVÆGT: Samkvæmt tilskipunum ESB er minnsta leyfilega bil á milli hliðar hjólbarða og aurhlífar 40 mm og 60 mm á milli efsta flatar hjólbarða og aurhlífar.

4.8.2.1 Sporvíddir framöxuls

Sporvíddir framöxuls (í mm) eru taldar upp í eftirfarandi töflum.

Stillanlegir diskar

440/65R28, 16.9R28, 420/70R28, 420/85R28, 480/70R28, 480/65R28	2045	1735	1645	1930	1840	–	2135 ¹⁾
14.9R28, 380/85R28	2045	1735	1645	1930	1840	–	2135
520/60R28, 540/65R28	2045 ¹⁾	1735	1645	1930	1840	–	2135 ¹⁾
13.6R24, 420/70R24, 440/65R24, 480/65R24	1963	1854	1763	1814	1723	–	2054

1) Heildarbreidd ökutækis meiri en 2550 mm

Fastir diskar

		Sporvídd	Loki
14.9R28, 16.9R28, 380/85R28, 420/85R28, 540/65R28, 440/80R28, 500/65R28	Staðalbúnaður	1840	Að innan
	Hjóli snúið við	1746	Að utan
600/60R28	Staðalbúnaður	1916	Að innan
	Hjóli snúið við	1666	Að utan
600/60R28 (Forest Rider)	Staðalbúnaður	1876	Að innan
	Hjóli snúið við	1703	Að utan
13.6-24/10, 14.9-24/14, 400/80R24	Staðalbúnaður	1840	Að innan
